

SHALDOR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Tómstundir
og útivist



Innri friður

Með því að leita inn á við geta
allir fundið frið, segir andlegi
leiðtogiinn Prajnaparamita.

allt 2



FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur

7. september 2010
209. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



Mikill hugsjónamaður

Séra Árelíusar Níelssonar
mínst á aldarafmælinu.

tímamót 16

Gleym mér ei

Jónas Sen fór á afmælis-
tónleika Sigfúsar Halldór-
sonar í Salnum.

menning 20




Seljum okkur dýrt

Ólafur Jóhannesson
landslíðsþjálfari segir
landslíðið ætla að berjast
grimmilega gegn Dönum.

sport 26

veðrið í dag



LÉTTIR TIL MEÐ DEGINUM Í dag
má búast við suðaustan strekkingi
eða allhvössum vindi sunnan til en
hægari vindi annars staðar. Súld
á stöku stað V-lands og SA-til en
birtir heldur til er líður á daginn.

VEÐUR 4

Fréttablaðið er með **201%**
meiri lestur en Morgunblaðið.

74,9%



24,9%



MORGUNBLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið,
18-49 ára. Könnun Capacent í maí til júlí 2010.

Stóreflt skatteftirlit skilaði milljörðum

Ríkisskattstjóri telur að skattsvik séu vanmetin. Umfang skattsvika er metið 40 til 60 milljarðar síðustu tvö ár. Eftirlitsfulltrúum verður fjölgað í á fimmta tug.

SKATTAMÁL Stóreflt skatteftirlit skilaði á fjórða milljarð króna í ríkisskassann í fyrra. Ríkisskattstjóri hefur fengið aukafjárveitingu til að fjölga eftirlitsfulltrúum sem verða á fimmta tug þegar ráðningarferlinu lýkur.

Skattsvik hér á landi eru áætluð á bilinu 8,5 til 11,5 prósent af heildarskatttekjum ríkis og sveitarfélaga. Svört atvinnustarfsemi er talin vera fimm til átta prósent af þeirri tölu og skattsvik vegna erlendra samskipta eitt til eitt og hálf prósent. Árið 2008 er talið að svikin hafi numið 45 til 60 milljörðum. Árið 2009 er tap hins opinbera metið á 40 til 53 milljarða, samkvæmt opinberum tölum sem byggja á viðamikilli úttekt á umsvifum skattsvika frá árinu 2004.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri telur að skattsvikin séu

40 milljarðar eru talin neðri mörk áætlaðra skattsvika á ári. Tap ríkis og sveitarfélaga gæti numið allt að 60 milljörðum króna.

þó vanmetin. „Það er alveg ljóst að í þessari útrás sem var hér fyrir nokkrum árum fór ýmislegt fram hjá okkur. Þær upplýsingar sem hafa komið fram á undanförunum misserum, til dæmis skýrsla rannsóknarnefndarinnar, styðja það allt.“ Skúli treystir sér ekki til að meta hversu mikið vanmat stjórnvalda er.

Skúli segir að markmið embættisins sé að tryggja rétta skattalagningu ríkissjóðs og sveitarfélaga. „Við höfum gengið mjög

langt í því að herða skatteftirlit á síðastliðnum tveimur árum og höfum fengið viðbótarfjárveitingu til að auka það eftirlit enn.“ Á þessu ári hefur eftirlitsfulltrúum verið fjölgað um sjö og fleiri munu bæst við á þessu ári. Mannafli í skatteftirliti verður því á fimmta tug sem Skúli telur viðunandi.

Hlutverk ríkisskattstjóra er að tryggja álagningu opinberra gjalda. Hlutverk embættis skattrannsóknastjóra hins vegar er að annast rannsóknir skattsvikamála og upplýsa skattsvik og önnur skattalagabrot. Starfsmönnum embættisins hefur verið fjölgað úr 21 í 31 á þessu ári.

Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknastjóri segir að á mála-skrá embættisins séu um 300 mál og „tugir mála í farvatninu“. Mörg þessara mála tengjast aflandsfélögum.

- shá



HEIMSMETHAFI Edward Nino Hernandez er minnsti maður í heimi... í bili.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hamingjusamur methafi:
**70 cm dansari
minnstur allra**

FÓLK Edward Nino Hernandez var á dögnum útnefndur minnsti maður í heimi í heimsmetabók Guinness.

Þessi 24 ára gamli Kólumbíumaður er aðeins 70 sentimetrar á hæð, vegur rétt um 10 kíló og vinnur fyrir sér sem dansari.

Hann heldur titlinum þó varla lengi því Nepalbúinn Khagendra Thapa Magar er aðeins 56 sentimetrar á hæð og verður viðurkenndur af Guinness þegar hann verður 18 ára í næsta mánuði.

Hernandez nýtur þó sviðsljóssins eins og er. „Ég er hamingjusamur því að ég er einstakur,“ segir hann.

- þj

Nýr veitingastaður við höfnina:
**Jómfrúarmenn
á leið í Hörpu**

FÓLK Jakob Jakobsson veitingamaður á Jómfrúnni í Lækjargötu mun reka veitingastað í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpunni sem nú rís við höfnina. Eiginmaður Jakobs, Guðmundur Sigurjónsson, og sonur hans, Jakob Einar Jakobs-son, koma einnig að staðnum.

„Aðdáendur Jómfrúarinnar geta alveg verið rólegir, hún verður áfram á sínum stað og í okkar höndum,“ segir Jakob Einar í samtali við Fréttablaðið. Hann segir veitingastaðinn ekki eiga að vera útibú frá Jómfrúnni heldur verði þetta algjörlega nýr staður.

- fgg / sjá síðu 30



HJÓLAÐ Í LAUGARDALNUM Þrátt fyrir vætu á suðvesturhorninu að undanförunu er engin ástæða til að leggja hjólinu. Mikið annríki er hjá reiðhjólaverslunum og -verkstæðum allan ársins hring og hjólreiðafólk lætur veðrið ekki á sig fá, eins og sést á þessari mynd sem var tekin í Laugardalnum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Annir hafa aukist umtalsvert á reiðhjólaverkstæðum síðustu tvö árin:

Reiðhjól eru vinsæll fararskjóti

SAMGÖNGUR Reiðhjólaverkstæði hafa vart undan að þjónusta viðskiptavini sína og eru dæmi um að annir hafi aukist um allt að fjörutíu prósent síðustu tvö árin.

„Við sjáum þetta vel á verkstæðinu sem áður stóð ekki undir sér yfir vetrartímann en

er nú fullt allan ársins hring,“ segir Ragnar Ingólfsson, sölustjóri hjá Erninum. Forsvarsmenn annarra reiðhjólaverslana og -verkstæða á höfuðborgarsvæðinu hafa svipaða sögu að segja.

Þá hefur sala á ýmsum varahlutum fyrir reiðhjól að sama

skapi stóraukist. Einkum er um að ræða búnað sem tengist sliti reiðhjóla, svo sem tannhjól og dekk. Þykir þetta vera óyggjandi vísbending um að landsmenn séu í stórauknum mæli farnir að nota hjól sem samgöngutæki allt árið um kring.

- jma / sjá Tómsundir og útivist

Pizza toppur
Rífandi góður á:
Pastaréttinn
Pizzuna
Ofnréttinn
Tvær pakkningar í einni: 2x90g
www.ostahusid.is

SAFERAN
JÓGURTSÓSA
1,1% FITA
Holl og framandi
Ný krydduð jóгурtsósa
- einungis 1,1% fituinnihaldi.
MJÓLKA



Ólafur, ertu stór í Kína?

Ég er 1,87 á hæð og alla vegana eitthvað yfir meðallagi.

Ólafur Arnalds tónlistarmaður spilar á heimssýningunni í Shanghæ á föstudag, en hann nýtur nokkurra vinsælda þar í landi.

Nýr gagnrýnandi hefur störf: Jónas Sen skrifar um tónlist

MENNING Jónas Sen, tónlistarmaður og gagnrýnandi, hefur gengið til liðs við Fréttablaðið og mun eftirleiðis skrifa reglulegar greinar um tónlist og tónleika.

Í fyrstu grein sinni í dag, skrifar Jónas um afmælistónleika Sigfúsar Halldórssonar í Salnum í Kópavogi.

Jónas hefur skrifað tónlistargagnrýni fyrir ýmis dagblöð frá árinu 1993 og stýrt sjónvarpsþáttum um tónlist. Hann lék á hljómborð á tónleikaferðalagi Bjarkar Guðmundsdóttur 2007 og 2008.

Fréttablaðið býður Jónas velkominn til starfa. - bs / sjá síðu 20

Jóhanna heimsækir Færeyjar: Vill ekki snæða með Jóhönnu

FÆREYJAR Jóhanna Sigurðardóttir hélt í gær í opinbera heimsókn til Færeyja.

Á færeyska vefnum Vagaportalurinn kemur fram að heimsókn Jóhönnu fari mjög fyrir brjósti á Jónas Rana, formanni Miðjuflokksins í Færeyjum og þingmanni á Lögþinginu. Vegna kynhneigðar Jóhönnu hefur hann neitað að mæta til kvöldverðarboðs sem Kaj Leo Johannesen, lögmaður Færeyja, hefur boðið til með Jóhönnu og Jóninu Leósdóttur. Jónas segir að heimsókn Jóhönnu og eiginkonu hennar sé beinlínis ögrun og alls ekki í takti við kennisetningar Biblíunnar.

Í heimsókninni mun Jóhanna funda með lögmanni Færeyja, hitta færeysku ríkisstjórnina og kynna sér menningu og sögu Færeyja. - jhh

Tveir fimmtán ára piltar fundu hníf sem talinn er vera morðvopnið í Hafnarfirði:

Gunnar Rúnar látinn vísa á muni

LÖGREGLUMÁL Gunnar Rúnar Sigurþórsson, sem játaði á laugardag að hafa orðið Hannesi Þór Helgasyni að bana, var látinn sýna lögreglu hvar hann hefði hent munum sem tengjast manndrápinu. Hann vísaði á smábátahöfnina í bænum.

Auk fatnaðar, sem kafarar frá sérsveit ríkislögreglustjóra fundu í höfninni, hefur nú komið í leitirnar hnífur sem svipar til þess sem notaður var við verknaðinn.

Það voru tveir fimmtán ára piltar sem gáfu sig fram við lögreglu um helgina og framvísuðu hnífi sem þeir höfðu fundið í smábáta-



KAFARAR Leit hefur verið hætt í smábátahöfninni í Hafnarfirði.

höfninni í Hafnarfirði. Þeir munu hafa fundið hnífinn fyrir nokkrum dögum og tekið hann til handar-

gagns. Ekki áttuðu þeir sig á mögulegum tengslum við rannsóknina á morðinu á Hannesi Þór Helgasyni fyrr en þeir fréttu af því að kafarar lögreglu væru við leit að morðvopninu í smábátahöfninni.

Hnífurinn, sem svarar vel til lýsingar og hugmynda sem lögreglan hefur af morðvopninu, verður sendur á rannsóknarstofu lögregluvalda í Svíþjóð til rannsóknar. Niðurstaða þeirrar rannsóknar mun síðan skera úr um hvort hnífurinn tengist málinu. Þá er von á niðurstöðum hlutasýna sem send voru út í vikunni. - jss

Rekstur Landspítalans:

Lækkuð laun skila milljarði

HEILBRIGÐISMÁL Tekist hefur að lækka launakostnað Landspítalans um tæpan milljarð á fyrstu átta mánuðum þessa árs borið saman við rekstur spítalans árið 2009.

Þetta kemur fram í mánuðagspistli Björns Zoëga, forstjóra LSH. Spítalinn hefur sparað um tíu prósent í rafmagnsnotkun, fjórtán prósent í heitu vatni, 33 prósent í pappír, þrjátíu prósent í blekhyllkjum í prentara og annað eins í einnota eldhúshöldum, að því er kemur fram í pistli forstjórans. - shá

Vissara að slökkva á viðkvæmum tækjum

Purft gæti nokkrar tilraunir til að koma á rafmagni á ný fari það á stórum svæðum. Þá er vissara að hafa aðgát vegna viðkvæmra raftækja. Nokkuð hefur verið um að fólk leiti til tryggingafélaga með biluð tæki eftir truflanir nýverið.

NEYTENDAMÁL Alla jafna er orðið of seint að bregðast við þegar almennir notendur verða varir við rafmagnstruflanir, að sögn Sigurðar Geirssonar, skólastjóra Rafiðnaðarskólans. Flökt á ljós-um getur til að mynda verið merki um truflun í rafkerfinu. Í síðustu viku olli truflun hjá Norðráli á Grundartanga keðjuverkandi áhrifum sem komu fram sem flökt í spennu um land allt og rafmagnsleysi á nokkrum stöðum.

Fari rafmagn alveg af segir Sigurður að ráðlegt kunni hins vegar að vera að slökkva alveg á viðkvæmum tækjum, svo sem tölvum, ísskápum og sjónvarpstækjum. „Þegar svona bilanir verða gerist það stundum þegar rafmagn er sett inn aftur að það dettur kannski út tvisvar til þrisvar sinnum áður en það kemur inn.“ Þetta segir hann að gerist vegna þess álags sem verður á kerfinu þegar koma þarf aftur strami á stór svæði.

Þá segir Sigurður rétt að hafa vara á í þrumu- og eldingaveðrum og slökkva á raftækjum sem viðvæm eru fyrir spennusveiflum. Annars segir Sigurður að framleiðendur raftækja geri almennt ráð fyrir því að þau þurfi að þola einhverjar sveiflur og því í raun ekki svo algengt að þau bili þótt smáflökt verði á rafmagninu. Hins vegar kunni slíkt flökt að verða til þess að notendur fari að huga að tækjum sínum og veiti þá jafnvel athygli bilunum sem þegar hafi verið til staðar, en tengi þær ranglega rafmagnsbiluninni.

Frá því var greint í Fréttablaðinu í gær að á milli 30 og 40 tilkynningar um bilanir í raftækjum



RAFTÆKJAVERSLUN Framleiðendur raftækja gera alla jafna ráð fyrir því að þau þurfi að þola einhverjar spennusveiflur. Þau eru þó misviðkvæm. Eitthvað hefur verið um að ísskápar og tölvur hafi bilað eftir truflun sem varð í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

sem raktar hafi verið til straumflöxtsins í síðustu viku hafi skilad sér til tryggingafélagsins VÍS. Tjón hafi orðið á tölvum og fleiri raftækjum.

Ólafur Haukur Ólafsson, deildarstjóri í tjónaþjónustu Tryggingamiðstöðvarinnar, segir að þar hafi til þessa komið tíu tilkynningar, allt vegna ísskápa sem hafi bilað. „Þetta er því ekki í stórum stíl,“ segir hann. Áður hafi viðkvæmustu tækin í slíkum aðstæðum oft reynst vera ljósritunarvélar, fax-

tæki og símsstöðvar fyrir þráðlausa síma.

Hjá Sjóvá lágu ekki fyrir upplýsingar um fjölda tilkynninga um tjón vegna straumrofsins fyrir helgi.

Í verslunum sem selja tölvur og jafnartæki er hægt að kaupa varaafgjafa sem jafna ströum til tölva og veita ráðrúm til að slökkva á þeim fari rafmagn. Þá er líka sums staðar að fá fjólfengi sem eru með innbyggðri straumjöfnun. olikr@frettabladid.is

Viðbrögð við lánadómi:

Lagasetning ekki útilokuð

ALÞINGI Ekki er útilokað að gripið verði til lagasetningar í kjölfar dóms Hæstaréttar um gengistryggð lán, að sögn Arna Páls Arnasonar efna-hags- og viðskiptaráðherra.

Arni Páll sagði á Alþingi í gær að vinna stæði yfir í ráðuneytinu við að undirbúa viðbrögð við dómnum, hver sem niðurstaðan yrði. Fljótlega eftir að dómur verði kveðinn upp megi vænta viðbragða ráðuneytisins, hugsanlega í formi lagasetningar. „Það kann að vera ástæða til lagasetningar í kjölfar niðurstöðu Hæstaréttar. Sérstaklega til að greiða úr óvissu og tryggja öllum sama rétt og koma í veg fyrir að fólk sé að fá mismunandi úrlausn eftir því hvernig formi samninga er háttað,“ sagði Arni Páll. - sh



ARNI PÁLL ARNASON

Svifryksmæli stolið:

Fannst bilaður úti á golfvelli

LÖGREGLUMÁL Svifryksmæli sem Umhverfisstofnun hefur rekið í Vík í Mýrdal frá því í vor var stolið um helgina og fannst síðar á golfvelli bæjarins. Nauðsynlegt reyndist að flytja mælinn til Reykjavíkur til viðgerða.

Á vef Umhverfisstofnunar segir að þjófarnir hafi þurft að leggja nokkuð á sig við verknaðinn. Mælirinn vegur um sjötíu kíló og var festur við staur í fjögurra metra hæð.

Stöðin, sem hefur mælt svifryk við Raufarfell undir Eyjafjöllum, er nú í Reykjavík vegna viðhalds og kvörðunar og þar af leiðandi falla svifryksmælingar á Suðurlandi niður um tíma. - shá

Mikill fjöldi fylgdist með málflutningi í máli um vexti á gengistryggðu láni:

Styttist í dóm Hæstaréttar

DÓMSMÁL Málflutningur fór fram í Hæstarétti í gærmorgun í máli Lýsingar um vexti á gengistryggðu bíláláni. Þar með gæti ódum styst í að skorið verði úr óvissunni sem hvílt hefur á þúsundum landsmanna um vaxtakjör slíkra lána.

Þetta tiltekna mál snýst um gengistryggt lán sem hvíldi á Grand Cherokee-jeppa sem maður tók á kaupleigu árið 2007 hjá Lýsingu. Maðurinn borgaði af bílunum fram á vor 2009 en skilaði bílnum þremur mánuðum síðar. Lýsing stefndi honum síðan vegna vanskila.

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi að lánið skyldi bera óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands í stað hinna lágu erlendu samningsvaxta. Samkvæmt héraðsdómi skuldar maðurinn því Lýsingu tæpar 800 þúsund krónur – hefðu erlendu samningsvextirnir verið látnir gilda hefði skuldin hrapað í 120 þúsund krónur.

Talið er að dómur Hæstaréttar hafi fordæmisgildi við uppgjör annarra gengistryggðra lána. Um 40.000 einstaklingar eru með gengistryggð bílálán, og eru þá ótalin gengistryggð húsnæðislán.

Það kemur því í ljós innan tíðar hvort Hæstiréttur taki undir með Héraðsdómi. Fyrstu dómur Hæsta-



MIKILL FJÖLDI Þáttsetið var í Hæstarétti þegar málflutningur hófst og þurfti að vísa mörgum frá, meðal annars fjölmörg fólk. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

réttar eftir samarfrí verða kveðnir upp eftir tíu daga. Óvíst er hvort það tekst að fella dóm í málinu á þeim tíma, en ólíklegt er að meira en fjórar vikur verði í að slegið verði á óvissuna um vaxtakjör gengistryggðra lána. - lpa

KOSTUR
Spörum og njótum lífsins

Opið
alla daga
10-20

Mjólk

á tilboði alla
þriðjudaga

Nýmjólk &
léttmjólk 1L

75 kr/stk



Mikið úrval af frábærum tilboðum - líttu við

Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is

Opið alla daga frá 10,00 til 20,00 | Sjáðu Kost á Facebook

SPENNANDI DAGSKRÁ Í ALLAN VETUR



SkjárEinn býður þér glæsilegt úrval af íslensku og erlendu sjónvarpsefni á sérlega hagstæðu verði. Ef þú missir af uppáhaldspættinum þínum á SkjáEinum getur þú horft á hann hvenær sem þér hentar með **SkjáFrelsi**. Áskriftin færir þér aðgang

Veldu áskrift á skjareinn.is: **Skjáreinn** 2.200 kr.

að þúsundum nýrra og klassískra bíómynda í **SkjáBíó** og frábæru úrvali af ókeypis barnaeefni. Ofan á allt saman getur þú valið á milli mismunandi pakka af heimsklassa skemmtun, fræðslu og fréttum með yfir **60 erlendum sjónvarpsrásum**.



EKKERT
VENJULEGT
SJÓNVARP

SKJÁREINN
AÐEINS
73 KR.
Á DAG

2.200 KR. Á MÁNUÐI

INNIHELDUR:



SKJÁREINN &
SKJÁRFRELSI



SKJÁRBÍÓ
VOD

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	117,04	117,60
Sterlingspund	179,77	180,65
Evra	150,69	151,53
Dönsk króna	20,237	20,355
Norsk króna	19,123	19,235
Sænsk króna	16,198	16,292
Japanskt jen	1,3886	1,3968

SDR 177,47 178,53

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 204,7359

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ögmundur Jónasson samgönguráðherra fundar með lífeyrissjóðum í dag: Mun ekki stöðva vegaf framkvæmdir

ALÞINGI Ögmundur Jónasson, nýr samgönguráðherra, hyggst ekki stöðva neinar vegaf framkvæmdir sem þegar eru komnar á áætlun. Þetta sagði hann í svari til Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, á Alþingi í gær.

Bjarni spurði Ögmund um fyrirætlunir hans í vegamálum og afstöðu hans til einkaframkvæmda á því sviði, meðal annars í ljósi þess að Ögmundur studdi ekki lög um stofnun hlutafélaga um vegaf framkvæmdir á sínum tíma.

„Ég mun ekki bregða fæti fyrir nein þau áform sem þegar eru



ÖGMUNDUR JÓNASSON Útlokak ekki vegtolla.

í pípunum,“ svaraði Ögmundur. Hann myndi funda síðar um daginn með Kristjáni Möller, fyrrver-

andi ráðherra, og til stæði að funda með Vegagerðinni og lífeyrissjóðunum um þessi mál í dag.

„Það er rétt að ég hef haft efasemdir um ágæti einkaframkvæmda í vegamálum sem öðrum málum,“ sagði Ögmundur. Hann væri jafnframt hlynntur því að nota lífeyrissjóðina til að byggja upp stoðkerfið í samfélaginu. Hann sagðist ekki leggja gjaldtöku í vegakerfinu að jöfnu við gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu, en engu að síður þyrfti að huga að því hvað slíkt gjald er hátt og hvert það rennur.

Eftirlitsnefnd um fjármál: Ekki fjárhagsvandi í Eyjum

STJÓRNSÝSLA Vestmannaeyjabær á ekki við fjárhagsvanda að stríða, samkvæmt sameiginlegu mati Eftirlitsnefnar með fjármálum sveitarfélaga og bæjaryfirvalda í Vestmannaeyjum.

Þetta var niðurstaða fundar sem fulltrúar nefndarinnar áttu með bæjaryfirvöldum. Óskað var eftir fundinum í kjölfar þess að nefndin sendi bæjaryfirvöldum bréf þar sem skuldir voru yfir 150 prósent af tekjum.

Nefndin ítrekar í tilkynningu að fjárhagsstaða bæjarins sé traust og engin vandkvæði í fjármálum Vestmannaeyjabæjar fyrir sjanleg.

Herjólfur verður siglt eftir sjávarföllunum

Uppsafnað gosefni frá Eyjafjallajökli í innsiglingu Landeyjahafnar stöðvaði ferðir Herjólfur í gær. Ekki verða teknar upp ferðir til Þorlákshafnar á ný. Áfram verða ferðir í Bakkafjöru, en eftir sjávarföllum og í samráði við Siglingastofnun.

SAMGÖNGUR Ferðir Herjólfur milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar féllu niður í gær vegna uppsafnaðs gosefnis frá Eyjafjallajökli í innsiglingu hafnarinnar. Vegna veðurs var svo fallið frá því að reyna að sigla á flóðinu síðdegis, að sögn Guðmundar Nikulássonar, framkvæmdastjóra Eimskips innanlands. Hálfur annar mánuður er síðan Landeyjahöfn var formlega opnuð fyrir siglingar Herjólfur milli lands og Eyja.

Næstu daga siglir Herjólfur eftir „sjávarföllum og áætlun sem unnin er í samráði við Siglingastofnun“ að því er fram kemur á vef Vegagerðarinnar. Gert er ráð fyrir því að fara þrjá ferðir á dag og þarf því ekki að sigla til Þorlákshafnar. Áður voru farnar tvær ferðir á dag þangað.

Dýpkunarskipið Perlan býður færis í Reykjavík og gæti verið komið í Landeyjahöfn á fimmtudag, en veður hamlaði för í gær. Þó fór sérfræðingur Siglingastofnunar með lóðsinum í Vestmannaeyjum og gerði bráðabirgðamælingar á dýpt í Landeyjahöfn.

Guðmundur segir að í gær hafi verið farið yfir flóðatöflur og búin til áætlun, en ráð sé fyrir því gert að hratt gangi við dýpkun innsiglingarinnar þegar hafi verið handa við hana á fimmtudag, jafnvel svo að hægt verði að fjölga ferðum á laugardaginn.

Vegna veðurhæðar og hliðarvinds segir Guðmundur hins vegar að skipstjóri Herjólfur hafi fallið frá ferðum í gær.



Siglingar Herjólfur út vikuna

Dagur/staður	tími	tími	tími
Þriðjudagur 7. september			
Frá Vestmannaeyjum	06.00	14.30	17.30
Frá Landeyjahöfn	07.30	16.00	19.00
Miðvikudagur 8. september			
Frá Vestmannaeyjum	06.00	15.00	18.00
Frá Landeyjahöfn	07.30	16.30	19.30
Fimmtudagur 9. september			
Frá Vestmannaeyjum	06.30	15.30	18.30
Frá Landeyjahöfn	08.00	17.00	12.00
Föstudagur 10. september			
Frá Vestmannaeyjum	07.00	16.30	19.30
Frá Landeyjahöfn	08.30	18.00	21.00
Laugardagur 11. september			
Frá Vestmannaeyjum	07.30	20.00	-
Frá Landeyjahöfn	09.00	21.30	-

Á vef Siglingastofnunar er bent á að Herjólfur risti metra dýpra en ferja sem áætlað var að smíða sérstaklega fyrir þessar siglingar. Guðmundur segir að inna verði samgönguráðherra eftir því hvort taka eigi upp að nýju ráðagerðir um nýja ferju. Hins vegar nýtist Herjólfur ágætlega enn um sinn, þar sem ýmsum þáttum í hönnun hafnarinnar hafi verið breytt svo hann gæti farið þar um. Herjólfur

taki hins vegar á sig meiri vind og skipið sem ráðgert var að nota og því sé reiknað með að allt að 15 prósent ferða kunni að falla niður yfir vetrartímabilið.

„En það er ágætismál að prufuleyra þessa höfn með Herjólfur,“ segir Guðmundur, því þá verði komin slík reynsla á siglingarnar að allar þarfir liggi vel fyrir þegar að því kemur að panta nýtt skip.

olikr@frettabladid.is

Deilt um eignarhald Actavis:

Pýskur banki með yfirráðin

VIBSKIPTI Actavis lýtur fullkomnum yfirráðum Deutsche Bank, ef eitthvað er að marka tilkynningu Deutsche Bank til framkvæmdastjórnar ESB. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Ragnhildur Sværisdóttir, talsmaður Björgólfs Thors Björgólfsósonar, segir tilkynninguna snúa að fjárhagslegri endurskipulagningu á Actavis. Um sé að ræða „tæknilegt atriði“ þar sem bankinn sé að leggja fram til samþykktar samning um fjárhagslega endurskipulagningu.



ENDURREISN Yfirvöld í Christchurch hafa þegar látið rífa hús sem hættu þótt stafa af vegna skemmda.

Skjálftinn hefur víðtæk áhrif:

Hægir á efna-hagsbatanum

NÝJA-SJÁLAND, AP Jarðskjálftinn sem lagði um 500 hús í rúst í borginni Christchurch á Nýja-Sjálandi á föstudag gæti hægt verulega á efnahagsbatanum á svæðinu, segir John Key, forsætisráðherra Nýja-Sjálands.

„Þetta mun hafa umtalsverð áhrif á efnahag svæðisins og landsins alls, en þau áhrif verða tímabundin,“ segir Key. Hagvöxtur hefur verið jákvæður í landinu síðustu sex mánuði, eftir átján mánaða niðursveiflu.

Talið er að allt að 100 þúsund af 160 þúsund heimilum í Christchurch og nágrenni hafi skemmt. Tjónið hefur ekki verið metið, en það mun nema jafnvirði tuga milljarða króna.

LÖGREGLUFRETTIR

Allir á batavegi eftir bílslys

Allir farþegar bílslys og ökumaður sem lentu í alvarlegu bílslysi á Nýbýlavegi aðfaranótt föstudags, eru nú á batavegi. Slösuðust tveir alvarlega og var einum haldið sofandi í öndunavél. Þeir eru nú báðir einnig á batavegi.

Verð á kókáini hækkar

Kókáin virðist aldrei hafa verið dýrara en nú. Grammið kostar um 15.800 krónur samkvæmt nýri verðkönnun SÁÁ. Hins vegar hefur verð á kanna-bisefnum lækkað mikið eftir sumarið og kostar grammið nú 2.500 krónur.



ROSTUNGURINN Dýrið lét fara vel um sig í fjörunni á Flateyjardal.

Rostungurinn á Flateyjardal: Stakk sér til sunds að nýju

NÁTTÚRA Rostungurinn sem kom í land við Flateyjardal fyrir helgi var heppinn að sleppa lifandi. Fyrirhugað var að skjóta dýrið þar sem það var talið illa sært.

Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, segir að um miskilning hafi verið að ræða og við nánari athugun hafi ekki reynst mikið að rostungnum. Rostungurinn stakk sér enda aftur til sunds og hefur ekki til hans spurst síðan.

Ekki er óalgengt að rostungar komi á land á Íslandi og reynast þeir oft hinir gæfustu. Dýrin eru alfríðuð.

Þerðu saman verð, gæði og fjónustu. Það auðveldar þér val á heyrnarstökjum.

Ókeypis heyrnarstökjum!

HEYRNARSTÖÐIN
Læknastöðin, Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is


VEÐURSPÁ



HVASSAST SYÐST Í dag og á morgun verður strekkingur eða allhvasst við suðurströndina en á fimmtudaginn lægir heldur. Annars staðar verður fremur hæður vindur. Á morgun má búast við töluverðri rigningu SA-til en minni úrkomu annars staðar.

Á MORGUN 10-15 m/s S-lands, annars hægari.

FIMMTUDAGUR 5-10 m/s, hvassast syðst.



HEIMURINN	°C
Alicante	32°
Basel	20°
Berlín	18°
Billund	18°
Frankfurt	14°
Friedrichshafen	17°
Gautaborg	18°
Kaupmannahöfn	18°
Las Palmas	24°
London	19°
Mallorca	29°
New York	30°
Orlando	33°
Ósló	18°
París	22°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	17°

Vindhraði er í m/s. Hitastig er í °C. Gildistími korta er um hádegis.



Orlando Florida



Staybridge Suites

Topp 10 á Tripadvisor yfir fjölskylduvænustu hótelin í Orlando!

Staybridge Suites er gott íbúðahótel staðsett í Lake Buena Vista. Hótelid býður uppá fríar ferðir til og frá skemmtigörðunum á Orlando svæðinu. Veitingahús og verslanir í göngufæri. Morgunverðarhlaðborð innifalið.

VERÐ FRÁ:

129.900kr.*

m.v. 2 fullorðna og 2 börn

Brottför: 9. október – 8 nætur

Óendanleg uppspretta skemmtunar!

Úrval Útsýn býður upp á nýjung í haust og flýgur til Orlando í Bandaríkjunum! Orlando er fjölbreytt borg og hefur upp á að bjóða þekktustu skemmtigarðar heims, Disney World, Sea World, Universal Studios ásamt mörgum öðrum. Úrval af frábærum golfvöllum, söfnum, verslunarmiðstöðvum og veitingastöðum. Í boði verður fjölbreytt úrval gistinga á mjög hagkvæmu verði og staðsetning þeirra flestra gerir bílaleigubílinn óþarfan.



ÚRVAL-ÚTSÝN

Sími 585 4000

MEIRA Á
urvalutsyn.is

Karlmaður smitaður lífrabólgu C veittist að lögreglumanni í Reykjavík:

Stakk blóðugum fingri upp í lögreglu

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært tæplega fertugan karlmann fyrir brot gegn valdstjórninni og gegn sóttvarnalögum.

Manninum, sem er íslenskur en nú búsettur í Gautaborg í Svíþjóð, er gefið að sök að hafa að morgni sunnudagsins 10. maí á síðasta ári veist með ofbeldi að lögreglumanni sem var við skyldustörf. Atvikið átti sér stað á þáverandi heimili árársarmannsins í Reykjavík.

Maðurinn er ákærður fyrir að hafa stungið blóðugum fingri sínum í munn lögreglumannsins.



HÉRAÐSDÓMUR Maðurinn er ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Árársarmaðurinn vissi að hann var smitaður af lífrabólgu C og stofnaði þannig á öfyrirleitinn hátt lífi

og heilsu lögreglumannsins í augljósan hásku enda hætta á því að hann smitaðist af sjúkdóminum.

Skammt er um líðið síðan tveir handdrukkarar voru ákærðir fyrir gróf ofbeldisverk gegn ungum manni.

Annar handdrukkarinn stappaði á manninum, hótaði að smita hann af lífrabólgu, ógnaði honum með blóðugri sprautunál, sem hann stakk síðan í eyrnasneppil hans. Sá sem stunginn var greindist síðan með lífrabólgu C. Hann gerir kröfu um ríflega fjögurra milljóna króna bætur.

- jss

Vilja byggja við dvalarheimili:

Æ færri fást í tvíbýlisherbergi

AKRANES Stjórn Dvalarheimilisins Höfða á Akranesi segir aðkallandi að byggja tíu hjúkrunarrými til að fækka fjölbýlum á heimilinu.

„Það reynist sífellt erfiðara að fá fólk til að búa í tvíbýli og þau tvíbýlisherbergi sem boðið er upp á eru álíka stór og krafa Félags- og tryggingamálaráðuneytisins er um einbýli í dag,“ segir í fundargerð framkvæmdaráðs Akraness. Framkvæmdasjóður aldraðra mun veita 113 milljóna styrk en Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit myndu greiða afganginn.

- gar

Er það rétt hjá fangelsisyrfirvöldum að banna fæðubótarefni í fangelsum?

JÁ 89,1%
NEI 10,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú í leikhús í vetur?

Segðu skoðun þína á vísiris



Jens Ingólfsson
rekstrarhagfræðingur,
jens@kontakt.is



Gunnar Svavarsson
viðskiptafræðingur,
gunnar@kontakt.is



Sigurður A.
Þórðsson hl.
sigurdur@kontakt.is



Brynhildur Bergþórsdóttir
rekstrarhagfræðingur,
lögg., verðbr.- og fasteignasali,
brynhildur@kontakt.is



Arnór H. Arnórsson
rekstrarhagfræðingur,
arnor@kontakt.is



Guðni Halldórsson
viðskiptalögfræðingur,
gudni@kontakt.is

SÉRFRÆÐINGAR Í FYRIRTÆKJAVIÐSKIPTUM

- Leit að heppilegum fyrirtækjum eða kaupendum.
- Verðmat fyrirtækja.
- Viðræðu- og samningaferli.
- Fjármögnun fyrirtækjaviðskipta.
- Gerð kaupsamninga og tengdra samninga.

Við teljum að eftirfarandi fyrirtæki geti verið fánleg:

- Skráðu þig á forgangslista og við sendum þér reglulega upplýsingar í tölvupósti um tækifæri sem við getum ekki sett í auglýsingar. Upplýsingar og skráning á www.kontakt.is.
- Heildsverlun með neytendavörur (ekki matvæli). EBITDA 80 mkr. Engar skuldir.
- Þjónustufyrirtæki með yfir 500 fyrirtæki og stofnanir í fóstum viðskiptum. Ársvelta 150 mkr.
- Rótgróið glerfyrirtæki. Ársvelta 80 mkr.
- Framleiðslufyrirtæki með eigin verslanir. Með yfir 50% markaðshlutdeild og góða vaxtamöguleika. Ársvelta um 400 mkr.
- Grænenskt byggingarfélag með góða verkefnastöðu.
- Þekkt heimilissvöruverslun með eigin innflutning. Ársvelta 80 mkr.
- Vélsmiðja með góða verkefnastöðu. 7 starfsmenn.
- Meirihluti í stóru iðnfyrirtæki. EBITDA 75 mkr.
- Rótgróin heildsverlun sem selur tæknivörur og rekstrarvörur til opinberra stofnanna. EBITDA 15 mkr.
- Tvö iðnfyrirtæki sem henta vel til sameiningar. Sameinuð ársvelta um 150 mkr. og EBITDA um 25 mkr. Viðkomandi kaupandi þyrfti að leggja fram um 20 mkr. í peningum og um 20 mkr. fasteignaveð til að ná meirihluta í báðum fyrirtækjunum.
- Meirihluti í rótgrónu iðnfyrirtæki. Ársvelta 90 mkr. EBITDA 10 mkr. Líttar skuldir.
- Fyrirtæki á heilbrigðissviði með langtímasamninga. EBITDA 12 mkr.
- Verslun með heilsuvörur í góðum rekstri. Eigin innflutningur.

Forgangslisti er nýjung fyrir kaupendur og fjárfesta.
Skráning á www.kontakt.is

KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
www.kontakt.is

globalM&A Iceland



SKOTPALLUR Danskir geimáhugamenn höfðu fengið leyfi til að skjóta eldflaug á loft frá fljótandi skotpalli. Pallurinn var byggður sérstaklega fyrir verkefnið á hafsvæði skammt frá Borgundarhólmi.

NORDICPHOTOS/AFP

Hnökrar á danskri geimferðaáætlun

Tilraun danskra geimferðaá hugamanna til að skjóta á loft eldflaug sem á að geta flutt menn út í geim mistókst á sunnudag. Vonast til að geta komið manni út fyrir gufuhvolftið innan tíu ára. Stefna á að gera aðra tilraun bráðlega.

DANMÖRK Hópur danskra geimáhugamanna þurfti að hætta við fyrirhugað eldflaugarskot á sunnudag vegna bilunar í eldflaug. Hópurinn hefur það að markmiði að koma manni út í geim.

Áhorfendur biðu spenntir þegar eldflaugin átti að taka á loft frá fljótandi skotpalli skammt frá Borgundarhólmi, en urðu fyrir vonbrigðum þegar eldflaugin gaf frá sér lítinn reykhvarn og gerði sig ekki líklega til frekari afreka þann daginn.

Markmið hópsins, sem kallar sig Copenhagen Suborbitals, var að koma eldflauginni, sem er um níu metra löng og vegur 1,6 tonn, í 30 kílómetra hæð. Með í för var dúkka í mannsmynd. Lokamarkmið hópsins er að senda fólk út fyrir gufuhvolf jarðarinnar, og þar með út í geiminn, í skamma stund áður en eldflaugin snýr aftur til jarðar.

„Við munum ekki skipta út dúkk-

unni fyrir alvöru manneskju fyrr en við höfum séð eldflaugina ná í rétta hæð nokkrum sinnum,“ sagði Kristian von Bengtson, talsmaður Copenhagen Suborbitals, við BBC eftir að skotið hafði misheppnast.

Hópurinn áformar að bjóða áhugasömum geimferðamönnum upp á stuttar ferðir út í geim á mun ódýrari hátt en aðrir. Á móti munu ferðalangarnir sem taka sér far með þeirra geimflaugum njóta takmarkaðra þæginda, enda lítið pláss í stjórnklefanum.

Geimferjan sem farþegar munu sitja í er rétt rúmlega axlabreitt rör sem geimfararnir væntanlegu standa eða sitja í. Þeir munu geta séð allt í kring og ætti útsýnið að vera magnað ef eldflaugin nær að koma geimferjunni í nægilega mikla hæð til að fara út fyrir gufuhvolf jarðar. Ætlunin er að geimferjan sveigi skömmu síðar aftur að jörðu. Fallhlífar eiga að tryggja

að farþeginn lifi af landingu geimferjunnar á sjónum.

„Það gæti tekið meira en þrjú ár, en gæti tekið innan við tíu ár. Það er erfitt að segja af því við erum ekki að reyna að drepa okkur á þessu, við höfum bara gaman af þessu,“ segir von Bengtson.

Við skoðun á eldflauginni kom í ljós að leiðsla fyrir fljótandi súrefni, sem er afar kalt, hafði stíflast og kom það í veg fyrir eldflaugaskotið. Ekki var hægt að gera við eldflaugina á sunnudag og því varð ekkert úr eldflaugarskotinu.

Dönsku geimáhugamennirnir hafa fengið afnot af heræfingarsvæði danska sjóhersins við Borgundarhólmi til 17. september, og eru vongóðir um að koma eldflauginni á loft fyrir þann tíma. Takist það ekki gætu þeir þurft að biða með eldflaugarskotið fram á næsta ár.


brjann@frettabladid.is

Tekjuhali hins opinbera minnkar milli ára:

Auknar skatttekjur laga halla

EFNAHAGSMÁL Tekjuhali hins opinbera var 30 milljarðar á öðrum ársfjórðungi ársins, sem er talsvert betri afkoma en á síðasta ári þegar tekjuhali var 42 milljarðar á sama tíma. Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar.

Þar segir jafnframt að tekjuhali hafi einnig lækkað sem hlutfall af landsframleiðslu, frá 11 prósentum í fyrra niður í 8 prósent nú. Þessa bættu afkomu megi fyrst og fremst skýra með auknum skatttekjum, en þær hafa hækkað verulega milli tímabila á sama tíma og dregið hefur verulega úr fjárfestingu



BATI Tekjuhali hins opinbera á öðrum ársfjórðungi er minni nú en í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hins opinbera, eða um tæplega þriðjung.

Heildartekjur hins opinbera námu 162 milljörðum á öðrum

fjórðungi í ár, samanborið við 147 milljarða króna á sama tíma 2009. Tekjuhækkunin skýrist fyrst og fremst af 6,6 milljarða króna auknum tekjum af tryggingagjöldum milli ára og um 5,7 milljarða króna meiri tekjum af tekjusköttum. Á sama tíma jukust heildarútgjöld hins opinbera um 2,3 prósent milli ársfjórðunga, úr tæplega 189 milljörðum króna 2009 í ríflega 193 milljarða króna 2010.

Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.636 milljörðum í lok annars ársfjórðungs, eða 106 prósentum af áætlaðri landsframleiðslu ársins.

- þj

FYRIR 229 KRÓNUR FÆRD ÞÚ:

6 MÍNÚTUR Í KEILU

EDA

FRÁBERA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÓLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bío og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag. Tryggðu þér áskrift í dag!

ICELANDAIR



ICELANDAIR STYÐUR LANDSLIÐIÐ
í blíðu og stríðu



ÁFRAM ÍSLAND

AUDDI OG GILLZ
Í BEINNI Á IBS.IS OG
STÖÐ 2 SPORT

Fylgstu með Audda og Gillz lýsa leiknum á sinn hátt í beinni á ibs.is og Stöð 2 Sport og upplifðu leikinn öðruvísi.

Sendu kveðjur til landsliðsstrákanna í knattspyrnu og besta kveðjan getur unnið ferð fyrir tvo til einhvers af áfangastöðum Icelandair.

FÁÐU MEIRA ÚT ÚR LEIKNUM

ÍSLAND – DANMÖRK
ÚTSENDINGIN HEFST Í DAG KL. 18:10

Gerðu verð-

FRÁBÆRT VERÐ Í SEPTEMBER!

samanburð

á öllu þakefni í BYKO!



Vnr. 0013256

Byggingatimbur
Byggingatimbur,
VI flokkur, 25x150 mm.

27%
afsláttur



Vnr. 81966040

Polplast-límband

SIGA SICRALL polplast-límband, 60 mm, 40 m.

6.990 kr./rúllan




Vnr. 33196581

Paksaur

GBO paksaur, 60x3,7 mm, 100 stk. í pakka.

1.790 kr./pk.



Vnr. 0231250/400

Bárustál

Bárustál, 99 cm, litað eða alusink.

Verð frá

1.690 kr./lm.



Vnr. 0212003

Pakull

Pakull, 200 mm, 2,69 m²

5.390 kr./pk.

Vnr. 53504030

Polplast

Polplast, 2,8x10 m, 0,2 nm.

5.950 kr./rúllan



Vnr. 0011251

Byggingatimbur

Byggingatimbur 25x25 mm.

66 kr./lm.

Vnr. 0024509

Burðarviður

Burðarviður T1, heflaður, 50x255 mm.

829 kr./lm.



100% endurgreiðsla á virðisaukaskatti af keyptri vinnu á byggingastað og allt að 300.000 kr. frádráttur frá skattstofni.



Talibanar í Pakistan reyna að veikja stjórnvöld enn frekar með sprengjuárásum: Sjálfsmorðssprengja banar sautján

PAKISTAN, AP Í það minnsta sautján manns, lögreglumenn og óbreyttir borgarar, féllu þegar sjálfsmorðssprengjumaður sprengdi bíl sinn í loft upp bak við lögreglustöð í norðvesturhluta Pakistan í gær.

Um 40 til viðbótar særðust í árásinni og óttast var að fleiri lægju grafnir undir rústum lögreglustöðvarinnar. Fjögur börn á leið í skóla og fjórir aðrir óbreyttir borgarar féllu í árásinni, auk níu lögreglumanna.

Þjörgunarmenn beittu stórvirkum vinnuvélum til að hreinsa rústir lögreglustöðvarinnar. Í rústunum

mátti sjá skólábækur og skólatösku, auk illa farinna bíla og mótorhjóls.

Talsmaður uppreisnarmanna úr röðum talibana sagði talibana bera ábyrgð á árásinni. Hún kemur í kjölfar hrinu mannskæðra sprengjuárása í Pakistan síðustu daga. Talið er að með árásunum séu talibanar að reyna að veikja pakistönsk stjórnvöld. Þau þykja standa veikum fótum eftir hamfarafloð sem gengið hafa yfir landið undanfarnar vikur.

Talsmaður talibana hótaði frekari árásum gegn lögreglu og öðrum óvinum talibana á næstunni. - bj



ÁRÁS Sjálfboðaliðar bera mann sem slasaðist illa á höfði úr sjúkrahúsi inn á spítala þar sem gert var að sárum hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

KB ráðgjöf hættir með Vista sparnað

KB ráðgjöf og Arion banki hafa sett lífeyrissparnaðarleið Vista á bið sökum umfjöllunar Fréttablaðsins um samningana í síðustu viku. Reglur um skattskyld upphafsþóknunargjöld í samningunum eru til endurskoðunar.

EFNAHAGSMÁL Arion banki og KB ráðgjöf hafa hætt að bjóða upp á nýja samninga í lífeyrissparnaðarleiðinni Vista á meðan bankinn endurskoðar reglur um upphafsþóknun í kaupsamningunum.

Fréttablaðið fjallaði um málið í síðustu viku og segir Iða Brá Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Arion banka, að ákveðið hafi verið að hætta að gera nýja samninga við sjóðfélaga um viðbótarlífeyrissparnað í Vista á meðan efni fréttarinnar sé skoðað innan bankans.

„Það hefur verið um nokkurt skeið unnið að breytingum á Vista í samráði við eftirlitsaðila. Og þær breytingar snúa meðal annars að ákveðnum reglum sjóðsins um upphafsþóknun,“ segir Iða Brá.

Olaf Forberg, framkvæmdastjóri KB ráðgjafar, vildi ekki tjá sig um málið að öðru leyti en því að staðfesta að sölu á Vista hafi verið hætt á meðan vörsluaðili, Arion banki, fari yfir málavexti.

Þeir viðskiptavinir Arion banka sem hafa keypt sér séreignarsparnaðarleiðina Vista hjá KB ráðgjöf gætu átt yfir höfði sér tugþúsunda bakreikninga frá skattinum. Ástæðan er sú að sex greiðslur, frá þriðja mánuði samningsins til þess áttunda, renna ekki í lífeyrissparnað viðskiptavina, heldur í upphafsþóknun til KB ráðgjafar. Eru það fjögur prósent af heildartekjum viðskiptavina Vista, fyrir skatt.

Lífeyrissparnaður er undanþeginn skatti, en önnur afleiðd gjöld eins og upphafs- og söluþóknunir



KB RÁÐGJÖF Sölu á lífeyrissparnaðarleiðinni Vista hefur verið hætt á meðan Arion banki fer yfir stöðu mála.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

til þess fyrirtækis sem á og rekur vöruna, eru það ekki. Þetta gerir það að verkum að Ríkisskattstjóri hefur heimild til þess að fara allt að sex ár aftur í tímann og rukka inn vangoldin skattgjöld af þessum sex mánaðargreiðslum hjá viðskiptavinum Vista.

„Þetta fyrirkomulag hefur verið til skoðunar hjá ýmsum

fyrirtækjum sem eru að versla með vöru eins og séreignarsparnað,“ sagði Indriði H. Þorláksson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu og fyrrverandi ríkisskattstjóri, í samtali við Fréttablaðið. „Þau vilja meina að þetta sé heimilt og það hefur verið ágreiningur við skattayfirvöld um það.“

sunna@frettabladid.is

Bandaríkjaforseti tilkynnir um efnahagsaðgerðir sem ráðist verður í á næstunni:

Leggur milljarða í samgöngur

BANDARÍKIN, AP Ríkisstjórn Baracks Obama ætlar að eyða um 50 milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði 5.850 milljarða króna, til að endurnýja vegakerfi, járnbrautir og flugvelli. Áformunum er ætlað að hafa jákvæð áhrif á efnahagslíf landsins.

Þessar gríðarlegu fjárfestingar í innviðum landsins eru hluti af aðgerðaáætlun Obama sem kynnt verður á næstunni. Talið er að forsetinn vilji koma áætluninni af stað fyrir þingkosningar í Bandaríkjunum í nóvember.

Leggja á 50 milljarða Bandaríkjadala í verkefnið strax í ár, en verkefnið á að standa í sex ár. Ljóst er að frekari fjármunum verður varið til uppbyggingarinnar á næstu árum.

Obama mun leita ýmissa leiða til að borga fyrir efnahagsaðgerðirnar. Eitt af því sem hann hefur til skoðunar er að taka fyrir ýmiss konar skattaafslátt sem framleiðendur olíu og gass hafa notið undanfarið.



FRAMKVÆMDIR Endurnýja á um 240 þúsund kílómetra af vegum, auk viðhalds á járnbrautakerfi og flugbrautum samkvæmt áætlun Baracks Obama Bandaríkjaforseta.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Atvinnuleysi í Bandaríkjunum er nú um 9,6 prósent. Skoðana-kannanir sýna að flokksbræður Obama í Demókrataflokknum standa afar illa fyrir kosningarnar

í nóvember. Stjórnmalaskýringendur telja það hluta af skýringunni á því að Obama ákveði að leggja í svo kostnaðarsamar aðgerðir í efnahagsmálum.

- bj

ÚTSALA Í HÁTÆKNI

Rýmum fyrir nýjum vörum! Allt að **80%** afsláttur!

42"

TX-P42S20E



Panasonic

Full HD
1080P

Panasonic 42" Plasma FHD 600Hz

42" Full HD Plasmasjónvarp. 1920x1080pt. upplausn. 600Hz tækni, 3x HDMI, V-Real Pro 4 myndúrvinnsla og stafrænn móttakari

80.000
afsláttur

Útsöluverð
169.995 kr.

Verð áður 249.995 kr.

42"

42PJ350N



LG

42" LG Plasma

42" HD-ready Plasma. Þunnur rammi. 1024x768pt. upplausn. 600Hz tækni. Stafrænn móttakari, USB-tengi. 2x HDMI DivX-stuðningur.

40.000
afsláttur

Útsöluverð
139.995 kr.

Verð áður 179.995 kr.

NOKIA

**Nokia 7100
Supernova Red**

Einfaldur og þægilegur,
góð rafhláða og
1,3 mpx myndavél.
Bluetooth og FM-útvarp.



60%
afsláttur

Útsöluverð
9.495 kr.

Verð áður 23.995 kr.

NOKIA

**Nokia 5130
Xpress Music Blue**

Handhægur og góður tónlistarsími.
2 megapíxla myndavél, 3,5 mm
heyrnartólatengi, Bluetooth stereo
og FM-útvarp.



43%
afsláttur

Útsöluverð
12.995 kr.

Verð áður 22.995 kr.

LG Full HD
1080P

60PK250E



60" LG Plasma Full HD 600Hz

Glæsilegt 60" 600Hz Full HD Plasmasjónvarp.
Razor frame hönnun á ramma.

100.000
afsláttur

Útsöluverð
499.995 kr.

Verð áður 599.995 kr.

Motorola DECT D1002 m/aukatóli

Þráðlaus sími, mjög skemmtilegur í notkun með mörgum
notkunarmöguleikum.



50%
afsláttur

Útsöluverð
7.495 kr.

Verð áður 14.995 kr.

LG

32LD320

32" LG LCD

HD Ready LCD sjónvarp frá
LG með 1366x768pt.
upplausn. XD Engine
myndvinnslubúnaður. 2x
HDMI. USB 2.0. SRS True
Surround (2x10W) hljóðkerfi.



30.000
afsláttur

Útsöluverð
99.995 kr.


Verð áður 129.995 kr.

LG

42PJ650N

42" LG Plasma

42" HD Ready Plasma
sjónvarp með afar þunnum
ramma. 1366x768pt.
upplausn. 600Hz. Stafrænn
móttakari, USB-tengi. DivX
HD stuðningur. 2x HDMI.



90.000
afsláttur

Útsöluverð
159.995 kr.

Verð áður 249.995kr.

NOKIA

**Nokia BH-104
Bluetooth höfuðtöl**



55%
afsláttur

Útsöluverð
2.995 kr.

Verð áður 6.995 kr.

**20% afsláttur af öðrum aukahlutum fyrir farsíma.
Mikið úrval af farsímum á allt að 50% afslætti.
10% afsláttur af nýjum sínum.**

Opið: virka daga 9.30-18 | Laugardaga 12-17 | Sunnudaga 12-17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

25 ára
Hátækni
1985 - 2010



1. Hvaða lið tryggði sér Íslandsmeistaratið í fótbolta kvenna um helgina?

2. Líf og dauði Henry Darger er fyrsta íslenska stuttmyndin sem valin er til sýningar á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum. Hver framleiðir hana?

3. Hvaða borg á Nýja-Sjálandi fór illa út úr jarðskjálfta á dögnum?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Samstarfsráðherrar Norðurlanda hittast í Færeyjum í dag:

Ræða um samræmingu laga

UTANRÍKISMÁL Aðgerðir til þess að auka lagasamstarf og lagasamræmingu verður meðal umfjöllunarefna fundar samstarfsráðherra Norðurlandanna sem hittast í Þórshöfn í Færeyjum í dag.

Meðal þess sem nú er til skoðunar í þeim málum er gjaldtaka bankanna við millifærslur milli landanna, notkun kennitalna í netviðskiptum og sérstakt færslugjald á erlend kreditkort sem tíðkast í Danmörku.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, situr fundinn fyrir hönd íslenskra stjórnvalda,

en þar fer auk þess fram lokaumræða ráðherranna um tillögu að fjárhagsáætlun fyrir Norrænu ráðherranefndina 2011. Samkvæmt tillögunni yrði fjárhagsáætlun næsta árs 896,355 milljónir danskra króna og koma framlög til hennar beint frá norrænu ríkjum.

Á fundinum verða einnig rædd málefni norræna erfðalindabankans NordGen, sem vinnur að rannsóknum, sem þykja afar mikilvægar fyrir fæðuöryggi, og loks þing Norðurlandaráðs, sem haldið verður í Reykjavík í haust. - þj



NORRÆN SAMVINNA Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra er fulltrúi Íslands á fundinum í Þórshöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sérfræðingar spá í gull:

Spá hækkandi verði á gulli

VIÐSKIPTI Búist er við því að verð á gulli muni ná methæðum á næsta ári. Gert er ráð fyrir því að verði geti þá komist upp í um það bil 1.500 Bandaríkjadali á únsu. Hingað til hefur verðið hæst farið í 1.266 dali í júní.

Eugen Weinberg, sérfræðingur hjá Commerzbank, sagði þetta í samtali við Bloomberg-fréttaveituna fyrir skömmu. Fleiri sérfræðingar taka í sama streng og Weinberg. Þeir bjartsýnustu telja jafnvel að verð á únsunni geti farið upp í allt að 1.550 dali.

Maurar berjast við afríska fíla:

Hrekja fílanu frá trjánum

BANDARÍKIN Fáir hefðu trúað því að maurar gætu sigrað í baráttu við afríska fíla um náttúruauðlindir. Þetta er eigi að síður niðurstaða bandarískra vísindamanna sem rannsakað hafa maura og fíla í Austur-Afríku.

Maurarnir þurfa að verja tré sem þeir búa á fyrir ágangi dýra sem vilja éta laufin af trjánum. Þeir beita ýmsum brögðum til að halda fílum fjarri. Þeir skrúða til dæmis upp í ranann á filunum og bíta þessi risavöxnu dýr þegar þau reyna að fá sér laufblöð í svanginn. Maurunum tekst þó ekki að fæla frá allar skepnur sem ásælast laufblöðin á trjánum þeirra. Þeir þurfa iðulega að láta í minni pokann í baráttunni við giraffa, sem hafa litlar áhyggjur af smávöxnum maurum sem reyna að bíta þá í langa og slímuga tunguna. - bj

Sérfræðingar af öllu tagi og úr ótal geirum velta fyrir sér áhrifum goss á flug:

Fimm milljónir manna voru strandaglópar

SAMGÖNGUR Leiðtogar, sérfræðingar og embættismenn, innan Evrópu og utan, ræða hvað betur hefði mátt fara og afleiðingar gossins í Eyjafjallajökli á ráðstefnu Flugakademíu Keilis 15. til 16. þessa mánaðar.

„Þegar Eyjafjallajökull byrjaði að gjósa í apríl 2010 hafði askan frá gosinu gífurlega áhrif á flugumferð í Evrópu. Áætlað er að flugfélögin hafi tapað 23 milljörðum króna á degi hverjum. Í Evrópu var 16.000 flugferðum aflýst þann 16. apríl og jafnmörgum þann 17. apríl 2010. Þann 21. apríl hafði 95.000 flugferðum verið aflýst vegna gossins. Lokun flugsvæða skildi um fimm milljónir manna eftir sem strandaglópar,“ segir í tilkynningu Keilis og bent er á að áhrif gossins hafi verið víðtækari en áhrif hryðjuverkaárásanna í Bandaríkjunum 11. september 2001.

Flugakademían boðar því til ráðstefnu um málið, en hún er haldin í samstarfi við forseta Íslands, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, fjölda stofnana í flugiðnaði, Inspired by Iceland, Icelandair, bandaríska sendiráðið og sendiráð Rússneska sambandsríkisins.

Ræða á hvað hefði mátt fara betur og til hvaða aðgerða þurfi að grípa. „Þetta er tækifæri fyrir evrópska hagsmunaaðila að ræða við og bera saman vinnuferli við samstarfsmenn frá Bandaríkjunum og Asíu.“

Ráðstefnan fer fram í Ásbrú á Keflavíkurflugvelli. - óká

KEILISVÉL Á FLUGI Upplýsingar um ráðstefnu Keilis er að finna á slóðinni <http://en.keilir.net/keilir/conferences/eyjafjallajokull>. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Komdu í klúbbinn sem fær alltaf stæði

Viltu komast í útvalinn hóp sem fær alltaf stæði alls staðar? Upplífuðu alvöru frelsi með hinni einu sönnu Vespu frá Piaggio. Komdu og skoðuðu glæsilegt úrval í sýningarsal Heklu eða á vespur.is og vertu með í MC Vespa hópnum á Facebook.

Vespa 50 LX 489.000 kr.

Reynslan er góð!

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



BORPALLURINN Umhverfinu er ekki frekari hætta búin af borholunni í Mexíkóflóa.

Ekki lekur meira í Mexíkóflóa:

Ekki hætta á að lokan gefi sig

BANDARÍKIN Ekki er lengur talin hætta á að lokunarbúnaður sem notaður var til að stöðva olíuleka úr borholu BP-olíufélagsins á Mexíkóflóa gefi sig.

Umhverfinu er ekki frekari hætta búin af borholunni, sagði Thad Allen, aðmíráll í bandarísku strandgæslunni sem stýrt hefur aðgerðum vegna lekans.

Þó stendur til að bora aðra holu ofan í fyrri borholuna til að loka henni varanlega með steypu, að því er fram kemur á vef BBC. Vinna við nýja borholu á að hefjast á næstu dögum.


BP hefur lofað andvirði 2.300 milljarða króna til að bæta fyrir skaðann af olíulekanum. - bj

SELFÖSS

Eldur í bíl

Eldur kom upp í bíl sem verið var að rífa fyrir utan íbúðarhús á Selfossi á sunnudagskvöld. Slökkvilið var fljótt að ráða niðurlögum eldsins og skemmdi hann ekki út frá sér. Talið er að eldurinn hafi kviknað út frá neista sem hljóp í bensinleiðslu.

//10.09.2010



Haustið elskar upplýsingatækni

Föstudaginn 10. september 2010 verður hin árlega Haustráðstefna Skýrr.

Þetta er stærsti viðburður ársins í upplýsingatækni: 60 fyrirlestrar á 8 fyrirlestralínum.

7.45	Skráning						
8.10	 Setning - Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr						
8.20	 Lykilræða - Timo Elliot, trúboði í viðskiptagreind hjá SAP BusinessObjects						
9.10	Morgunhressing og ráðstefnu skipt upp						
	BLAND Í POKA	MICROSOFT VIÐSKIPTALOUSNIR	ORACLE	REKSTUR & ÖRYGGI	VEFLAUSNIR	VIÐSKIPTAGREIND & SAMÞÆTTING	
9.20	Microsoft Unified Communication Jerry Smith - Microsoft v/UC	Next Generation CRM and Business Applications in the Cloud Simon Hutson - Microsoft	Oracle Siebel Government Solution - Netborgarinn Petra Oltersdorf-Hupke - Oracle	Opinn hugbúnaður í rekstri Samúel J. Gunnarsson - Skýrr	Veflausnir Skýrr Óli Freyr Kristjánsson - Skýrr	From Integration to Business Process Excellence Jonathan Heywood - Software AG	
10.05	Þjónustumiðuð vöktun Kári R. Svavarsson - Skýrr	Creating Composite Applications in Sharepoint 2010 Serge Luca - DevoTeam	Oracle Siebel Government Solution - Netrikið Petra Oltersdorf-Hupke - Oracle	Persónuvernd og öryggisráðstafanir: Ósamrýmanleg hlutverk? Alma Tryggvadóttir - Persónuvernd	Haltu þig við efnið: Um vefsmíði og innihald vefja Þorfinnur Skúlason - Skýrr	Business Intelligence in Few Clicks with Targit BI Suite Niklas Hjelm Hansen - Targit	
10.50	Document Management and Collaboration Erling Kvalheim - EMC	SharePoint 2010 and Office 2010 Jerry Smith - Microsoft	Árangursstjórnun í OBIEE Hákan Gustavsson - Oracle	Algeng glappaskot við vefsmíði afhjúpuð Ebenezer Þ. Böðvarsson - Skýrr	Þjónustuvefir & vefverslanir Kjartan Sverrisson - 365 / Sigrún Eva Ármannsdóttir - Skýrr	Turning Information into Insight with SAP BusinessObjects Timo Elliot - SAP BusinessObjects	
12.10	Agile Game Development at CCP Aðalsteinn Óttarsson - CCP	Einfaldar stjórnendaupplýsingar úr Microsoft Dynamics lausnum Ívar Harðarson - Skýrr	Hagkvæmni rafrænna innkaupa Þröstur Þór Fanngейrsson / Helga Kristjánsdóttir - Skýrr	Öryggi tölvuskýja (cloud computing) Keith Hale - Safenet	Creating workflows in SharePoint 2010 - What 's new? Serge Luca - DevoTeam	OBIEE í viðskiptagreind Hákan Gustavsson - Oracle	Leiðin til samþættingar Gréttir Einarsson - Skýrr
12.55	Oracle og Sun-yfirtakan: Augljós ávinningur Carsten Braagaard, vélbúnaðarráðgjafi - Oracle	Rafræn viðskipti í Microsoft Dynamics NAV María Leifsdóttir / Styrmir Kristjánsson - Skýrr	Kortir í 12 Gestur Traustason - Skýrr	Þinglýsing rafrænna veðskjala Margrét Hauksdóttir - Þjóðskrá Haraldur Bjarnason - Fjármálaráðuneyti	Meira en matseðlar! Innri vefur LSH Jón Baldvin Halldórsson - LSH	SAP BusinessObjects Explorer Alejandro Serrano / Ragnar Páll Árnason - Skýrr	webMethods Integration Roadmap Jonathan Heywood - Software AG
13.40	Rafrænar viðskiptaferlar: Stöðlun og framtíðarsýn Georg Birgisson - ráðgjafi	LS Retail verslunarkerfi Daði Káráson - LS Retail	Landbúnaðarháskólinn og verkþókhald Theodóra Ragnarsdóttir - Landbúnaðarháskólinn	Open the Door to Identity Management Malin Ridelius - HID	Suðupotturinn Alli Metall - CCP	SAP BusinessObjects XI 4.0 Sneak Peek Alejandro Serrano Garcia - Skýrr	Samþætting upplýsingakerfa - Saga úr heilbrigðisgeiranum Björn Jónsson - LSH
14.30	Íslandssagan í tölum Hjálmar Snær Gíslason - DataMarket	Microsoft Dynamics AX 2009 - Framtíðarsýn Gunnar Karl Nielsson - Microsoft Íslandi	Hagræðing með Oracle Fræðslukerfi Ragnheiður Björgvinsdóttir - Skýrr	Auðkenning milli landa Arnaldur Axfjörð - Stork / Haraldur Bjarnason - Fjármálaráðuneyti	Vöktun á vefnum Gunnar Hólmsteinn - Clara	Excel greiningar á Dynamics NAV gagnagrunni Gunnar Þór Gestsson - Skýrr	Samþætting með Glassfish Hallgrímur Th. Björnsson - Skýrr
15.15	Stærðin skiptir máli Helga Waage - Mobilitus	Hvers vegna skiptir CRM máli fyrir leiðtoga og stjórnendur? Sigurður Ragnarsson - Háskólinn á Bifröst	Eftir R12... Gestur Traustason - Skýrr	How to Secure your Information Regardless of Where It Resides Rune Mehlum - EMC	Facebook fyrir stórfyrirtæki og stofnanir Andrés Jónsson - Góð samskipti	Stjórnun og umsýsla þjónustumiðaðrar högunar (SOA Governance) Baldvin Þór Svavarsson - Skýrr	
16.00	 Lykilræða - James Gosling, faðir Java og fv. þróunarstjóri Sun og Oracle						
17.00	Lokahóf Haustráðstefnu Skýrr 2010 - Léttar veitingar og tónlistarflutningur						

<Haustráðstefna>
SKÝRR

Skráning og dagskrá: skýrr.is

Ástand gjaldmiðilsins verður að ræða í sömu andrá og lífsafkomu almennings.

Krónan og kjörin

Gyłfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, vakti athygli á því í viðtali hér í blaðinu í gær hversu nátengd kjaramál almennings eru ástandi gjaldmiðilsins. Hann sagði meðal annars að launafólk gæti aldrei sætt á að krónan yrði svo veik að Ísland væri samkeppnisfært við láglaunalönd í framleiðslu.

Forseti ASÍ benti á það sem margir aðdáendur íslenzku krónunnar vilja ekki ræða, að hinn „sveigjanlegi“ gjaldmiðill okkar er æ ofan í æ notaður til að hafa af fólk tekjur þess og eignir þegar efnahagslífið verður fyrir áföllum. Lífskjör almennings eru færð niður til að bjarga afkomu útflutningsgreinanna svo að meiri gjaldehyrir komi inn í landið. Um leið og allt verður dýrara þegar innflutningur hækkar í verði rjúka bæði erlendar og verðtryggðar innlendar skuldir heimila og fyrirtækja upp.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Stundum er eins og menn loki algjörlega augunum fyrir því að krónan hrundi. Á dögunum birtust til dæmis niðurstöður könnunar, sem sýndu að verðlag á mat og drykk á Íslandi væri orðið svipað og að meðaltali í Evrópusambandinu. Þetta þóttu ýmsum vinum krónunnar og andstæðingum ESB-aðildar góð tíðindi og þeir héldu því fram að þarna væri ein meginröksemd aðildarsinna, að ESB-aðild myndi lækka matarverð, rokin út í veður og vind. Þeir sem tala svona gleyma að taka með í reikninginn að matur og drykkur á Íslandi er eingöngu ódýrari fyrir þann sem fær launin sín í evrum eða öðrum erlendum gjaldmiðli. Íslenzkt launafólk, sem hefur verið svipt kaupmætti sínum með lækku krónunnar, er verr sett en áður.

Allar tilraunir til að gera fjármagnskostnað íslenzks almennings sambærilegan við það sem gerist í nágrannalöndunum eru sömu leiðis dæmdar til að mistakast á meðan við höldum í ónýtan gjaldmiðil. Í síðustu viku birtist athyglisverð grein í vefritinu Pressunni eftir Guðstein Einarsson, kaupfélagsstjóra í Borgarnesi. Hann reiknar út muninn á greiðslum af 20 milljóna króna húsnæðisláni í íslenzkum krónum, verðtryggðu með fimm prósentu vöxtum í 25 ár og hins vegar af sambærilegu láni hjá evrópskum banka á evrópskum vaxtakjörum. „Mismunurinn er 31,6 milljónir króna eða að meðaltali 105 þúsund krónur á mánuði, hvern mánuði í 25 ár,“ segir Guðsteinn og færir þannig rök fyrir því að skatturinn, sem krónan leggi á fjármögnun íslenzkrar fjölskyldu á meðalstóru húsnæði, sé um það bil þrjátíu milljónir króna.

Gyłfi Arnbjörnsson segir að Alþýðusambandið styðji aðildarviðræður við Evrópusambandið vegna þess að reynslan sýni að sveigjanlegur gjaldmiðill sé bara notaður til að taka af fólk kaupíð. „Alþýðusambandið er ekki með kröfu um að gengið verði í Evrópusambandið hvað sem það kostar, en þetta er partur af umræðu um kjarasamninga, vegna þess að ég held að menn geti ekkert blekt sig í því að krónan verði stöðugri en áður.“

Þeir, sem vilja tryggja kjör íslenzks almennings til frambúðar og stemma stigu við hinum gamla vítahring víxlhækkana launa og verðlags, verða að bjóða trúverðuga lausn í gjaldmiðilsmálum þjóðarinnar. Er hún til án aðildar að Evrópusambandinu?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFUÉLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir:

Rauðiklettur 赤壁 eftir John Woo 吳宇森:

Askja, stofa 132, fimmtudagur 9. september, kl: 17:30 - 19:20

Kvikmyndin Rauðiklettur fjallar um örlagaþrungna stórrustu sem átti sér stað við endalok Han tímans (208-209 e.kr.) og var upphaf sundrungartímabils í Kína. Leikstjórnin John Woo er þekktur fyrir stílmiklar og sjónræan spennumyndir.

Sýningin er öllum opin og án endurgjalds. Sýningartími 140 mín.

Myndin er í tveimur hlutum og verður seinni hluti sýndur á sama tíma föstudaginn 17. september.



Kinversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is



FRÁ DEGI TIL DAGS

Laganemar í forgang

Tekist var á um hvernig gera skal upp gengistryggð lán í Hæstarétti í gær. Málið varðar marga og færri komust að en vildu í dómsalnum, enda var hann þéttsetinn laganemum. Svo mikil var mannmergöin að margir fjölmiðlamenn sem hugðust fylgjast með því sem fram færi þurftu frá að hverfa. Nú skal ekki gert lítið úr mikilvægi þess að laganemar kynnist málarekstri sem þessum milliliðalaust. En svona uppákomur skapa hins vegar hættulegt fordæmi.

Verður að breytast

Ekki er vist að fjarvera fjölmiðla hafi komið mjög að sök í gær, enda er málflytningur fyrir Hæstarétti stórum endurtekið efni. En ástæða þess að réttarhöld eru fjölsótt er jafnan sú að þau þykja athyglisverð utan þess þrönga hóps sem málinu tengist. Þegar svo ber við er nauðsynlegt að fjölmiðlum sé tryggður aðgangur á undan öllum öðrum en málsaðilum sjálfum, því þannig er almennings – eða þess hluta hans sem áhuga hefur á

málinu – gert kleift að fylgjast með framvindunni. Mikilvægi þess í opnu og upplýstu samfélagi verður ekki ofmetið – sérstaklega þar sem fjöldi risavaxinna mála er líklega á leið fyrir dóm á næstu misserum.

Flóttaleið frá fjölmiðlum

Varla vilja margir að sakborningar sem hafa sitthvað að fela og vilja forðast fjölmiðlaumfjöllun geti þannig skipað handbendum sínum í hvert sæti dómsalarins með góðum fyrirvara svo enginn annar komist þar að? Það er ólíklegt. En miðað við gærdaginn er fátt sem kemur í veg fyrir það. stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Og hvað svo?

Atvinnumál



Birkir Jón Jónsson
alþingismaður

Það er ástæða til að óska nýjum ráðherrum og ríkisstjórninni í heild sinni velfarnaðar í erfiðum og vandasömum störfum. Mikil togstreita og vandræðagangur hefur einkennt stjórnina við ráðherraskiptin eins og í svo mörgum öðrum málum. En boða þessi tímamót einhverjar breytingar fyrir samfélagið okkar?

Meðal iðnadamanna, verkfræðinga, fólks án atvinnu og fleiri hópa í samfélaginu hafa heyrst áhyggjuraddir um hvað og hvort yfirhöfuð eitthvað eigi að gera í atvinnusköpun í samfélaginu. Ófl innan ríkisstjórnarinnar virðast ekki kæra sig um að mikilvægar framkvæmdir verði að veruleika, heldur eigi „eitthvað annað“ að taka við. Þetta gamalkunna stef er vel þekkt frá fyrri árum en í dag er ekki hægt að leyfa sér slíkan málflytning á þess að útskýra hvað nákvæmlega er átt við með því og án þess að efndir fylgi orðum. Annars er aðeins um marklaust orðagjálfur að ræða.

Það að hundruð Íslendinga flytji á landi brott í hverjum mánuði og að atvinnuleysi 13.000 Íslendinga sé bláköld staðreynd kallar á aðgerðir stjórnvalda en ekki aðgerðarleysi. Það að slíkur fjöldi fólks sé nú án atvinnu kostar ríkissjóð rúmlega 20 milljarða á ári hverju.

Eftir að hafa hlustað á forystu ríkisstjórnarinnar í kjölfar breyttrar liðskipunar hefur komið í ljós að þótt nýir einstaklingar sitji við stjórnarborðið – þá hefur stefnan í raun ekkert breyst. Aðeins er um að ræða nýtt vín á gömlum belgjum. En stefnunni verður einfaldlega að breyta. Nú á enn að hækka skatta á heimili og fyrirtæki, til viðbótar þeim hækkunum sem voru framkvæmdar á síðasta ári. Ef ríkisstjórnin fer ekki að vakna upp af þeim draumi að endalastað megi að hækka álögur á heimili og fyrirtæki er illa fyrir okkur komið. Við þurfum stjórnvöld sem stuðla að aukinni atvinnusköpun og þar með skatttekjum í stað bótagreiðslna. Viðspyrnan þarf að hefjast nú þegar – það má ekki draga hana lengur.

Reyndar er það svo, ef stöðugleikasáttmálinn sálugi er lesinn, að við blasir að ríkisstjórnin hefur svikið aðila vinnuamarkaðarinnar og hækkað skatta á fjölskyldur og fyrirtæki í miklu meira mæli en þar var kveðið á um. Aðgerðir til að auka atvinnu og styðja við markmið aðila vinnuamarkaðarinnar hefðu dregið úr skattahækkunum og niðurskurði. Því miður hefur ríkisstjórnin kosið aðrar leiðir. Ef fram heldur sem horfir á að velta enn frekari byrðum á heimili og fyrirtæki. Er ekki komið nóg?

Guð láti gott á vita

Stjórnsmál

Svavar Gestsson
fyrirverandi formaður
Alþjóðbandalagsins



Jón Baldvin Hannibalsson er farinn að láta á sér bera aftur. Það sýnir að sumri hallar. Á fundi Samfylkingarinnar sem fjallaði um það af hverju hún fór ekki vel út úr síðustu sveitarstjórnarkosningum kom hann sér á framfæri. Mikilvæg skýring á útkomu Samfylkingarinnar í sveitarstjórnarkosningunum var sú, samkvæmt frásögnum fjölmiðla, að Steingrímur J. Sigfússon skipaði undirritaðan formann

samninganefndar um Icesave. Þetta er vissulega frumleg skýring en nokkuð langt frá staðreyndum. En mikið þarf til að koma sjálfum sér á framfæri þegar menn hafa lokað að sér lengi og þá er gripið til hvaða bragða sem er. Þeir sem hafa fylgst með Jóni Baldvini í áratugi þekkja jöreykinn.

Staðreyndir málsins eru nefnilega þessar:

Þegar ég skilaði niðurstöðu Icesave-samninganna vorð 2009 var almenn áægja með niðurstöðuna víða, meðal annars í Morgunblaðinu. Þá gerðust þau undur að einn ráðherra ríkisstjórnarinnar gerði bandalag við stjórnarandstöðuna um að Ísland ætti ekki að borga

– ætti ekki að taka á sig umræddar skuldbindingar. Það var þeim mun undarlegra sem allir vissu að Sjálfstæðisflokkurinn hafði samþykkt að gera upp Icesave nokkrum mánuðum áður með allt öðrum og óhagstæðari hætti. Síðan gerist það að fyrirverandi formaður Sjálfstæðisflokksins verður ritstjóri Morgunblaðsins og hann er á móti öllu sem ríkisstjórnin gerir; sama hvað það er. Hann sér þarna tækifæri til þess að ná markmiðum sínum sem eru þrjú sem kunnugt er; að koma ríkisstjórninni frá, að verja kvótakerfið og hindra inngöngu í Evrópusambandið. Undir tónsprotta hans verður svo til allsherjarhreyfing gegn

því að gera upp Icesavemálið sem endar með þjóðaratkvæðagreiðslu um ekki neitt. Þar sneru þeir bökum saman ritstjórinn og forseti Íslands sem hafa að öðru leyti ekki verið beint bandamenn síðustu áratuginna.

Um hvað snerist Icesave-samningurinn? Um það að gera málið upp á 15 árum í stað 10 eins og Sjálfstæðisflokkurinn samdi um. Um það borga ekki neitt í sjó ár en restina á átta árum. Um það að nota til þess eignir Landsbankans en Sjálfstæðisflokkurinn hafði samþykkt að taka alla byrðina beint á ríkissjóð. Loks um það að gera upp með 5,5% vöxtum – en Sjálfstæð-

isflokkurinn hafði samþykkt 6,7% vexti á allt.

Þegar Sjálfstæðisflokkurinn sá að hann gat gert bandalag við einn ráðherra í ríkisstjórninni um að setja ríkisstjórnina af í þessu máli þá var ekki að sökum að spyrja. Icesaveklúður ríkisstjórnarinnar er því ekki til; klúðrið er það eitt að hún varð að láta í minnipokann fyrir Icesave-meirihlutanum á Alþingi sem var skipaður stjórnarandstöðunni og einum ráðherra. Nú er sá kominn inn í ríkisstjórnina aftur. Guð láti gott á vita.

Þetta mætti Samfylkingin hafa í huga þegar hún reynir að skilja úrslit sveitarstjórnarkosninganna.

Nauðsynlegur aðskilnaður

Í DAG

Sverrir Jakobsson
sagnfræðingur



Aðskilnaður ríkis og kirkju er ekki dægurmál sem tengist hegðun einstakra framámanna innan þjóðkirkjunnar í fortíð eða nútíð. Hann snýst ekki heldur um það álit sem þjóðkirkjun nýtur meðal almennings frá degi til dags. Þvert á móti er hér á ferð sigilt ágreiningsmál um grundvallaratriði; um ríkjandi viðhorf í samfélaginu til mannréttinda og félagafrelsis.

Staða þjóðkirkjunnar í stjórnarkrá Íslands er mótsagnakennd. Í stjórnarskrá er að finna skýr ákvæði um félagafrelsi og bann við mismunun. Á hinn bóginn er þar einnig ákvæði (62. grein) um að ríkisvaldinu beri að styðja og vernda þjóðkirkjuna – hina evangelísku lútersku kirkju. Til að útrýma þessum mótsögnunum eru tvær mögulegar leiðir. Önnur er sú að breyta ákvæðum

ad þeir sem eru orðnir 16 ára að aldri geti tekið ákvörðun um inngöngu í skráð trúfélag eða úrsögn úr trúfélagi, en „barn skal frá fæðingu talið heyra til sama skráða trúfélagi og móðir þess“ og „það foreldri sem fer með forsjá barns tekur ákvörðun um inngöngu þess í eða úrsögn úr skráðu trúfélagi“. Það er ekki fyrr en barn nær 12 ára aldri að samkvæmt lögum „skal leita áhlits þess um slíka ákvörðun“. Skylduáðild barna að þjóðkirkjunni rímar illa við ákvæði stjórnarskrárinnar um félagafrelsi (74. grein) sem og ákvæði 64. greinar um að öllum eigi að vera frjálst að standa utan trúfélaga. Þessu mætti breyta með því að kveða á um það í lögum um þjóðskrá að ekki eigi að skrá einstaklinga undir 16 ára aldri í trúfélag. Annars mun áfram ríkja vafi á því hvort lög um skráð trúfélag standist stjórnarskrá.

Trúboð í skólum

Annað hlutverk sem þjóðkirkjan hefur tekið að sér undanfarin ár án þess að leiði sérstaklega af stöðu hennar eins og hún er skilgreind í stjórnarskránni er trúboð presta í leikskólum og



Að burðast með fyrirbæri eins og þjóðkirkju í fjölhyggjusamfélagi er þversagnakennt.

um félagafrelsi í ýmsum mannréttindaköflum. Sú leið er þó varla raunhæfur kostur, m.a. þar sem hún stangast á við ýmsa alþjóðlega sáttmála um mannréttindi sem Íslendingar eru aðilar að. Hin leiðin er að breyta 62. grein stjórnarskrárinnar með lögum – eins og tekið er fram í stjórnarskrá að megil gera. Eitt af verkefnum stjórnlagabingsins sem haldið verður 2011 er að taka á þessu ósamræmi.

Félagafrelsi barna

Ekki þarf þó lagabreytingu til að taka á öllum þeim brestum í umhverfi þjóðkirkjunnar sem eru á skjön við rétt til félagafrelsis. Sá mesti og alvarlegasti er sjálfvirk skráning ungbarna í þjóðkirkjuna og önnur trúfélög sem fer fram á vegum þjóðskrár. Ekki verður séð að þessi skráning á ófullveðja börnum í félög standist stjórnarskrárákvæði um félagafrelsi og ekki er hægt að leiða hana sjálfkrafa af 62. grein.

Í lögum um þjóðskrá er kveðið á um að prestar og forstöðumenn annarra trúfélaga eigi að senda þjóðskrá upplýsingar um skírni, hjónavígslur og fleira. Í því felst ekki að þjóðskrá eigi að skrá fólk í trúfélög. Í lögum um skráð trúfélög segir hins vegar

grunnskólum. Ekki er kveðið á um þetta í lögum um grunnskóla eða námskrá grunnskóla. Þar er hins vegar kveðið á um fræðslu í kristinfræði og trúarbragðafræðum á vegum grunnskólanna sjálfra. Heimsóknir presta í grunnskóla og leikskóla sem hluti af opinberu starfi þeirra eru því mismunun gagnvart öðrum trúfélögum og gagnvart þeim sem standa utan trúfélaga. Ekki er um almenna fræðslu að ræða, enda væri hún þá á ábyrgð grunnskóla. Þvert á móti felst innræting í þess konar trúboði og því eðlilegt að mörgum finnst að það eigi ekki að eiga sér stað innan veggja skólanna. Því ætti að taka fyrir slíkan áróður og það er hægt að gera án lagabreytinga af nokkru tagi.

Að burðast með fyrirbæri eins og þjóðkirkju í fjölhyggjusamfélagi er þversagnakennt. Trúarafstaða er lífsskoðun og því er lögvarin ríkistrú ekkert rökréttari heldur en ef einn stjórnsmálaflokkur nýti sérstakrar lögverndar. Á meðan slíkt fyrirkomulag er fyrir hendi í lögum er rík ástæða til að tryggja að það sé skilgreint og skilið með sem þrengstum hætti. Það hefur ekki verið gert í lögum um skráð trúfélög eða í skólastarfi kirkjunnar.

Gott verð á öllum málningarvörum hjá okkur



ODEN EDAL OLIA á palla. Hágæða Silikonalkyd efni. 2.7 lítrar

4.290 kr.



DEKAPRO útímáling, 10 lítrar

6.495 kr.

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM



Deka Pro 4. Loft og veggjámáling. 10 lítrar

4.990 kr.



DekaCryl 7 Innímáling. 10 lítrar

4.990 kr.



Deka Pro 10 Innímáling. 10 lítrar

5.895 kr.



Scala Projekt Grunnur Hvítur. 10 lítrar

4.990 kr.



Scala Steypugrunnur Betoprime glær. 1 líter

595 kr.



Aqua 25 innímáling á böð 4 lítrar

3.995 kr.



Veggspartel medium 10 lítrar

3.995 kr.



Veggspartel fint 0,5 lítrar

695 kr.



Deka Meistaragrunnur Hvítur. 1 líter

1.295 kr.



Deka Meistaraklakk 40 Akryllakk. 1 líter

1.495 kr.



Scala Panellakk Glær. 1 líter

1.295 kr.



Scala Grunnolia 1 líter

895 kr.



Scala útigrunnur tré 1 líter

1.195 kr.

Reykjavík Klettháls 7.
Opíð virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
Reykjanesbær Fuglavík 18.
Opíð virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Akureyri Furuvellir 15.
Opíð virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
HÚSAVIK – FLÚÐIR



MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburði!

ÚTSALA ÁRSINS!

ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR



227 ltr. orkunýting A+
5 ára ábyrgð

84.900,-
~~105.900,-~~

Frystikista Frigor
277 ltr, H-89.5 cm, B-102 cm, D-64,5 cm
1805487

4.495,-
~~5.995,-~~

Áltrappa
4 þrep
5079090

DAMIXA
30-45%
AFSLÁTTUR

damixa



6.499,-
~~12.999,-~~

Hágæða
Eldhúsböndunartæki
Damixa Space
8000850

7.900,-
~~10.999,-~~

Eldhúsvaskur
860x435mm
8032530



64.900,-
~~84.900,-~~

197 ltr. orkunýting A+

5 ára ábyrgð

Frystikista Frigor
Orkunýting A+
84x89.5x59 cm, 197 ltr.
1805493

ÖLL
POWERLINE
VERKFERI
20%
AFSLÁTTUR



3.759,-
~~4.699,-~~

Stingsög
Power plus 500W
5245208

RAFTÆKI
Mikil
verðlækkun

Frigor
5 ára ábyrgð

56.900,-
~~85.900,-~~

Frystiskápur
Orkunýting A
142x58x55 cm
165 ltr.
6 skúffur
1805493

5 ára ábyrgð

ÖLL LJÓS
20-50%
AFSLÁTTUR



RÝMINGARSALA FLÍSAR aðeins 4 verð

VERDFLOKKUR 1
990 kr/m²

Veggflís
Negro Azarbach,
23,5x33 sm
8613060



VERDFLOKKUR 2
1.990 kr/m²

Veggflís
Berlin Beige,
33x60 sm
8613079



VERDFLOKKUR 3
2.990 kr/m²

Gólfplís
Magma Blanco,
33x33 sm
8610356



frostþolnar á svalirnar

VERDFLOKKUR
3.990 kr/m²

Gólfplís
Ethic Brown,
45x45 sm
8630025



frostþolnar, gegnheilar
hornréttar, hágæðaflíslar

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



HÚSASMÍÐJAN



BUDDY HOLLY, tónlistarmaður fæddist þennan dag árið 1936 „*Dauðinn er af mörgum álitinn hið besta framaspor.*“

AFMÆLI



GUÐRÚN HELGADÓTTIR rithöfundur og fyrrum alþingismaður er 75 ára.



ÞORBJÖRN JENSON handbolta- maður og forstöðumaður er 57 ára.



ELMA LÍSA GUNNARS- DÓTTIR leikkona er 37 ára.



HEIÐAR ÖRN KRISTJÁNS- SON tónlistarmaður og leik- skólakennari er 36 ára.

Merkisatburðir

- 1813 Fyrst er vísað til Bandaríkjanna sem Sáms frænda eða „Uncle Sam“ í Troy Post of New York.
- 1822 Brasilía lýsir yfir sjálfstæði frá Portúgal.
- 1874 Sigurður Guðmundsson málari deyr, 41 árs.
- 1992 Haraldur fimmti Noregskonungur og Sonja drottning koma í þriggja daga opinbera hemsókn til Íslands.



Ástkær eiginkona mín,

Jóna Björg Pálsdóttir

hjúkrunarfræðingur

lést á líknardeild Bispebjerg Hospital í Kaupmannahöfn þann 4. september s.l. Útförin verður auglýst síðar.

Birgir Eliasson



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Ringsted Ingimundarson

lést á dvalarheimilinu Hornbrekku, Ólafsfirði sunnudaginn 5. september.

Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju mánudaginn 13. september kl. 14.00.

Sólveig Sigurðardóttir
Bjarki Sigurðsson
Þráinn Sigurðsson
Lísabet Sigurðardóttir
Rögnvaldur Sigurðsson
Sigurður Sigurðsson
Ríkharður Hólm Sigurðsson
Hjörtur Sigurðsson
Kristinn Gíslason
Halla Gísladóttir
Björk Gísladóttir

Matthías Ásgeirsson
Elín Haraldsdóttir
Dröfn Gísladóttir
Leó Sveinsson
Margrét Kjartansdóttir
Hólmfríður Dóra Kristjánsdóttir
Eygló Birgisdóttir
Sigriður Vilhjálmisdóttir
Guðlaugur Eyjólfsson
Kristinn Traustason



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún L. Kristjánsdóttir,

Skála Seltjarnarnesi,

lést að Hrafnistu Reykjavík, föstudaginn 3. september. Útförin verður auglýst síðar.

Unnur V. Duck

Elisabet Stefánsdóttir
Kristjana Stefánsdóttir
Anna Stefánsdóttir
barnabörn og langömmubörn.

Kristján Jóhannsson
Guðmundur Þorkelsson
Reynir Hólm Jónsson

PETTA GERÐIST: 7. SEPTEMBER 1973

Mósaíkmynd Gerðar afhjúpuð

Mósaíkmynd Gerðar Helgadóttur á húsi Tollstöðvarinnar í Reykjavík var afhjúpuð þennan dag fyrir 37 árum.

Forsaga þessa glæsta listaverks var að á húsi Tollstöðvarinnar stóð 250 fermetra gluggalaus veggur sem þótti hafa slæm áhrif á heildargötumyndina. Á þessum tíma fór mikið orð af Gerði Helgadóttur, sem unnið hafði að mósaíklustaverkum erlendis, og var afráðið að biðja hana um mynd sem speglaði lífið við höfnina í Reykjavík.

Gerður hreifst strax að hugmyndinni og var samningur gerður við hana og Bræðurna Oidtmann í Þýskalandi, sem listakonan hafði lengi starfað með að uppsetningu frægra listaverka víða um Evrópu.

Það tók Gerði og listiðnaðarmennina á Oidtmann-verkstæðinu um tvö ár að vinna verkið sem þótti einstaklega vel af hendi leyst og hefur staðist óblíða íslenska veðráttu í áratugi, án þess að láta á sjá. Allar götur síðan hefur Gerður Helgadóttir hlotið



einróma lof fyrir frábært verk, sem prýða mun Reykjavík um ókomin ár.

Heimild: tollstjori.is



ALDARMINNING Hér standa þau saman, María B. Árelíusdóttir og Jón Helgi Þórarinnsson sóknarprestur í Langholtskirkju, en á milli þeirra sést málverk af séra Árelíusi Niélsyni, föður Maríu og sóknarpresti sem hefði orðið hundrað ára í dag.

FRETТАBLAÐIÐ/PJETER

LANGHOLTSKIRKJA: MINNIST 100 ÁRA AFMÆLIS SÉRA ÁRELÍUSAR NÍELSSONAR

Tárfelldi í prédikunarstólnum

Í kvöld verður séra Árelíusar Niéls- sonar, fyrsta sóknarprests Langholts- kirkju, minnst í kirkjunni, en hann fæddist 7. september 1910 í Flatey á Breiðafirði. Minningarathöfnin hefst klukkan 20.

„Séra Árelíus var margþættur maður, afar tilfinningaríkur og mátti ekkert aumt sjá án þess að vera kominn til hjálpar. Hann hafði ríka sýn fyrir samfélagið í heild og var fádæma duglegur prestur sem meðal annars hratt af stað sérstökum kirkjudegi fyrir sóknarbörn sín, en það var heill dagur í samkomu- haldi og skemmtun, sem lauk með balli um kvöldið,“ segir Jón Helgi Þórarinsson sóknarprestur í Langholtskirkju.

Séra Árelíus var kjörinn til kirkju- lauss safnaðar Langholtssóknar 1952 og starfaði þar sem prestur til 1980, en jarðvistina kvaddi hann 1992.

„Þegar Árelíus kom hingað var hverfið ungt og í uppbyggingu. Hér var því engin aðstaða komin; hvorki kirkja, safnaðarheimili né prestsbústaður. Því skírði hann og gifti sóknarbörnin heima hjá sér, en Ingibjörg Þórðar- dóttir, eiginkona Árelíusar, var honum mikil hjálparhella í kirkjustarfinu og mæddi mikið á heimili þeirra sem árum saman var miðstöð safnaðarins,“ segir séra Jón Helgi.

Í kvöld mun María, dóttir Árelíusar, segja frá heimilislífinu og mynd sinni af þjónustu föður síns, ásamt fleirum sem taka til máls og rifja upp persónu og starf séra Árelíusar.

„Prestsstarfið var köllun séra Árelíusar sem reyndar lauk kennara- námi áður en hann lærði til prests. Í hans huga var kennara- og prests- starfið samtvinnað og alla tíð kenndi hann meðfram prestsskap, bæði í for- skóla smábarna heima hjá sér, Vogas- skóla og ýmsum framhaldsskólum. Hans ædsta markmið var að fræða og leiðbeina börnum að hinum góða vegi og varna þeim að fara glapstigu, því áfengi var eitur í augum séra Árelíus- ar,“ segir séra Jón Helgi og bætir við að séra Árelíus hafi verið stakur bindindismaður.

„Hann vann mikið með bindindis- hreyfingunni og í ungmennafélags- anda, en ásamt Helga Þorlákssyni, skólalátrú og fyrsta formanni sókn- arnefndar, ákvað hann að byrja á byggingu safnaðarheimilis í stað kirkjunnar sjálfar, þar sem þeim þótti mikilvægara að byggja upp félagsaðstöðu fyrir unga fólk,“ segir séra Jón Helgi.

Þess má geta að safnaðarheimilin tvö voru vígð 1959 og 1962, en kirkjan sjálf 1984.

„Séra Árelíus hafði stórar hugsjón- ir fyrir börn og unglinga. Hann vildi að allir krakkar lærðu að dansa því það tæki úr þeim feimni og þá þyrfti ekki áfengi í samskiptum kynjanna á erfiðum unglingsárum. Þá eru ógleymanlegar barnasamkomur hans í Hálogalandsbraggunum við Sund þar sem mættu um 500 krakkar

í mikið líf og fjör,“ segir Jón Helgi og víst að margir muna eftir séra Árelíusi.

„Hann var óskaplega vinsæll og margir sem leituðu til hans. Í bókum frá 1954 sést að hann gifti 50 hjón, skírði 200 börn og jarðsöng tugi Reykvíkinga. Þar lét hann tilfinningarnar ráða og var þekktur fyrir að gráta með sorgmæddum söfnuði sínum úr prédikunarstól, rétt eins og þegar hann tárfelldi við hrifnæmar stundir,“ segir séra Jón Helgi og minnst ræðuhalds séra Árelíusar líka, sem var lítt fyrir að endurskoða sitt ritaða orð.

„Frekar vildi hann leyfa textum sínum að fljóta svo mesta andagiftin væri enn í þeim. Þá var hann þekktur fyrir að flytja blaðalaust ávarp í messulok um eitthvað sem honum lá á hjarta og urðu úr áhrifaríkar ræður,“ segir séra Jón Helgi, viss um að enginn fari í fót séra Árelíusar.

„Hann var sín eigin persóna sem enginn getur apað eftir og kom ávallt til dyranna eins og hann var klæddur. Séra Árelíus var einlægur, hrifnæmur og tilfinningaríkur og í kvöld ætluum við að koma saman í hans glaðværa anda, því þannig persóna var hann.“

Allir eru velkomnir í kirkjuna. Þar syngur Davíð Ólafsson sálma og veraldleg lög eftir séra Árelíus og opnuð verður sýning með munum og myndum sem tengjast séra Árelíusi.

thordis@frettabladid.is

Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg verður framtíðar-
aðsetur nýrrar stofnunar sem verður til við sameiningu
Landlækniseimbættisins og Lýðheilsustöðvar um næst-
komandi áramót.



ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufultrúar **Henny Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Andlitsnudd og maski
Verð: 6.500 kr.

50 mín. heilsunudd
Verð: 6.500 kr.

Tilboðið gildir í september 2010

Tennisþjálfarinn Jón Axel Jónsson telur Íslendinga getað náð langt í tennis þótt mörgu sé ábótavant.

Getum náð betri árangri

Ég held að við stöndum ágætlega að vígi, svona í ljósi aðstæðna. En betur má ef duga skal, við þurfum klárlega að vinna í því að lyfta íþróttinni á hærra stöðu," segir Jón Axel Jónsson tennisþjálfari sem er nýkominn til landsins frá Flórída, þar sem hann tók alþjóðaréttindi í tennis samhliða því að þjálfar.

Óhætt er að segja að Jón Axel sé reynslunni ríkari eftir dvölinu ytra þar sem hann lék og þjálfaði tennis, fyrst við King College háskóla í Tennessee þar sem hann lagði stund á viðskiptafræði og íþróttastjórnun í á fimmta ár og síðar við Red Bug Country-lake í Flórída sem er virtur tennisklúbbur. Hann fer ekki dult með þá skoðun að íþróttin standi mun betur að vígi í Bandaríkjunum en héraendis sem stafi meðal annars af þeim ólíku augum sem þjóðirnar tvær líti íþróttina.

HEILSA | 3

Eirberg

Heilsudýnan sem slegið hefur í gegn

Nálastungudýnan

- Dregur úr vöðvaspennu
- Höfuð- háls- og bakverkjum
- Er slakandi og bætir svefn
- Notkun 10-20 mínútur í senn
- Gefur þér aukna orku og vellíðan

Opið virka daga frá kl. 9 - 18

Verð: 9.750 kr.

Sími 569 3100 • Stórhöfða 25 • www.eirberg.is

Patti.is

Landsins mesta úrval af sófasettum

Leður bogasófi Verð 349.900 kr.

Þorðstofustolar í úrvali Verð frá 12.900 kr.

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 - Laugard. frá 11 til 16

KRINGÓMA

Ný tækni . Betra verð . Fagleg þjónusta

Nýju ReSound heyrnartækin endurvekja tilfinningu fyrir hljóðum sem berast úr hvaða átt sem er á svipaðan hátt og þegar skipt er úr einföldum steriótækjum með tveimur hátölurum í kringóma (surround) heimabíó með hátalara til allra átta.

ReSound heyrnartækin setja mann í miðpunkt hljóðheimsins sem maður hrærist í. Þegar maður getur fylgst betur með hljóðum sem berast úr öllum áttum nýtur maður góðs hljóms mun betur. Auðveldara er að átta sig á hvaðan hljóðið berst og maður getur notið þess að tala við fólk þó hávaði sé í umhverfinu.

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur -www.heyrn.is

Tímapantanir
534 9600

ReSound
rediscover hearing



Blóðbankabíllinn er ávallt á ferð og flugi. Þannig verður hann við ráðhúsið á Akranesi í dag, á Húsvík eftir viku og á Glerártorgi á Akureyri miðvikudaginn 15. september.

FLOTT Í SUMAR...
Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar

Nýtt og enn öflugra
System + fyrir dömu og herra kr. 34.995,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skilunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU

UNGBARNANUDD
Námskeið 9. september nk.

BAKNUDDNÁMSKEIÐ
Námskeið 18.-19. september nk.

ANDLITS- OG HÖFUÐNUDD
Námskeið 11. september nk.

Upplýsingar í síma 896-9653 og á www.heilsusetur.is.

Heilsusetur Þórgunnu
552 1850 / 896 9653 · www.heilsusetur.is

Viðurkenndur sérmenntaður kennari með 20 ára reynslu

Cos hættir!
Komdu núna og gerðu frábær kaup. Útsölnni lýkur 7. September.

Cos Glæsibæ

Mjúkir og þægilegir götuskór úr leðri, skinnfóðraðir.

Teg. 5002
litur: svart/brúnt
Stærðir: 37-41
Verð: 13.950,-

Teg. 16K
litur: brúnt
Stærðir: 37-41
Verð: 13.950,-

Misty skor
Laugavegi 178

Sími 551 2070.
Opíð mán.-fös. 10-18.
Laug. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

f Vertu vinur f



Prajnaparamita heldur nokkur námskeið hér á landi í tengslum við hátíðina Heimsljós.

Friðurinn og sáttin er innra með okkur öllum

Með því að leita inn á við geta allir fundið frið og orðið sáttir, segir hin hollenska Prajnaparamita. Hún heldur nokkur námskeið á hátíðinni Heimsljósi sem haldin verður í Mosfellsbæ í vikunni.

Prajnaparamita er einn þekktasti andlegi leiðbeinandi Hollands eins og segir á heimasíðu Heimsljós-hátíðarinnar. Hún hefur komið nokkrum sinnum til Íslands og ætíð til að leiða svonefndar satsang-stundir, sem eru samverustundir með andlegum leiðtoga þar sem markmiðið er að líta „á þær hindranir sem geta staðið í vegi fyrir því að fólk nái að lifa gleðina og ljósið sem býr innst í hjarta sérhvers manns“.

„Margir eru sem fangar streitu og kvíða og upplifa að það sé svo erfitt að finna jafnvægi í lífinu og lifa án þess að hafa sífelldar áhyggjur,“ sagði Prajnaparamita þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hennar.

„En það er möguleiki að finna frið og ná sáttum við sjálfan sig.“

Paraprajnamita segir að í uppvesti sínum hafi hún ætíð verið leitandi. „Ég var alin upp við öll lífsins gæði en það var aldrei nóg fyrir mig. Ég leitaði svara í kristinni trú, en fann ekki það

sem ég var að leita að. Svo leitaði ég svara í heimspeki, lagði stund á sálfræði í háskóla.“

Prajnaparamita var komin hátt á þrítugsaldurinn þegar hún kynntist ShantiMay, sem varð til þess að hún fann leiðina að sínum innri friði. Síðan þá hefur hún farið víða um heim og haldið námskeið. Hún leggur áherslu á það að allir séu velkomnir, og fundir hennar snúist alls ekki um að boða trú.

„Það er alls konar fólk sem kemur til mín, menntað og ómenntað, ungir sem aldnir.“ Hún segir einstaklega gaman að koma til Íslands. „Þið Íslendingar eruð svo heppnir, þið hafið þessa fallegu náttúru og mikið landflæmi. Hér í Hollandi er svo mikið þéttbýli sem getur verið streituveldandi,“ segir Prajnaparamita.

Fyrsta námskeiðið hennar að þessu sinni verður á fimmtudagskvöldið kl. 19.30 í Lágafellsskóla. Þau eru tveir og hálfur tími og eru í formi spurninga og svara. - sbt

Heimsljós

NOKKURRA DAGA HÁTÍÐ MANNRÆKTARFÉLAGSINS HEFST Á FIMMTUDAG.

Prajnaparamita verður með satsang námskeið í tengslum við Heimsljóshátíðina sem haldin verður dagana 9. til 12. september í Mosfellsbæ. Aðalmarkmiðið með hátíðinni „er að hleypa jákvæðni og samhyggð inn í íslenskt samfélag. Ætlunin er að koma fram með nýjar hugmyndir og líta til þeirra gilda sem flestir eru sammála um að raunverulega skipti máli í lífinu. Einnig mun verða kynnt það starf sem nú þegar er unnið af mörgu góðu fólki með það að markmiði að benda á leiðir til að huga að líkama og sál,“ segir á heimasíðu hátíðarinnar sem Mannræktarfélag Íslands stendur fyrir. Nánari upplýsingar er að finna á www.heimsljos.is.

JÓGADANSFLÆÐI
Föstudaga kl. 17:30

Námskeið hefst 10. september í Gerðubergi Reykjavík

Pulsinn
námskeið

Marta Eiríksdóttir

Skráning og nánari upplýsingar í síma 848 5366 og www.pulsinn.is

Hefur þú viljann, þá hef ég uppskriftina ...

Lærðu að borða hollan og góðan mat og taktu á aukakílónum. **5 kíló á 5 vikum!**

Sjá nánar á www.vigtarradgjafarnir.is

Íslensku Vigtarráðgjafarnir
vigtarradgjafarnir.is
865-8407

Alþjóðlega verkefnið Göngum í skólann í ár verður sett hér á landi 8. september næstkomandi. Meginmarkmiðið er að hvetja nemendur og foreldra til að ganga, hjóla eða fara á annan virkan hátt til og frá skóla.

www.lydheilsustod.is




Að mati Jóns Axels búa Íslendingar yfir hörku, þrautseigju og öðrum eiginleikum sem nauðsynlegir eru til að ná langt í tennis. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Framhald af forsíðu

„Tennis er litinn mun alvarlegri augum í Bandaríkjunum en hérna, þar sér maður til dæmis fólk langt fram eftir aldri spila þetta sport af mikilli hörku. Bandaríkjamenn búa auðvitað svo vel að geta leikið tennis undir berum himni allt árið um kring en við verðum að spila innandyrna og sem stendur er húsnæðið orðið af skornum skammti þótt aðstaðan sem fyrir er sé til fyrirmyndar. Það segir sig kannski líka sjálft að miklu fleiri komast

fyrir á einum fótboltavelli en tennisvelli og þetta er því fljótt að fyllast.“
Jón Axel segir mikilvægt að bregðast við húsnæðisskortri til að hlúa betur að því unga hæfileikafólki sem er að stíga fram á sjónarsviðið. „Mér fannst gaman að uppgötva eftir að ég kom heim hversu margar vonarstjórnur við eigum og get þar nefnt Soffíu Sóley Jónasdóttur, 7 ára, Kjartan Pálsson, 14 ára og Vlado Ristic, 13 ára, sem ég hef verið að kenna hjá TFK. Þetta eru allt saman krakkar sem hafa burði til að ná langt á alþjóðavísu og hafa notið góðs

af að spila í flottri aðstöðu, sem sýnir hversu nauðsynlegt er að hún sé til fyrirmyndar.“
Jón Axel ætlar að leggja sitt á vogarskálarnar með því að þjálfar og halda utan um námskeið í Tennishöllinni í Kópavogi í vetur. „Við verðum með ýmis spennandi námskeið í vetur, fyrir byrjendur og lengra komna, börn og fullorðna svo sem kvennakvöld, karlakvöld og meistaraflokksæfingar, tvíliðaleikstaktík og cardiotennis,“ segir Jón Axel og bætir við að hann hlakki til að fá að þjálfar sitt fólk eins og hann orðar það sjálfur. roald@frettabladid.is



MRI skönnun á heila.

MS eftir árstíðum

EINKENNI MS-SJÚKDÓMSINS GÆTU BREYST EFTIR ÁRSTÍÐUM.

Bandarísk rannsókn sem greint er frá á vef BBC sýnir fram á tengsl milli nýrra heilaskemmda í MS sjúklíngum og mismunandi árstíða.

Gerður var samanburður á MRI heilaskönnun MS sjúklínga í eitt ár og veðurfari þess tíma. Eftir eitt ár höfðu 310 nýjar heilaskemmdir orðið hjá þeim 44 einstaklingum sem rannsóknin tók til. Mesta athygli vakti sú staðreynd að skemmdirnar voru þrjár sinnum líklegri til að myndast þegar veður var heitt, á vorin og sumrin. - sg

Esjan að hausti – alveg fram að jólum

„Esjan að hausti – alveg fram að jólum,“ er verkefni sem hefst um miðjan september hjá FÍ ef næg þátttaka fæst. Þá verður boðið upp á tvær fjallgöngur í viku á Esjunu, eina í miðri viku og eina um helgar.

Fararstjóri í öllum Ejsugöngunum er Þórður Ingi Marelsson

Verkefnið er ekki sist hugsað sem frábær líkamsrækt og góður félagskapur í glaðværum og jákvæðum hópi fjallamanna.

Sérstakur undirbúningsfundur verður haldinn þriðjudaginn 7. september kl. 19 í sal FÍ Mörkinni 6.

Þátttökugjald í verkefnið er kr. 15.000/18.000



Skráðu þig inn – drífðu þig út
Ferðafélag Íslands

GÁSKI
Sjúkraþjálfun



Gáski sjúkraþjálfun
fagnar nýjum sjúkraþjálfara
Sævari Ómarssyni

Sævar er kærkomin
viðbót við hóp
20 sjúkraþjálfara sem vinna
í Gáska Bolholti og Mjódd

Sími 568 9009
gaski@gaski.is
www.gaski.is

Fararstjórn erlendis

Meðal námsefnis:

- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.



Ferðalandafræði: Evrópa, Asia, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

Leiðbeinendur eru: Kjartan Trausti Sigurðsson fararstjóri, Pétur Björnsson Consúll, Jóhanna Kristjónsdóttir blaðamaður, Höskuldur Frimannsson leiðsögumaður, Sigurður A. Magnússon rithöfundur, Magnús Björnsson fararstjóri, Pétur Óli Pétursson fararstjóri, Bjarni Randver Sigurvinsson guðfræðikennari, Sr. Bjarni Karlsson sóknarprestur, Ómar Valdimarsson blaðamaður.



Ferðamálaskóli Íslands Opið 8-22

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

Viltu breyta mataræðinu til batnaðar á einfaldan og öfgalausn hátt?

INGA KRISTJÁNSDÓTTIR næringarþerapisti D.E.T. kennir ykkur hve einfalt það getur verið að bæta mataræðið og hvaða ráð hún hefur til þess.

Farið verður með einföldum hætti yfir:

- Hverju er hægt að skipta út og hvað kemur þá í staðinn
- Hvernig hægt er að þekkja muninn á hollri og skaðlegri fitu
- Hvernig þú getur haldið fullri orku allan daginn og losnað við sykurbörf og þreytuköst



Þetta er ekkert flókið!

Inga er búin að halda yfir 40 fyrirlestra um efnið enda nálgunin einföld, skýr og hentar öllum sem áhuga hafa á breyttum lífsháttum.

Þriðjud. 14. sept. kl. 19:30 - 22:00
í Heilsuhúsinu Lágmúla 5

Innifalið í námskeiðinu er mappa með uppskriftum og fróðleik. Verð: 4.400.-

Nánari upplýsingar og skráning í síma 8995020 eða á eig@heima.is



Auglýsingasími

512 54 01



Allt sem þú þarft...



Egill Einarsson einkapjálfafræðingur er einlægur áhugamaður um þjálfun og hlakkar til að hlýða á fyrirlestur Michaels Boyle á námskeiðinu í Keili.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýjustu fræðin beint í æð

Heilsuskóli Keilis stendur fyrir þriggja daga endurmenntun fyrir fagfólk í þjálfun og heilsurækt og aðra þá sem hafa einlægán áhuga á líkamsrækt. Þrír heimsþekktir leiðbeinendur ausa af viskubrunni sínum.

„Mike Boyle er einn besti styrktarþjálfari í heiminum. Ég er mikill aðdáandi hans og trúði því varla þegar ég frétti að hann væri að koma til landsins,“ segir Egill Gillz Einarsson einkapjálfafræðingur sem ætlar að taka þátt í þriggja daga endurmenntunarnámskeiði Heilsuskóla Keilis dagana 23. til 25. september. Þar munu þrír leiðbeinendur frá Bandaríkjunum fara yfir helstu nýjungar í heimi þjálfunar.

„Þetta námskeið er fyrir alla sem hafa áhuga á líkamsrækt og er sérstaklega gott fyrir alla þjálfara hvort sem þeir þjálfu fótbolta, fimleika eða eru einkapjálfarar,“ segir Egill og telur mjög mikilvægt að fólk í þessum bransa fylgist vel með nýjungum. „Ef þú fylgist ekki með verður þú orðinn risaæða áður en þú veist af,“ segir hann kankvíslega.

Egill segir foreldra afreks-íþróttafólks hafa mikinn hag af því að sitja námskeiðið, sérstaklega fyrsta daginn þegar fjallað verður um næringarfræði. „Maður tekur oft eftir því að foreldrar vilja vel en vita bara ekki hvað eigi að vera til í ísskápnunum heima. Þeir eru kannski með unglings á heimilinu sem er að reyna að komast að í meistara-flokki í fótbolta eða hvað sem er, og þá hjálpar gríðarlega að foreldrar viti eitthvað um næringu og mataræði.“

Egill bendir einnig á að verðið á námskeiðinu sé mjög gott. „Stakur dagur kostar 24.900 og allir þrír eru á 64.900. Sem dæmi má nefna eða einn dagur með Boyle í Bandaríkjunum kostar 190 þúsund kall.

Við erum að fá þetta á klink miðað við hvaða nagli þetta er.“

Leiðbeinendurnir þrír koma allir frá Bandaríkjunum. Þeir eru dr. Chris Mohr, Michael Boyle og Dave Jack. Hver og einn sér um einn dag á námskeiðinu.

Fyrsta daginn tekur til máls dr. Chris Mohr sem er með doktorsgráðu í næringarfræði auk þess að vera mikill íþróttamaður, enda hefur hann sjálfur lokið heilli Ironman þriðraut. Hann hefur mikla reynslu af því að vinna með allt frá almenningi til atvinnuíþróttamanna. Í dag vinnur hann meðal annars með úrvalsdeildarliði í amerískum fótbolta. Mohr birtist oft á sjónvarps-skjám Bandaríkjamanna sem sérfræðingur um næringu.

Fremstur í flokki jafningja fer Michael Boyle sem þykir einn besti sérfræðingurinn á sviði styrktar- og ástandspjálfunar, frammistöðupjálfunar og almennrar þjálfunar. Hann sér um dag tvö á námskeiðinu. Þekktastur er hann fyrir þjálfun á íþróttamönnum en hann hefur annast styrktarþjálfun afreksmanna úr flestum íþróttgreinum. Mike hefur haldið óteljandi fyrirlestra um öll Bandaríkjin á sviði styrktar- og ástandspjálfunar og íþróttapjálfunar. Hann hefur gefið út ný kennslumyndbönd um styrktarþjálfun og gefið út tvær bækur: Functional Training for Sports (2003) og Advances in Functional Training (2010).

Þriðja daginn er komið að þjálfaranum Dave Jack. Fyrri hluta dags kennir hann þátttakendum nokkur lykilatriði sem skipta máli



Michael Boyle líkamsræktarfrömuður þykir einn fremsti sérfræðingur á sviði styrktar- og ástandspjálfunar í heiminum.

þegar hjálpa á skjólstaðingi að ná hámarksárangri.

Eftir hádegi tekur Jack fyrir spennandi þjálfunaraðferðir sem taka mið af vöðvamassa/efnaskipta-þjálfun eða Metabolic/Density Training eins og það kallast á ensku. Þar fá þátttakendur að taka vel á því.

Námskeiðið fer fram í salnum Andrews theater á Ásbrú og því geta hæglega hundrad manns setið námskeiðið. Verklegrir þættir verða síðan kenndir í íþróttahúsinu á staðnum.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.keilir.net en skráningu á námskeiðið lýkur 10. september. Þátttakendur eru hvattir til að kanna endurmenntunarstyrki hjá sínum stéttarfélagum og/eða íþróttafélögum.

solveig@frettabladid.is

Kynning

Saddur án samviskubits

Á veitingastaðnum Culiacan í Faxafeni geta viðskiptavinir gengið að því visu að fá mat unninn úr fersku og góðu hráefni. Allar sósur, salsa og guacamole er útbúið daglega frá grunni. Fólk talar um að því líði vel af matnum, ólíkt því sem það upplifir eftir hefðbundinn skyndibita sem er oft djúpsteiktur og með majones-sósum.

Hollur og ljúffengur mexíkóskur matur er aðalsmerki veitingastaðarins Culiacan. Gestir geta gengið að því visu að fá þar fitulítinn mat sem unninn er úr góðu og fersku hráefni að sögn Sólveigar Guðmundsdóttur, sem getur þess að svokallaðir fitness-réttir hafi notið mikill vinsælda upp á síðastkastið.

„Fitness-réttina vann ég í samstarfi við næringarfræðinginn og einkapjálfafræðinginn Geir Gunnar Markússon með það að markmiði að halda kaloríufjöldanum í lágmarki. Réttirnir eru léttir og góðir og því tilvalinn hádegismatur, sérstaklega fyrir þá sem vilja huga að línunum,“ útskýrir Sólveig og nefnir fitness burritos sem dæmi um vinsælan rétt á matseðli. „Þetta er hveihveiti tortilla með pintobaunum, kjúkling, sterkri eða mildri sósu, fersku salsa, sýrðum rjóma og káli, einstaklega bragðgott og aðeins um 397 kaloríur. Ef fólk vill grennast er æskilegt að huga vel að kaloríu inntöku. Þetta er mjög einfalt. Gott er að hver máltíð sé um 350-450 kaloríur.“

Sólveig hefur lagt áherslu á hollan matseðil á Culiacan frá því að hún stofnaði staðinn fyrir sjö árum og segir Íslendinga hafa tekið því fagnandi að fá bragðgóðan og hollan mexíkóskan mat. „Við til dæmis djúpsteikjum ekkert hérna eins og tíðkast víða erlendis heldur grillunum kjúklinginn og eldum sósurnar okkar og salsa frá grunni. Munurinn á þannig mat eða mat



Hollur og ljúffengur matur er aðalsmerki veitingastaðarins.

þar sem stór hluti kemur úr einhverjum dollum er mikill. Það segir sig sjálft að sósa sem stendur í krukku í marga mánuði er ekki sambærileg við þá sem er útbúin frá grunni daglega úr fersku hráefni og kryddjurtum. Landsmenn tóku strax vel í þessa viðleytni enda erum við sem þjóð mjög meðvituð um allt sem viðkemur heilsunni.“

Á matseðli Culiacan er bæði að finna nýja rétti og eldri sem notið hafa vinsælda frá upphafi, en Sólveig segist gæta þess að vera alltaf með hæfilega blöndu af hvorutveggja. „Matseðillinn er að stórum hluta óbreyttur frá upphafi og inn á milli eru svo nýir réttir. Tostada er dæmi um nýlega viðbót, það er að segja tortilla sem minnir á þunnan og stökkan pitsabotn þakinn kræsingum. Þannig erum við sífellt að reyna að höfða til viðskiptavina okkar með nýjungum í bland við sívinsæla og góða rétti.“



Mikil vinna er lögð í matseldina. Hér sést eigandinn Sólveig að störfum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Fitness burritos kostar 1.090 krónur og er aðeins 397 kaloríur.



Á Culiacan er kjúklingurinn grillaður og gefur það mikið bragð í réttinum.

tómstundir og útivíst

ÞRIÐJUDAGUR 7. SEPTEMBER 2010



FRÉTTABLAÐIÐ

Lausir tímar í tennis í vetur og byrjendanámskeið í tennis

Eigum nokkra mjög góða tíma lausa í haust:

Mánudaga kl. 18:30 og 19:30
Miðvikudaga kl. 18:30 og 20:30
Fimmtudaga kl. 20:30
Föstudaga kl. 18:30
laugardaga kl. 8:30, 9:30 og 10:30
Sunnudaga kl. 11:30

Einnig nokkra góða tíma í hádeginu:

11:30 og 12:30 á þriðjudögum
og miðvikudögum

Eigum einnig nokkra morguntíma.
Skráning á byrjendanámskeið er hafin
Upplýsingar og pantanir í síma 564 4030.




TENNISHÖLLIN
Kópavogi



● STÓRKOSTLEGIR HAUSTLITIR

Ferðafélag, FFA, Akureyrar stendur fyrir ýmsum ferðum nær allan ársins hring. Næsta ferð á vegum félagsins er árleg haustlitaferð dagana 11. til 12. september. Þá verður lagt af stað frá FFA klukkan 10 um morguninn, ekið í Svartárkot, gengið í Botna, gisti í skála félagsins í Suður-árbotnum og snúið við daginn eftir. Tilgangurinn með ferðinni er að skoða haustliti svæðisins sem eru stórkostlegir að sögn þeirra sem til þekkja. Allar nánari upplýsingar um ferðina og áætlun félagsins næstu mánuði er að finna á heimasíðu þess www.ffa.is.



● **FJÖLBREYTT STARF FYRIR FATLAÐA** Íþróttasamband fatlaðra hefur yfirumsjón með þeim íþróttagreinum sem fatlaðir stunda á Íslandi, en þar er af nógu að taka. Boccia, bogfimi, borðtennis, lyftingar, sund og frjálssár íþróttir eru þar á meðal, auk þess sem æft og keppt er í fimleikum, knattspyrnu, keilu og vertraríþróttum af ýmsum toga. Allar nánari upplýsingar á heimasíðu sambandsins ifs.is.

● **VIÐHALD BIFREIÐA** Endurmenntunardeild Tækniskólans býður upp á námskeið fyrir hinn almenna bílstjóra þar sem þátttakendum er kennt að sjá um viðhald og minni viðgerðir bifreiðar. Verklegr þjálfun fer fram á námskeiðinu undir leiðsögn reyndra bifreiðaviðgerðarmanna og viðfangsefni eru til að mynda hjólbarðar og umhirða á vél og krami. Námskeiðið hefst á morgun, 8. september, og stendur til 22. september og er kennt í húsnæði Nú – þú sjálfspjónustunnar í Hafnarfirði á mánudags og miðvikudagskvöldum frá klukkan 19-22.



„Enn frekari vísbending um auknar hjólreiðar í borginni er svo að salan í aukabúnaði, nagladekkjum, bögglaberatöskum og slíku hefur aukist um 30-40 prósent á síðustu tveimur árum,“ segir Ragnar Ingólfsson hjá Erninum.

Annir á verkstæðum

Annir á reiðhjólaverkstæðum hafa aukist umtalsvert eða um allt að 40 prósent síðustu tvö árin. Þá hefur sala á aukabúnaði, svo sem nagladekkjum og töskum á bögglabera og öðru sem gefur til kynna aukna notkun reiðhjóla, stóraukist.

„Það sem við sjáum í sölu á varahlutum fyrir reiðhjól, sem snúa að sliti reiðhjóla, gefur óyggjandi vísbendingu um að fólk sé að nota hjólin sín meira sem samgöngutæki. Þannig hefur orðið gríðarleg aukning í sölu á þessum standard búnaði sem slitnar á reiðhjólum, tannhjólum og slíku, eða um 30-40 prósent aukning,“ segir Ragnar Ingólfsson, sölustjóri hjá Erninum. „Við sjáum þetta vel á verkstæðinu sem áður stóð ekki undir sér yfir vetrartímann en er nú fullt allan ársins hring.“ Mikið er einnig um að fólk sé að ná í gömlu hjólin sín að

sögn Ragnars, hjól sem hafa staðið óhreyfð í bílskúrnum lengi og minna um að fólk fái sér nýtt hjól á hverju ári eins og algengt var fyrir hrun. „Enn frekari vísbending um auknar hjólreiðar í borginni er svo að salan í aukabúnaði, nagladekkjum, bögglaberatöskum og slíku, hefur aukist um 30-40 prósent á síðustu tveimur árum.“

Forsvarsmenn reiðhjólaverslanna hjá Markinu, GÁP fjallahjólábúðinni og Hvelli taka í sama streng og Ragnar. Ágúst Ágústsson hjá GÁP Fjallahjólábúð segir að fólk vilji einnig frekar hjól með rennilegri dekkjum en áður, sem henta malbiki.

„Aukning í reiðhjólaviðgerðum nemur líklega um 30 prósent hjá okkur,“ segir Guðmundur Tómasson framkvæmdastjóri hjá Hvelli. Guðmundur segir sölu á borgarhjólum og almennum ferðahjólum hafa aukist á kostnað fjallahjóla. „Hjólreiðahjálmar seljast betur og fólk er greinilega að gera hjólreiðar að

aðalferðamáta hjá sér, sem sést til dæmis í söluaukningu á þeim aukabúnaði sem þarf til þess, svo sem nagladekkjum og töskum á bögglabera fyrir léttan farangur.“

Jóna Hildur Bjarnadóttir, sviðsstjóri almenningsíþróttasviðs ÍSÍ segir augljóst á þátttökutölum í átakinu Hjólað í vinnuna, að hjólið sé á hraðri siglingu sem samgöngutæki. Rúmlega 2.000 fleiri einstaklingar tóku þátt í átakinu Hjólað í vinnuna nú í ár en árið 2007. „Við höfum fundið það á spjalli okkar við hjólreiðabúðir að sala á nagladekkjum hefur aukist gríðarlega og fólk er greinilega að lengja hjólatímabilið með nagladekkjunum. Nú í ár vitum við um tvo til þrjú vinnustaði sem keyptu hjól fyrir starfsmenn sína og samgöngusamningar eru í gildi hjá nokkrum fyrirtækjum, þar sem þeir sem koma á reiðhjóli til vinnu fá styrk. Ný samgöngustefna Reykjavíkurborgar lofar svo góðu og við bindum miklar vonir við enn meiri aukningu í hjólreiðum.“ -jma

Geta æft allt nema spilið

Kylfingar þurfa hvað úr hverju að fara að sætta sig við að golftímabilinu er að ljúka. Það er víst ekki öll nótt úti þrátt fyrir það og er ýmislegt hægt að gera til að halda sér við eins og Brynjar Eldon Geirsson, íþróttastjóri Golfklúbbs Reykjavíkur, veit manna best. Hann segir hægt að æfa allt nema spilið yfir vetrartímann og að þannig geti menn komið vel undirbúnir út í vorið.

Brynjar er einn fjögurra eigenda Pro Golf en þar er hægt að skrá sig á fjölda námskeiða allt árið um kring. „Við erum bæði með hópa- og einstaklingsnámskeið og bjóðum upp á byrjendanámskeið og námskeið fyrir lengra komna. Á byrjendanámskeiðunum er farið yfir alla þætti leiksins. Fólk lærir að pútta fyrstu vikuna, vipa aðra og svo trekkist þetta upp. Á framhaldsnámskeiðunum er svo unnið frekar með ákveðna þætti. Við erum með inniaðstöðu að Gilsbúð 7 í Garðabæ en sláum lengri högginn á skotæfinga-



Brynjar segir kylfinga ýmislegt geta gert til að tryggja að þeir komi vel undan vetri.

svæðinu í Básam,“ segir Brynjar. Hann segir að skotpallurinn í Básam hafi nýverið verið lokaður af með hurðum og því ættu motturnar að verða snjólausar í vetur. Brynjar segir golfklúbba marga hverja bjóða upp á námskeið og félagsstarf yfir veturinn auk þess sem talsvert sé um að menn nýti sér golfherma og púttastöðu golfklubbanna sem og annarra einkaaðila.

En hvað er hægt að gera til að halda sér í formi? „Mörgum kylfingum finnst það gera sér gott að stunda jóga en svo hefur það færst í aukana að líkamsræktarstöðvarnar bjóði upp á sérstök námskeið fyrir kylfinga og höfum við verið í samstarfi við NordicaSpa þar sem líkamsræktarkerfið TPI (Titleist Performance Institute) er kennt,“ segir Brynjar.

**Heilbrigð
Útivist í 35 ár**

35 ára afmælishátíð
Útivistar í Básam
helgina 17.–19. september.

Spennandi ferðir á haustdögum

- Hraðferð um Laugavegin 16.–19. septembar.
- Grill og haustlitaferð í Básam 17.–19. september.
- Vöð og vatnasull á jeppum 1.–3. október.
- Kjötsúpuveisla í Dalakofanum 15.–17. október.
- Vonarskarð, jeppaferð 8.–10. október.



ÚTIVIST
Laugavegi 178. Sími 562 1000. www.utivist.is

BE FASTER RUN SMOOTHER

Supernova Sequence



adidasRunning.com



GET COACHED TO A FASTER YOU
adidas miCoach app

Receive a complimentary coaching app
with your footwear purchase.

Jafnvægi á milli hugar og líkama

Tai Chi er aldagamalt kínverskt hreyfikerfi sem hentar þeim sem vilja næra bæði líkama og sál. Það er stundað úti jafnt sem inni.

Þær S. Hafdís Ólafsdóttir og Svanlaug Thorarensen hafa kennt Íslendingum Tai Chi um margra ára skeið og byrja með ný tíu vikna námskeið í næstu viku. „Tai Chi er aldagamalt kínverskt hreyfikerfi þar sem leit að er að jafnvægi milli hugar og líkama. Mikil áhersla er lögð á að kyrra hugann og fá þannig fram slökun og meðvitund um þá orku sem í okkur býr,“ segir Hafdís. Hún segir undirstöðuæfingarnar „Reeling Silk“ líkja eftir hreyfingum silkiorms í púpunni og miða að því að opna orkubrautir og auka vellíðan.

„Á námskeiðinu verður farið í þessar æfingar og Tai Chi stöðuna. Þá munum við kenna LaoJia hreyfikerfið sem er kjarni allra Tai Chi kerfa í dag ásamt því að kynna stuttlega kerfi með sverði.“

Hafdís segir Tai Chi skapa gott mótvægi í þjóðfélagi sem einkennist af miklum hraða og að

það sé áhugaverð leið til að bæta andlega og líkamlega heilsu. Hafdís og Svanlaug hafa sjálfar æft Tai Chi um margra ára skeið og sótt fjölda námskeiða hjá læri-meistara sínum Kinthissu frá Ítalíu sem kemur reglulega til landsins.

„Hún hefur stundað Tai Chi í þrjátíu ár og er nemandi hins þekktu kínverska meistara Chen Xiao Wang. Kinthissa ferðast víða um heim og heldur námskeið. Nýlega gaf hún út bókina „Turning Silk; A Diary of Chen Taiji Practise, the Quan of Change.“ Þá heldur hún úti áhugaverðri heimasíðu á slóðinni www.kinthissa.taiji.org og er væntanleg til landsins til að halda námskeið í byrjun október.“

Þær Hafdís og Svanlaug kenna námskeiðin sín úti við á sumrin en færa sig inn fyrir þegar haustar. Í vetur fer kennsla fram í Safamýrarskóla tvisvar í viku. Námskeiðið hefst hinn 13. september en áhugömum er bent á netfangið hafdis@slf.is.

Námskeiðin eru kennd úti við á sumrin en færð inn þegar haustar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



www.meiraprof.is

Farðu ekki án réttinda á vinnuvélar til Evrópu, vertu klár í allt, heima sem erlendis

Skjót leið til starfsmenntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni meiraprof.is eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappir og tölum og láta til sín taka á svernum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum. Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfarir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra (og öllum vegfarendum) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf fyrir dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt. Ekki bíða eftir tíma til að fræmkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þennig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 (et-húsinu) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



Kolbeinn segist leggja mesta áherslu á að kenna krökkunum að segja sögur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Þróa og leika sínar eigin sögupersónur

Myndlistaskólinn í Reykjavík býður upp á námskeiðið Mynda-sögur fyrir 10 til 12 ára krakka í vetur. Kennari á námskeiðinu er Kolbeinn Hugi Höskuldsson.

„Námskeiðið er eiginlega tvískipt. Fyrri partinn fer ég í myndasögur, en ég var að kenna myndasögunámskeið í fyrra sem var voða gaman. Ég er ekki mikið að segja krökkunum hvernig þeir eiga að teikna, heldur frekar að kenna þeim hvernig þeir eiga að segja sögur, svoltíð að leggja áherslu á persónusköpun, sjónarhorn og alls konar svolíðis. Seinni parturinn fer svo í stuttmyndagerð og þá á að nota myndasögurnar sem svona nokkurs konar handrit og við

notum þá karakterana sem krakkar eru búnir að skapa. Þá verða þeir bara allir að hjálpast að að leika karaktera, bæði sína eigin og hvers annars, smíða leikmuni eins og geislabyssur eða hvað sem þeir vilja nota, búninga og leikmyndir og taka upp. Ég ákvað að bæta við þessum seinni parti núna í þetta námskeið sem ég held að verði voða gaman en ég hef verið að kenna önnur námskeið og hef svona séð þar hvað krökkunum finnst skemmtilegast að gera,“ segir Kolbeinn.

Kennsla hefst mánudaginn 27. september og kennt er alla mánudaga í vetur frá klukkan 15 til 17.15.



-eö



● VEFSÍÐA UM ÍS-LENSK FRÍMERKI

Frímerkjasöfnun hefur lengi verið stunduð meðal áhugamanna, bæði á Íslandi og um víða veröld. Íslandspóstur heldur úti skemmtilegri síðu www.stamps.is sem skoða má á fimm tungumálum, íslensku, dönsku, ensku, þýsku og frönsku.

Þar kemur til dæmis fram að Frímerkjasala Íslandspósts tekur þátt í nokkrum frímerkjasýningum í haust. Til dæmis:

Svíþjóð: Skaneland 2010, Kristianstad 17.-19. september.

Þýskaland: Alþjóðleg frímerkjasýning, Sindelfingen 29.-31. október.

Danmörk: Forum 2010, Hróarskelda 5.-7. nóvember.

Frakkland: Salon d'automne, París 4.-7. nóvember.

Á vefsíðunni má meðal annars nálgast nýjustu frímerkjafréttirnar en nýjustu frímerki Íslandspósts eru af Vífilstaðaspítala sem er hundrað ára í ár, eldsumbrotum í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi, fyrstu gasljósunum í Reykjavík og frímerki í tilefni af Ólympíuleikum ungmenna í Singapúr.

● **ELSTI TRIMMKLÚBBUR LANDSINS** Trimmklúbbur Seltjarnarness, TKS, hittist þrisvar í viku árið um kring í anddyri Sundlaugar Seltjarnarness, á mánu- og miðvikudögum klukkan 17.30 og á laugardögum klukkan 9.30. Hitað er upp með þjálfara, síðan gengið, skokkað og hjólað mislangt, eftir áhuga og getu hvers og eins. Yfirleitt er hlaupið út með sjó og mislangt inn í Reykjavík. Að svo búnu er endað á teygjum og stundum styrktaræfingum og farið í heita pottinn í Sundlaug Seltjarnarness. Klúbburinn var stofnaður árið 1985 og hefur markmiðið frá upphafi verið að gleðjast saman. Seltjarnarbær leggur til þjálfara en félagar greiða 2.000 króna árgjald sem notað er til að halda uppi félagslífinu. Dagskrá TKS liggur frammi í sundlauginni. Nánar á www.tks.is.



4 vikna Lúxusnámskeið NORDICASPA fyrir konur og karla

Hjá okkur nærðu árangri!

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

1. vika – Orkuhleðsla

Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla

Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fái sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun

Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamans sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

4. vika – Ónæmiskerfi eft – Jafnvægi

Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

Daglegur fróðleikur um mat & næringu fullt af uppskriftum



heittir pottar og herðanudd eftir hvern tíma



Vikulegar mælingar mikið aðhald



● KNAPAMERKI FYRIR HESTAMENN AÐ HAUSTI

Hestamenn hafa lítið getað hreyft hesta sína frá því í vor vegna hestafleisu. Í venjulegu árferði væru hestar í hvíld nú, á leið í hausthaga, en Hestamannafélagið Fákur hefur ákveðið að bjóða upp á svokölluð knapamerkjánámskeið eitt og tvö nú í september ef næg þátttaka fæst.

Námskeiðin yrðu þrisvar í viku og því mun hraðari kennsla en venjulega. Þetta er tilvalið tækifæri fyrir hestamenn að vinna upp tapaðan tíma og nýta haustið til lærdóms og þjálfunar.

Nánari upplýsingar er að finna á www.fakur.is.



Ertu að glíma við:

- Matarþol
- Matarflkn og sykurlöngun
- Maga- og ristilvandamál
- Verki og bólgur í liðum
- Streitu, þreytu og svefnleysi
- Punglyndi
- Aðra lífsstílsjúkdóma

Nýtt námskeið

28 daga hreinsun NORDICASPA með mataræði og hreyfingu

- Fimm tímar í viku – hreinsun, liðleiki og styrkur
- 3 tímar – jóga, liðleiki og öndun
- 2 tímar – léttar styrktaræfingar í tækjasal
- Tímar: 6:35 og 17:20 mán/mið/fös.
- Þjálfari er Sigríður Guðjohnsen

Á námskeiðinu hreinsum við líkamann af óæskilegum eitrefnum, aukum getu hans til að vinna rétt úr fæðunni, aukum liðleika og styrk og komum þér af stað í nýjan lífsstíl!

Bæði námskeiðin hefjast 13. september

Fyrirlestur 11. september

Verð kr. 34.900

Skráning er hafin í síma 444-5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is

N O R D I C A S P A



WWW.NORDICASPA.IS

● PRJÓN OG HEKL FYRIR ÖRVHENTA



Heimilisíðnaðarfélagið býður upp á prjóna- og heklnámskeið fyrir örvhenta í vetur en þar verða kenndar grunn- aðferðir í prjóni og hekli. Farið verður í uppfitjun, úrtökur og algengustu prjónaáferðir eins og slétt, brugðið, klukkuprjón og perluprjón. Þá verða kenndar algengustu hekl- aðferðirnar eins og fastahekl og stuðlahekl, allt út frá sjónarhóli þess örvhenta. Námskeiðið

hefst í lok september og stendur fram í miðjan október en kennt er einu sinni í viku. Nánari upplýsingar er að finna á www.heimilisidnadur.is.

● SAGA SÚKKULAÐIS

Súkkulaði ... matur guðanna er heiti námskeiðs á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands. Þar gefst áhugasömum súkkulaðigrísnum tækifæri til að kynna súkkulaði frá nýjum hliðum, bakgrunni þess og áhrifum á heiminn. Í námskeiðslýsingu segir að erlendri og héraðslýsingu sögu súkkulaðis verði gerð skil. Hlutverk súkkulaðis í trúarbrögðum, ást og menningu verður skoðað og einnig verða gefin hagnýt ráð.

Kennari námskeiðsins er Héðinn S. Björnsson, félagsvísindamaður og rithöfundur, og Karl V. Vigfússon, konditor og framkvæmdastjóri íslenska kokkalandslíðsins. Námskeiðið fer fram mánudaginn 18. október.



Vilmundur Hansen garðyrkjufraeðingur kennir námskeið um garðyrkju bæði í Kvöldskóla Kópavogs og í Garðheimum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ræktaðu garðinn þinn

Garðinn má yrkja árið um kring en námskeiðið í garðyrkju fara af stað nú með haustinu.

Vilmundur Hansen garðyrkjufraeðingur kennir þrjú námskeiði í Kvöldskóla Kópavogs.

Garðurinn allt árið er heiti 8 stunda námskeiðs þar sem farið er yfir garðverkin, vetur, sumar, vor og haust. Kennir er tvö kvöld, 4. og 6. október, í Kvöldskóla Kópavogs undir handleiðslu Vilmundar Hansen garðyrkjumeistara.

„Þarna verður farið ýtarlega yfir alla umhirðu garðsins, til dæmis hvernig sá skal sumarblómum, hvernær á að klippa, taka græðlinga, hvernig áburð á að nota og hvernig á að haga sér við hellulagnir og stígagerð svo eitthvað sé nefnt,“ útskýrir Vilmundur. Námskeiðið byggist upp á fyrirlestrum og svo spurningum og svörum og segir Vilmundur gott að fólk komi undirbúið á námskeiðið.

Einnig kennir Vilmundur námskeið þar sem verður fjallað bæði um haust- og vorlauka. Það námskeið er fjórar kennslustundir 27. september. Trjáklippingar er svo þriðja námskeiðið á höndum Vilmundar. Fjögurra stunda námskeið verður 30. október.

„Þar fer ég meðal annars yfir hvernær á að klippa og einnig hvernig, eftir því hvað er verið að klippa, limgerði, lauftré eða barrtré. Á því námskeiði er farið út í vettvangsferð og fólk fær að taka í klippurnar og reyna handtökin.“

Vilmundur segir aðsóknina á haustnámskeiðin alltaf góða. Þó að vor og sumar séu aðalannatímminn í garðinum þurfi einnig að huga að garðinum á haustin og búa undir vetrardvalann. „Þá má setja niður lauka og binda upp tré og ef eitthvað er viðkvæmt þarf jafnvel að setja eitthvað utan um þær plöntur. Það er líka gott að raka garðinn upp á haustin. Yfir veturinn er svo hægt að nota tímann til að kíkja í

garðyrkjubækur og blöð,“ segir Vilmundur.

Auk þess að kenna við Kvöldskólann er Vilmundur einnig með námskeiði í Garðheimum. Í dag kennir hann námskeið um sveppi og sveppatíslu auk þess sem hann kennir, í félagi við Steinunni Reynisdóttur garðyrkjufraeðing, námskeið um haustverkin í garðinum 16. september.

Fyrir þá sem ekki eiga heimgengt á námskeið má benda á Facebook-síðu Vilmundar, Ræktaðu garðinn þinn, þar sem hann gefur ókeypis garðyrkjuráð. -rat





Lance - dansnámskeið

hefst fimmtudaginn 9. september kl. 21.00 - 4 skipti

Opið hús

miðvikudaginn 8. september kl. 20.30 gömludansarnir dansaðir.

Upplýsingar í síma 587 1616 - www.isdans.is
Þjóðdansafélag Reykjavíkur Álfabakka 14a

Listaverk gerð úr mannshárum

Fræðslumiðstöð Vestfjarða stendur fyrir áhugaverðu námskeiði á Patreksfirði sem hefst 11. september. Þar kennir Ásta Kristinsdóttir hvernig vinna má rósir, laufblöð og aðra list úr mannshárum.

„Ég lærði þessa list af Sigríði Salvardsdóttur frá Vigur í Ísafjarðardjúpi í kringum 1990 en hún lærði þetta sjálf af ömmu sinni þegar hún var aðeins 13 ára gömul,“ segir Ásta og bendir á að íslenskar konur hafi kunnað aðferðina við að vinna listaverk úr mannshári frá miðri 19. öld.

Ásta notar mannshár töluvert í handverki sínu. „Ég er búin með ætluarverk mitt sem var að búa til listaverk úr hári af öllum börnum mínum sem ég setti í einn ramma,“ segir hún en úr hárinu býr hún til rósir og laufblöð sem hún raðar saman í blómvönd. „Svo set ég myndir við,“ útskýrir hún.

Ásta kennir nú handverkið í fyrsta sinn en hún finnur fyrir nokkrum áhuga á þessari list. En hvaðan fær hún efni viðinn? „Elskan mín, það gefa manni allir hárið sitt,“ segir hún glaðlega og tekur fram að hún vilji auðvitað ekki uppsóp af hárgreiðslu-



Ásta býr einnig til skeifur, skreyttar með hrosshárum.

stofu. „Yfirleitt eru fermingarstelpur með sítt hár sem þær láta stundum klippa eftir fermingu. Þá fæ ég góðar fléttur,“ segir Ásta og telur hár mjög misjafnt að gæðum. „Maður horfir allt öðruvísi á hár þegar maður er búinn að læra svona, en ólitaða hárið er það besta.“

Ásta bendir á að aðferðin sem hún kenni einskorðist ekki við mannshár. Einnig sé hægt að nota hrosshár eða silkigarn.

Nánari upplýsingar á www.frnmst.is.



Ásta býr einnig til skeifur, skreyttar með hrosshárum.

FYRIR 229 KRÓNUR FÆRÐ ÞÚ:



VHS SPÓLU Í KOLAPORTINU



FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag. Tryggðu þér áskrift í dag!



GUFUBAÐ



LYFTINGAR



GOLFHERMIR



KARFA



KETILBJÖLLUR



SKVASS



SPINNING

VEGGSPORT

Skvass & Heilsurækt

Stórhöfða 17 | Sími 577 5555 | www.veggспорт.is



Í Tómsundaskóla Mosfellsbæjar verður meðal annars boðið upp á námskeið í því hvernig má nota lavender í matargerð.

Kryddað með lavender

Tómsundaskóli Mosfellsbæjar býður upp á fjölmörg matreiðslunámskeið á næstu vikum og mánuðum sem frá bragðlaukana til að lifna við.

Sólveig Eiríksdóttir kennir áhugasömum listina að gera hollan en jafnframt góðan mat og Steinunn Bergsteinsdóttir kennir námskeið þar sem lavender eða lofnarblóm er í aðalhlutverki. Það hefur verið notað sem krydd í matreiðslu frá örófi alda en er tiltölulega lítið þekkt hér á landi nema sem ilmgjafi.

Þá verða námskeið í tapasgerð, indverskri matargerð, eftirréttagerð og vínsmökkun en á síðastnefnda námskeiðinu verður farið yfir hvaða matur og vín eiga sameið og hvernig er hægt að gera gott betra.

Námskeið við ræðukvíða

Námskeið við ræðukvíða hefst 21. september hjá Kvíðameðferðarstöðinni og stendur yfir í sex vikur. Námskeiðið er ætlað þeim sem eru haldnir miklum kvíða og vanlíðan gagnvart því að tala fyrir framan hóp fólks, hvort sem er í brúðkaupi, skólafyrirlestri eða í daglegu lífi.

Þátttakendum, sem skrá sig á námskeiðið, er boðið upp á greiningarviðtal þar sem vandi þeirra er kortlagður og gengið úr skugga

um að viðkomandi úrræði henti einstaklingnum. Námskeiðið byggir á aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar og stjórnendur eru Helena Jónsdóttir sálfræðingur og Unnur Valborg Hilmarsdóttir markþjálfari.

-jma

Ræðukvíði getur birst víða, í veislum sem og við daglegar athafnir í hópi fólks.



GAKKTU ALLA LEIÐ MEÐ OKKUR!



Rjúpan ofl.



Gönguhöpurinn



Fjallahlaupin



Alparnir



Baejarröltið



Leikskólinn



Ísklifrið



Fnelsið



Helv.... vinnan

●BÖRN LÆRA AÐ LEIKA

Mímír símenntun stendur fyrir leiklistarnámskeiði fyrir krakka á aldrinum 6 til 10 ára. Börnin læra spuna sem virkjar ímyndunarafli þeirra eins og segir í námskeiðslýsingu. Þau þjálf hlustun, raddþjálfun og persónusköpun. Þjálfunin felst í leikjum og æfingum svo hvert barn fær að njóta sín en áhersla er lögð á að þau hafi ánægju og skemmtun af leiklistinni.

Leiðbeinandi á námskeiðinu er Ólöf Sverrisdóttir en námskeiðið hefst 22. september og lýkur 24. september. Kennst er milli klukkan 16.30 og 17.40 í Skeifunni 8.



●KLIFRAÐ Í KLETTUM

Klettaklifur hefur sótt í sig veðrið undanfarin ár og er íþróttin nú stunduð af stórum hópi fólks hér á landi. Á heimasíðu Klifurhússins í Skútuvogi 1G er íþróttin sögð henta öllum, jafnt ungum sem öldnum en íþróttin snúist fyrst og fremst um tækni, liðleika, útsjónarsemi og styrk. Þá geti hver valið sér viðfangsefni, erfiðleikastigin séu mörg og misjöfn.

Klifurfélag Reykjavíkur heldur utan um Klifurhúsið. Þangað geta áhugasamir mætt og reynt sig í grjótgímu. Hægt er að leigja klifurskó og kalk á staðnum og jafnframt eru þykkar dýnur undir klifurveggjum. Heimasíða Klifurhússins er www.klifurhusid.is.

Marmot

PETZL

smartwool

SCARPA

Black Diamond



við erum á facebook

www.fjallakofinn.is

FJALLAKOFINN

Reykjavíkurvegi 64 • Hafnarfirði • sími 510 9505

Eigandi: Halldór Hreinsson



Rapadura hrásykur er óbleiktur, hrár sykur sem gott er að nota í staðinn fyrir hvítan sykur. Hann er einnig sá sykur sem inniheldur flestu næringarefni og vítamínin.

Meinhollur skyndibiti

Nýr matsölustaður sem gerir út á holla skyndibita tók til starfa um miðjan ágúst í Síðumúla undir nafni Ginger. Einnig er hægt að kaupa heilsdagsmatapakka og ná þannig betri árangri í ræktinni.

Matsölustaðurinn Ginger í Síðumúla 17 er í eigu Kristófers Jóns Hjaltalín. Í hádeginu er hægt að taka með sér alls kyns heilsurétti og svo býður Ginger upp á holla heilsdagsmatapakka sem henta fólki sem er að taka mataræði sitt í gegn, reyna að ná árangri í ræktinni eða þarf að takast á við þyngdarstuðulinn sinn.

„Uppistaðan í matnum er grænmeti, ávextir, hreint fæði og svo notum við kjúkling mjög mikið í alls kyns rétti. Við notum eins lítið og hægt er af tilbúnu hráefni, bökkum allt brauð sjálf en við erum með gott úrval af alls kyns kjúklinga- og grænmetisvefjum sem og samlokum,“ segir Kristófer Jón. Hann starfar einnig sem einkaþjálfari og hefur því í nægu að snúast þar sem hann brunar milli staða.

„Réttirnir sem ég gef uppskriftir að fást mjög svipaðir á Ginger. Þeir eru einfaldir og þægilegir í matreiðslu og vefjurnar hafa notið mikilla vinsælda.“

Juliam@frettabladid.is



Kristófer Jón Hjaltalín á og rekur Ginger en hann starfar einnig sem einkaþjálfari og maturinn miðar að því að fólk geti náð góðum árangri í ræktinni.

HEILSURÉTTIR GINGER

Vefja, gvakamóle, salsasósa og lasagne

Grænmetis- og kjúklingavefja fyrir einn

150 g grillaður kjúklingur, til dæmis af upplæri
1 heilhvæti-tortilla
1 sneið sólþurrkaður tómatur
góð handfylli af salatblöndu, iceberg, klettsalati og spinati
gvakamóle eftir smekk (sjá uppskrift fyrir neðan)
salsasósa eftir smekk (sjá uppskrift fyrir neðan)

Smyrjið vefjuna með salsasósu og gvakamóle, leggið meðlætið á og rúllið upp.



1/2 rauð paprika
1/2 tsk. maldon salt
1/2 tsk. blandaður pipar.

Setjið allt í matvinnsluvél, á grófa stillingu, og maukið eða saxið allt hráefnið mjög smátt og blandið saman í skál.

Grænmetislasagna fyrir 4

1 meðalstór kúrbítur, skorinn í sneiðar
1 rauðlaukur, skorinn í sneiðar
1 meðalstór sæt kartafli, skorinn smátt
3 meðalstórar gulrætur, skornar smátt
8-10 heilhvæti-lasagna-blöð

2 bollar ferskt spinat
smá ólífuolíu

Smyrjið eldfast mót með smá ólífuolíu. Helmingnum af niðurskorna grænmetinu er dreift á botninn, einum bolla af fersku spinati dreift þar yfir og loks er tæplega helmingnum af sósunni hellt yfir. Þá koma lasagnablöð yfir. Önnur eins umferð er tekin. Yfir efstu lasagna-blöðin er smávegis sósu hellt. Bakað í ofni með álpappir yfir við 175° Celcius í 45-55 mínútur. Síðustu 10 mínúturnar er álpappirinn tekinn af og hitinn hækkaður í 200°. Þegar lasagnað er tekið út úr ofninum



er fersku spinati dreift yfir og látið standa í korter áður en rétturinn er snæddur.

Sósan:

2 dósir niðursoðnir tómatar í bitum
1 tsk. maldon-salt
smá blandaður pipar
4 fersk basilíku-lauf
1 hvítlauksgeiri, smátt saxaður
1 tsk. fljótandi hunang

Allt sett í matvinnsluvél og blandað vel.

vísir.is
“...ég sá það á vísi”

A Grænni Grein
ÓDÝRIR GRÆNMETISRÉTTIR
Alla daga og flott tilboð.
Nýjungar á Matseðli Fiskréttur og Kjúklingabringur. Vefjur, Salöt og Grænmetisnúðlur.
2 fyrir 1 alla opnunardaga á Rétti Dagsins frá kl. 15.
Mikill afsláttur fyrir skólafólk og vinnustaðahópa.
Opnið virka daga frá kl 11-19:15
Bláu húsunum Faxafeni
agreannigrein.is

FYLLTUR KÚRBÍTUR

Fyrir fjóra
2 stk. miðlungs eða stór kúrbítur
MARINERING:
2 matskeiðar ólívuolíu
2 matskeiðar sítrónusafi
2 teskeiðar maukaður hvítlaukur
Salt og pipar eftir smekk

Skerið kúrbítana langsum í tvennt og skafið burt frá einni og megnið af kjötinu. Geymið þetta fyrir fyllinguna. Berið marinerunguna innan á kúrbítshelmingana og látið bátana draga hana í sig í um eina klukkustund. Fyllið síðan hvern kúrbítshelming með fjórðung af quinoa-fyllingunni og bakið í ofni í 15 mínútur við 200 gráðu hita.

FYLLING:
1 bolli quinoa
1/3 bolli ristuoð sólblómafræ
kúrbítshelmingar
2 eða 3 vorlaukar
1/2 ferskur chillipipar, án fræja
Nokkur stönglar af steinselju, smátt skornir
Salt og pipar eftir smekk

Quinoa þarf að skola vel og sjóða síðan í tveimur bollum af vatni. Tilbúið á 10-15 mínútum. Maukið kúrbítshelmingið og skerið vorlauka og chilipipar í litla hringi. Blandið öllu saman. Berið fram með villisveppasósu og fersku salati.

GRÆNN KOSTUR

Skólavörðustíg 8 • 101 Reykjavík • s. 552 2028

Ef líkaminn þarfnast bætiefna lætur hann vita með einhverjum hætti. Hárlos getur til dæmis verið merki um skort á bíótíni og inósítóli. Bíótín fæst úr ölgeri, hnetum, lifur, nýrum og hýðishrísgrjónum og inósítól úr lifur, ölgeri, heilkornum, lecithini og sítrusávöxtum. Ákjósanleg bætiefni eru B-stress, kóllín, inósítól og fjölsteinefni.



Bætiefnabíblían



30 DAGA HREINSUN Á MATARÆÐI

með Davíð Kristinssyni næringar- og lífsstílsþjálfara. Innifalið í námskeiði er uppfærð handbók með öllum upplýsingum sem þú þarft og 30 daga framhaldsmatseðli. Staður og stund: Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl. 19:30 - 21:30

Fimmtudaginn. 09. september

Fimmtudaginn. 16. september

Skráning og nánari upplýsingar á www.30.is og í síma 864 9155. Námskeiðsgjald kr. 6.900 kr.

Davíð tekur einnig að sér einstaklingsráðgjöf, mælingar og aðhald á fimmtudögum.



www.heilsuhusid.is

KEA.TAVERK

Styrktartónleikar í Reykjadal

Útitónleikar til styrktar Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra verða haldnir í Reykjadal í Mosfellsdal fimmtudagskvöldið 9. september klukkan 2.

Á styrktartónleikunum mun Steindi Jr. kynna og muna fjölmargir tónlistamenn stíga á svið, á borð við Gildruna, Diddú, Dúettinn Hljóm, Hafðísi Huld, Hreindísi Ylfu, Bermúda, Karlakór Kjalnesinga, Írisi Hólm og fleiri. Miðar verða seldir við innganginn og er miðaverð 1.500 krónu. Allur ágóði tónleikanna rennur óskiptur til Reykjadal en allir sem skemmta og standa að tónleikunum gefa vinnu sína.



Glatt á hjalla í Reykjadal.

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra var stofnað 2. mars 1952 og hefur því verið starfandi í meira en fimmtíu ár. Meginmarkmið þess er að stuðla að aukinni orku, starfshæfni og velferð fólks með fötlun, einkum barna. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra rekur sumardvöl í Reykjadal og að Laugalandi í Holtum, ásamt vetrardvöl í Reykjadal. Starfið er fjölbreytt og lýsa einkunnarorðin gleði – árangur – ævintýri dvölinni vel. Lögð er áhersla á íþróttir og leiki, útivist og sköpun.

- jba

Til heiðurs Pierre Boulez

Kolbeinn Bjarnason heldur útskriftartónleika sína í Sölvhóli, tónlistarsal tónlistardeildar Listaháskólans, á morgun klukkan 20.

Kolbeinn hóf nám í tónsmíðum við LHÍ í janúar 2009 og mun útskrifast með BA-gráðu í tónsmíðum frá tónlistardeild Listaháskólans í haust. Hann mun síðan hefja meistaranám í tónsmíðum við tónlistardeild skólans.

Á útskriftartónleikum Kolbeins verður frumflutt nýtt verk eftir hann

sjálfan sem ber yfirskriftina El mar y las campanas – fyrir sópran, hörpu, víólu og altflautu. Meginefni þess eru þrjár söngvar við ljóð Pablo Neruda. Með verkinu vill Kolbeinn votta franska tónskáldinu Pierre Boulez og verki hans Le marteau sans maitre virðingu sína. Texti söngverks Kolbeins er að mestu leyti sóttur í síðustu ljóðabók skáldsins Pablo Neruda, El mar y las campanas“.

Flytjendur á tónleikunum eru Ingi-björg Guðjónsdóttir sópran, Elísabet



KOLBEINN BJARNASON Vill votta Pierre Boulez virðingu sína með útskriftarverki sínu.

Waage á hörpu, Guðmundur Kristmundsson á víólu auk Kolbeins, sem leikur á altflautu.

- jba



†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Kristín Haraldsdóttir
 Bergstaðastræti 44

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni fimmtudaginn 2. september. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 10. september kl. 15.00.

Bjarni Jónsson	Ásthildur Helga Jónsson
Haraldur Örn Jónsson	Agla Ásbjörnsdóttir
	Ásgeir Pálsson

barnabörn og barnabarnabörn.



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Karl H. Steingrímsson
 bifreiðarstjóri og harmonikkuleikari

lést á Dvalarheimilinu Hlíð Akureyri miðvikudaginn 1. september. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 10. september kl. 13.30.

Guðmundur Karlsson	Ratree Somboon
Hanna Karlsdóttir	Rúnar Vestmann
Katrín Lind Guðmundsdóttir	Jóhann G. Eyþórsson

afa- og langafabörn.



†

Innilegar þakkir færur við öllum þeim sem auðsýndu samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Fanneyjar Þorsteinsdóttur
 frá Drumboddsstöðum í Biskupstungum, til heimilis að Rauðarárstíg 34, Reykjavík.

Hilmar Reynir Ólafsson Anna Jónmundsdóttir
 Þorsteinn Gunnar Tryggvason Ósk Sigurros Ágústsdóttir
 Ketill Rúnar Tryggvason Laugheiður Bjarnadóttir
 Sigurður Sævar Tryggvason Jóhanna S. Hermannsdóttir
 Erlendur Viðar Tryggvason Harpa Arnþórsdóttir
 Lilja Björk Tryggvadóttir Guðlaugur Arason
 Tryggvi Tómas Tryggvason Anna Scheving Hansdóttir
 barnabörn og barnabarnabörn.



†

Kærar þakkir færur við öllum þeim, sem auðsýndu okkur vinarhug við andlát og útför móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Guðrúnar Vilmundardóttur

Þorvaldur Gylfason Anna Karitas Bjarnadóttir
 Guðrún Vilmundardóttir
 Baldur Hrafn Vilmundarson
 Gylfi Þorsteinn Gunnlaugsson
 Eyja Sigríður Gunnlaugsdóttir.




†

Yndisleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,
Sigrún B. Ólafsdóttir,
 Árskógum 8,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut miðvikudaginn 1. september. Útförin fer fram frá Seljakirkju fimmtudaginn 9. september kl. 13.00.

Dóra Sigrún Hilmarsdóttir	Helgi Pétursson,
Ólöf Heiða Hilmarsdóttir	Sigursteinn Jósefsson

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarn.



†

Ástkær faðir okkar og afi,
Gestur Pálsson,

lést á Landspítalanum 25. ágúst. Jarðarförin hefur farið fram. Sérstakar þakkir til þeirra er önnuðust hann.

„Jafnvel þótt ég fari um dimman dal óttast ég ekkert illt, því þú ert hjá mér. Sproti þinn og stafur hugga mig.“
 23. Davíðssálmur.

Börn og barnabörn.



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Kristján J. Gunnarsson,
 fyrrv. fræðslustjóri,

sem andaðist á hjúkrunarheimilinu Skjóli mánudaginn 30. ágúst, verður jarðsönginn frá Áskirkju miðvikudaginn 8. september kl. 15.

Guðrún Kristjánsdóttir	Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Kristján Sigurður Kristjánsson	Margrét Steinarsdóttir
Hörður Kristjánsson	María Hrónn Gunnarsdóttir
Elín Kristjánsdóttir	Baldur Viðar Hannesson
Ásdís Kristjánsdóttir	Ársæll Kristjánsson

afabörn og langafabörn.



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Þorgerður Guðný Guðmundsdóttir,
 Víðihlíð, Grindavík,
 áður til heimilis að Borgarhrauni 3,

lést laugardaginn 4. september á Hjúkrunarheimilinu Víðihlíð. Verður jarðsönginn frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 10. september kl. 14:00.

Guðmundur Guðmundsson	Guðný Guðmundsdóttir
Margrét Guðmundsdóttir	Anna Soffía
Hermann Guðmundsson	Haraldsdóttir
Bragi Guðmundsson	Hildur Hákonardóttir

Þorgeir Guðmundsson Einar Einarsson
 Guðbjörg Lilja Guðmundsdóttir
 barnabörn og barnabarnabörn.



†

Hjartkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,
Krístrún Guðmundsdóttir
 lést á heimili sínu 1. september.

Útför fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 13. september kl. 13.00.

Ásgeir Sigurbergsson	Elísabet Dagfinnsdóttir
Ari Jóhannesson	Ásgerður Jóhannesdóttir
Ingvar Þór Jóhannesson	Lorena Bielli
Sigurður Heiðar Ásgeirsson	Helga Gunnarsdóttir
Guðbjörg S. Ásgeirsdóttir	Mikael Farsnacht

barnabörn og aðrir aðstandendur.



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
Valdimar Loftur Lúðvíksson
 slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður
 Lerkihlíð 5, Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans fimmtudaginn 2. september. Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 9. september kl. 15.

Helga Hjördís Sveinsdóttir	Katrín Þórdís Jacobsen
Sveinn Ingiberg Magnússon	Jens Kristian Fiig
Hulda Ósk Valdimarsdóttir	Gísli Björn Bergmann
Edda Guðrún Valdimarsdóttir	Margrét Pála Valdimarsdóttir

Guðni Þorsteinn Guðjónsson og barnabörn.



†

Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður og ömmu,
Þorbjörgu Huldu Þorvaldsdóttur,
 Básbryggju 5.

Sérstakar þakkir eru til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Sóltúni fyrir einstök samskipti og umönnun af alúð og hlýju í veikindum hennar.

Björn Rögnvaldsson	Olga Hafberg
Þorvaldur Birgir Rögnvaldsson	Andrea Róbertson
Jóna Kristín Rögnvaldsdóttir	Gunnar Guðbjörn Gunnarsson

og barnabörn.



The Academy of Colour and Style
ÚTLIST- OG FÖRÐUNARSKÓLI

VILTU VERÐA STÍLISTI?

The Academy of Colour and Style er skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastill og textill. Eftir nám fá nemendur diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.

1. Önn	2. Önn	Starfsmöguleikar:
Fatastill	Litgreining	Innkaupastjóri
Fatasamsetning	Förðun út frá litgreiningu	Útlitsráðgjafi
Textill	Litasamsetning	Stílisti
		Verslunarstjóri

Erna, stílisti



Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsátta hjá 365. Einnig vinn ég við auglýsingar, mynbönd og myndatökur. Það er óhátt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi mínu í förðun og stíliseringu.

Skjöldur Mio, tiskuráðgjafi



Ég taldi mig vita flest allt um tisku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heimikið um fatasamsetningu, textil, litfræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábæra í því sem ég er að gera.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

www.utlit.is

Takk

BAKÞANKAR
Sr. Sigurðar
Árna
Þórðarsonar

Þegar skelfilegar aðstæður dynja á fólk er jafnan aðeins um tvennt að ræða. Annar kosturinn er að glíma við sorgina, áfallið, sannleikann, sjúkaleikann eða ofbeldið. Hinn kosturinn er að lúta áfallinu, leyfa því að buga mann hið innra og ræna að lokum sjálfstjórn. Ef svo fer er líka farin getan og jafnvel möguleiki til gleði og annars, sem gerir manni gott. Annar kosturinn er góður en hinn illur. Áföll gefa ekki færi til hlutleysis heldur neyða okkur til átaka. Ef ekki, verða menn veiklun að bráð. Góði kosturinn er erfiður og gengur nærri öllum, en uppskeran getur orðið ríkuleg.



HÓPUR kvenna varð fyrir ofbeldi prests. Á þeim var brotið, þær voru rændar gleði sinni og síðan svívirtar með skeytingarleysi og getuleysi. Það er hörmulegt. En þær létu ekki ofbeldið binda sig heldur sóttu sér mátt og risu upp. Þær létu ekki kúga sig heldur sögðu sögur sínar. Því eru þær orðnar öðrum fórnarlömbum fyrirmynd um að láta ekki ræna sig sjálfsvirðingu eða rétti til að skilgreina eigin gildi og líf.

OFBELDI og kúgun þrífst víða í samfélaginu. Fæstar stofnanir

á Íslandi hafa komið sér upp skilvirku skimunarkerfi ofbeldis, sem er afar alvarlegt. Þjóðkirkjan stofnaði fyrir meira en áratug fagrað í kynferðisbrotamálum, sem starfar skilvirkt. Kirkjan er því komin áleiðis í vinnu með þau hörmungarmál. En þó lánadist yfirstjórn kirkjunnar ekki að ljúka sómasamlega ofbeldismálum frá síðustu öld. Konurnar, sem beittar voru ofbeldi, urðu að glíma við áfall sitt og þær hvikuðu ekki. Eins verður kirkjan að horfast í augu við mein sín, læra af þeim og eflast af vandanum. Kirkjan má ekki hvika heldur.

VAR það konunum að kenna að þjóðkirkjan er gagnrýnd nú? Ofbeldismenn reyna jafnan að klína sök á þolendur, en fórnarlömb eru sjaldnast sökudólgar. Nei, konurnar hafa ekki valdið kirkjunni skaða því kirkja á og má aldrei vera hrædd við sannleikann. Kirkja á að vera og er jafnan staður umhyggju og elsku. Kirkja má aldrei vera vettvangur þöggunar, kúgunar né neins konar bælingar. Þökk sé þeim, sem kalla okkur til ábyrgðar. „Sannleikurinn mun gera yður frjálsa“ sagði Jesús. Nú hefur hópur þolenda miðlað þjóðkirkjunni dýrkeyptri visku. Takk þið hugrökku konur. Ykkur til heiðurs legg ég til að stofnuð verði hetjuverðlaun þjóðkirkjunnar, sem veitt verða kyndilberum sannleikans.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Miele

Pú sparar kr. 9.912

Sparaðu með Miele

S2120 og S2121 ryksugurnar frá Miele eru nú á sérstöku hausttilboði

Miele ryksugurnar eru í senn kraftmiklar, hljóðlátar, léttar og þægilegar í notkun. Hægt er að setja ofnæmissiur í ryksugurnar og fást þær rauðar eða bláar.

Fullt verð kr. 32.812

Staðgreiðsluverð kr. 22.900*

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

*Gildir á meðan birgdir endast.

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



FYRIR 229 KRÓNUR FÆRÐ ÞÚ:

VHS SPÓLU Í KOLAPORTINU

EDA

FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bío og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag. Tryggðu þér áskrift í dag!

BONUS BONUS BONUS BONUS



ALLETIDERS FROSIN BLÁBER 250g



ALLETIDERS FROSIN BERJABLANDA 350g



ALLETIDERS FROSIN HINDBER 250g



LÍKAMSRÆKTIN BYRJAR Í BÓNUS



LÍFRÆN JÓGÚRT 170g **10% AFSLÁTTUR**
VERÐ ÁÐUR 88 KR.

Bio·Bú



**Lífrænar
mjólkurvörur**



129
KR.170g
LÍFRÆNT HREINT
SKYR 170g
VERÐ ÁÐUR 147 KR



139
KR.170g
LÍFRÆNT
VANILLUSKYR 170g
VERÐ ÁÐUR 157 KR



228
KR.500ml
MS SKYR.IS 500g
Allar tegundir Verð áður 251 kr.



157
KR.250ml
HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR 250ml



98
KR.250ml
EUROSHOPPER
ORKUDRYKKUR 250ml



298
KR.250ml
FROOSH SMOOTHIE DRYKKIRNIR KOMNIR AFTUR



139
KR.500ml
AQUARIUS 500ml



157
KR.250ml
MS HLEDSLA 250ml

VINSÆLUSTU PRÓTEINDRYKKINA FÆRÐU Í BÓNUS

Hafragrautur er algerlega ómissandi í heilsuátakinu og ein ódýrasta máltíð sem völ er á!



98
KR. 100g
EUROSHOPPER
RISKÖKUR 100g



69
KR. 500g
EUROSHOPPER
HAFRAMJÖL 500g



OTA HAFRAMJÖL 2 KG. RISAKASSI



498
KR.300stk
BÓNUS LÝSISPERLUR
300 STK



398
KR.500ml
BÓNUS LÝSI
500ml

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veititungda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur

**Kl. 20**

Kolbeinn Bjarnason heldur útskriftar-tónleika í tónsmíðum klukkan 20 annað kvöld í Sölvhóli, tónlistarsal Listaháskóla Íslands. Kolbeinn útskrifast með BA-gráðu í tónsmíðum frá tónlistardeild LHI í haust. Á tónleikunum verður frumflutt nýtt verk eftir Kolbein sem ber yfirskriftina „El mar y las campanas“ fyrir sópran, hörpu, víolu og altflautu en meginefni verksins eru þrjár söngvar við ljóð Pablo Neruda.


menning

menning@frettabladid.is

Borgfirðingar veita verðlaun

Gerður Kristný og Sögufélag Borgfirðinga hlutu ljóðaverðlaun Guðmundar Bööðvarssonar og Borgfirsk menningarverðlaun, sem veitt voru í sjöunda sinn í Reykholti á sunnudag.

Minningarsjóður Guðmundar Bööðvarssonar, skálds og bónda á Kirkjubóli, og Ingibjargar Sigurðardóttur, konu hans, veitir verðlaunin. Að sjóðnum standa Rithöfundasamband Íslands, Ungmennasamband Borgarfjarðar, Samband borgfirskra kvenna, Búnaðarsamtök Vesturlands og afkomendur þeirra hjóna. Sögufélag Borgfirðinga, sem hlaut menningarverðlaunin, hefur senn lokið útgáfu á Borgfirzkum æviskrám í 14 bindum. Snorri Þorsteinsson, formaður Sögufélags Borgfirðinga, veitti verðlaununum viðtöku. Gerður Kristný Guðjónsdóttir, sem hlaut ljóðaverðlaunin, las úr væntanlegri ljóðabók sinni að afhendingunni lokinni. Það er skammt stórra



GUÐMUNDUR BÖÐVARSSON

högga á milli hjá Gerði, en í liðinni viku hlaut hún vestnorrænu barnabókaverðlaunin.

> Ekki missa af ...

Í kaffihúsi Gerðubergs stendur nú yfir sýning á ljósmyndum Gísla Hjálmarssonar Svendsen sem nefnist Ísland í ramma. Myndirnar hefur Gíslur tekið á ferðum sínum um Ísland á síðustu tveimur árum.

Kaffihúsið er opið virka daga frá 10 til 16 og um helgar frá 13 til 16.

Tónleikar ★★

Fúsi í 90 ár – afmælistónleikar Sigfúsar Halldórssonar

Flytjendur: Bergþór Pálsson, Sigrún Hjálmtýsdóttir og Jónas Ingimundarson

Gleym mér ei

„Jæja, ertu kominn til að rifja upp gömlu slagarana?“

Þetta heyrði ég eldri mann segja við annan á undan tónleikum í Salnum í Kópavogi á laugardaginn. Ég gat ekki betur séð en að meðalaldur áheyrenda væri býsna há. Enda einmitt gamlir slagarar á dagskránni. En ekki bara slagarar. Lög Sigfúsar Halldórssonar, sem hefði orðið níræður um þessar mundir, eru mörg hver forkunnarfögur. Það er synd ef þau falla nú orðið aðallega í kramið hjá gamla fólkinu.

Tveir ástsælir söngvarar stíga á svið, þau Bergþór Pálsson og Sigrún Hjálmtýsdóttir, eða Diddú. Jónas Ingimundarson lék með á pianó og á dagskránni voru 28 lög. Þar á meðal voru Austurstræti, Tondeleyó, Vegir liggja til allra átta og Dagný. Þessar perlar munu vonandi aldrei gleymast.

Diddú hefur hlýlega rödd sem hentaði tónlistinni fullkomlega. Hún söng hvert lag af einlægni. Það var ekkert tilgerðarlegt í túlkun hennar. Söngurinn var blátt áfram og flott; maður naut hvers tóns.

Bergþór er líka flottur söngvari með glæsilega rödd. Mörg laganna fóru honum þó ekki sérlega vel. Hann er kannski fyrst og fremst óperusöngvari; hann á heima þar sem voldugar aríur eru á dagskránni. Hér var eins og hann vissi ekki almennilega hvernig hann átti að vera. Lítil, viðkvæm lög eins og t.d. Við Vatnsmyrina nutu sín ekki. Þar var tilgerðin allsráðandi. Bergþór var bestur í óperukenndum lögum á borð við Í dag og Við eigum sameið. Þá gneistaði af honum.

Jónas spilaði fallega á pianóið. Hófstilltur leikur hans hæfði minnstu lögnum afar vel. Nostalgian sem svífur þar yfir vötnunum komst ágætlega til skila í túlkun hans.


Píanóleikurinn er í sjálfu sér ekki sérlega bitastæður í lögum Sigfúsar. Það er kómískt að heyra hversu oft hann endar á svipaðan hátt, á glimmerkenndum tönnum efst á hljómborðinu. Svona klisjur reyna á ímyndunarafli píanóleikarans. Hann þarf að gæða fábrotna píanórulluna mörgum litum, ef hún á ekki að verða tilbreytingarlaus. Samt er mikilvægt að ýkja ekki, missa sig ekki í tilgerð. Jónasi tókst það ágætlega.

Talandi um líti þá var sviðsmyndin fremur flöt. Gaman hefði verið að hafa fjölbreytilega lýsingu, mismunandi líti í hverju lagi. Í staðinn var risastórri mynd af Sigfúsi varpað á tjald fyrir ofan sviðið. Þar var hún alla tónleikana. Myndin var yfirþyrmandi og maður átti hálfpartinn von á að hún breyttist í Maó formann. Smá fjölbreytni hefði gert dagskrána ennþá meira spennandi.

Jónas Sen

Niðurstaða: Skemmtileg lög Sigfúsar Halldórssonar voru á dagskránni, en söngurinn var ekki alltaf sannfærandi. Píanóleikarinn spilaði fallega en sviðsmyndin leið fyrir hugmyndaleysi.

TRANSAQUANIA Fyrsta verk vetrarins er sjálfstætt framhald af hinu óvenjulega verki Transaquania – Out of the Blue sem Íslenski dansflokkurinn sýndi í Bláa lóninu í apríl 2009.



Dansflokkurinn á rás línu

Erna Ómarsdóttir og William Shakespeare eru meðal höfundar verka sem Íslenski dansflokkurinn (ÍD) sýnir í vetur. Katrín Hall, listrænni stjórnandi flokksins, segir veg danslistar fara sífellt vaxandi á Íslandi og merkir aukinn áhuga hjá yngri áhorfendum og körlum.

mikla athygli þar. Við sjáum hvað setur með framhaldið.“

Litháiskur Shakespeare

Um áramót leiða ÍD og Leikfélag Reykjavíkur saman hesta sína í uppfærslu á Ofviðri Shakespeares í leikstjórn Litháans Oscaras Korsunovas. „Þetta verður mjög stór og sjónræn sýning“, segir Katrín. „Korsunovas hefur getið sér orð fyrir sérstakar sýningar og afgerandi stíl. Þetta verður mjög spennandi og ögrandi sýning fyrir dansarana og spennandi fyrir ÍD og LR að starfa saman á þessum vettvangi.“



KATRÍN HALL

Í mars verður efnt til danshátíðarinnar Sinnum þrjár þar sem boðið verður upp á þrjú verk á einu kvöldi; nýtt verk eftir Jo Strömgen, höfund Kvart, Heilabrot eftir tvíeykið Brian Gerke og Steinunni Ketilsdóttur og White for Decay eftir Sigríði Soffíu Nielsdóttur.

Flokkurinn rekur smíðshöggið á starfsárið með sýningu í menningarhúsinu Hofi á Akureyri í apríl.

„Við höfum farið reglulega til Akureyrar undanfarið ár“, segir Katrín, „en hlökkum sérstaklega til að sýna í Hofi. Loksins fáum við meira pláss þannig að ég á von á því að geta farið með örlítið umfangsmeiri sýningu, fjölskyldusýningu sem höfðar til breiðs aldurshóps.“

Uppbyggingarstarf að skila sér

Að sögn Katrínar fer vegur danslistar á Íslandi vaxandi, sem má meðal annars merkja í aukinni aðsókn, auk þess sem eftirspurn eftir sýningum ÍD erlendis sé sífellt að aukast.

„Áhorfendahópurinn er aðeins að breytast, fleiri yngri áhorfendur eru að koma á sýningar og fleiri karlar. En auðvitað viljum við alltaf frá fleiri áhorfendum.“

Ég held að þetta sé fyrst og fremst afleiðing af því góða starfi sem hefur verið unnið innan dansheimsins hér á landi undanfarið ár sem og stofnunar listdansdeilda innan LHÍ. Þetta er ung listgrein hér á landi, sem tekur tíma að byggja upp. Það uppbyggingarstarf er smám saman að skila sér í auknum áhuga héraðs og orðspori okkar á erlendum vettvangi.“

Nánari upplýsingar um vetrardagskrá Íslenska dansflokksins má finna á id.is. bergsteinn@frettabladid.is

Kynntu þér rótsterkt og ilmandi leikar

Skoðu nýja Borgarleikhúsblaðið á borgarleikhus.is eða pantaðu eintak á dreifing@posthusid.is.

Skelltu þér á áskriftarkort!




Borgarleikhúsið

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð í Galleríi Fold

Þriðjudaginn 7. september, kl. 18 í Galleríi Fold, við Rauðarárstíg



Jón Stefánsson

Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna

Verkin verða sýnd í dag þriðjudag kl. 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



VESTURPORT KYNNIR:

HAMSKIPTIN

EFTIR FRANZ KAFKA

LEIKSTJÓRN: GÍSLI ÖRN GARÐARSSON OG DAVID FARR

TÓNLIST: NICK CAVE OG WARREN ELLIS

**Einstakt tækifæri,
aðeins örfáar sýningar!**

Lau. 11/9 örfá sæti laus

Sun. 12/9 örfá sæti laus

Fim. 16/9 örfá sæti laus

Fös. 17/9 örfá sæti laus

„Hvergi stílbrot. Veisla fyrir augað. Hver hreyfing og hvert orð þaulhugsað.“ 3 1/2 stjarna af 4 mögulegum
Bryndís Schram, pressan.is, 30. ágúst 2010

Sýning ársins og leikmynd ársins, Gríman 2008

★★★★★ The Guardian UK

“Best International Production of the year” Sidney Times

“An 85 minute masterpiece” The Daily Mail

MIÐASALAN Í FULLUM GANGI

Hamskiptin í uppsetningu Vesturports hefur farið sigurför um heiminn, nú síðast í Kólumbíu og verður sýnd í Þjóðleikhúsinu í takmarkaðan tíma.

LEIKARAR: ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR, GÍSLI ÖRN GARÐARSSON, INGVAR E. SIGURÐSSON,
NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR, ÓLAFUR EGILL EGILSSON

VesturPort



Miðasala | 551 1200 | leikhusid.is | midi.is

> ROBBIE BEÐINN UM AÐ ÞROSKAST

Ayda Field, eiginkona breska söngvarans Robbie Williams, hefur beðið manninn sinn um að þroskast eilítið áður en þau eignist börn. „Hún hefur bara beðið mig um að hætta að haga mér eins og barn, vera aðeins minna í Playstation. Annars heldur hún að ég verði góður pabbi,“ segir Robbie.



fólk

folk@frettabladid.is

Draumi líkast að leika Lóa

Andrew Garfield segir það draumi líkast að hafa hreppit hlutverk Péturs Parker í fjórðu Spider Man-myndinni. Garfield tók við hlutverki köngulóarmannsins af Tobey Maguire sem lék í fyrstu þremur myndunum. Þær nutu mikilla vinsælda en sú þriðja og síðasta fékk heldur dræmar undirtektir hjá gagnrýnendum.

Garfield, sem er 27 ára, segist hafa undirbúið sig fyrir hlutverkið síðan hann var lítill drengur. „Mér líður eins og ég hafi undirbúið mig ansi

SPIDER MAN Köngulóarmaðurinn kemur næst á hvíta tjaldid eftir tvö ár.



lengi. Örugglega síðan á hrekkjavökunni þegar ég var fjögurra ára og klæddist mínum fyrsta Spider Man-búningi,“ segir hann.

Leikarinn segir að köngulóarmaðurinn snerti líf margra ungra drengja vegna þess að hann vill að réttlætið nái fram að ganga. „Öllum ungum drengjum finnst þeir vera sterkari innra með sér en útlætið segir til um og þeir óska þess að vöðvar þeirra væru nógu stórir til að stöðva allt óréttlætið.“

Garfield bætir við að það sé heiður að taka þátt í Spider Man-myndinni. „Það er mikill heiður að vera hluti af þessum tákngervingi sem

mér finnst mjög mikilvægur rétt eins og svo mörgum öðrum.“ Fjórða myndin um ævintýri köngulóarmannsins verður frumsýnd sumarið 2012.

ANDREW GARFIELD Leikarinn segir það draumi líkast að fá að leika köngulóarmanninn. NORDICPHOTOS/GETTY



Gefur út jólaplötu

Scott Weiland, söngvari Stone Temple Pilots, ætlar að gefa út jólaplötu síðar á þessu ári. Á plötunni verða nútímalegar útgáfur af gömlum og góðum jólalögum. „Ég ákvað að gera alls konar útgáfur af þessum lögum vegna þess að þau hafa verið sungin svo oft

áður,“ sagði Weiland. Hann fetar þar í fótspor Bobs Dylan sem gaf út jólaplötuna Christmas in the Heart í október í fyrra. Auk þess að syngja með gruggsveitinni Stone Temple Pilots var Weiland fyrir nokkrum árum liðsmaður Velvet Revolver.

Við þurrki í nefi!
Unnið úr náttúrulegri sesamolíu.

Fæst í apótekum um land allt. Heliðsala: Cetus ehf.

Ashton kærir slúðurblað

Ashton Kutcher hyggst kæra bandaríska tímaritið *The Star* dragi það ekki fréttina um sig og meint framhjáald sitt til baka. Ritstjórn blaðsins segist standa við fréttina.

Hollywood logar nú stafnana á milli vegna fréttu um að Ashton Kutcher hafi haldið framhjá eiginkonu sinni, Demi Moore. Bæði tvö vísa þó þessum fréttum á bug og Kutcher hefur hóttað málsókn með tilheyrandi lögfræðingaher. Fjölmíðlar hafa fylgst grannt með þessu hjónabandi enda stingur það í stúf við óskrifadar reglur kvikmyndaborgarinnar þar sem karlinn er yfirleitt helmingi eldri en konan. Hjá Kutcher og Moore er dæmið hins vegar öfugt; Demi er fimmtán árum eldri en leikarinn.

Það var slúðurtímaritið *Star Magazine* sem greindi frá því að sést hefði til leikarans kyssa fallega, ljóshærða stúlku á veitingastað fyrir skemmstu. Kutcher og ónefnda stúlkan eiga að hafa náð vel saman, kelað eins og þau ættu lífið að leysa á meðan sjónarvottar stóðu agndofa yfir framkomu Kutchers en hann og Moore hafa verið gift í fimm ár. „Ashton og stúlkan voru í innilegum faðmlögum í einu skotinu við klósettin á veitingastaðnum. Það kom mér á óvart að sjá hann láta svo vel að stúlku sem augljóslega var ekki Demi,“ sagði sjónarvotturinn við *The Star*. Blaðið hafði jafnframt eftir vinkonu Moore að leikkonan ku hafa óttast hið versta allt frá því hún tók saman við Kutcher. „Það er fimmtán ára aldursmunur á þeim og vinir Demi sögðu henni að sambandið mundi aldrei ganga upp. Þegar hún kemst að þessu mun hún brotna niður,“ hafði *Star* eftir vinkonunni. Leikkonan sjálf hefur hins vegar sagst ætla að standa með sínum manni.

Bandarískir fjölmiðlar höfðu síðan eftir talsmönnum *The Star* í gær að þeir hygðust standa við



ERFIDLEIKAR Ashton Kutcher á að hafa haldið framhjá eiginkonu sinni, Demi Moore. Hann hyggst höfða mál á hendur *The Star* sem birti fréttina. NORDICPHOTOS/GETTY

sína frétt og óttuðust ekki lögsókn af hendi leikarahjónanna. Ashton og Demi mættu síðan saman til leikarans James Van Der Beek um helgina til að samgledjast honum

með brúðkaupið hans en hann gekk í það heilaga fyrir skemmstu og á von á barni. Sjónarvottar höfðu á orði að erfíðleikarnir virtust síður en svo hafa stíað þeim í sundur.



Gítarnámskeið

12 einkatímar fyrir alla aldurshópa
Hefst 20. september
Innritun er hafin í síma 581 1281

www.gitarskoli.is
gitarskoli@gitarskoli.is

BREYTTUR SÝNINGARSALUR...!!

20% AFSLÁTTUR

HAGKVÆMAR LAUSNIR

ELDHÚSINNRETTINGAR

BAÐINNRETTINGAR

HTH SETTU ÞAÐ SAMAN HTH



ÞVOTTAHÚSINNRETTINGAR

FATASKÁPAR

Af hverju að borga meira?



TIL Á LAGER

Sýningarsalurinn sýnir bæði innréttingar á lager og sérpantanir

VASKAR OG BLÖNDUNARTÆKI



ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · Sími 530 2819 & 530 2821

● ORMSSON-ÁKUREYRI · Sími 461 5003 ● MODEL/ORMSSON-ÁKRANESI · Sími 431 3333

Nærðu ekki nokkurri átt?



Flott leiðsögukerfi í Nokia símann þinn!

Ovi Maps er fullkomið leiðsögukerfi fyrir Nokia síma. Ítarlegt kort af Íslandi, erlend kort, vegvísir, upplýsingar um áhugaverða staði, s.s. söfn, veitingastaði, hótél o.fl. Notaðu Nokia símann þinn til að komast á leiðarenda.

Kynntu þér málið í næstu verslun okkar.



Nokia 5230

0 kr.
útborgun og
2.590 kr. á mánuði
í 12 mánuði.

Fullt verð: **29.990 kr.**



Nokia E52

0 kr.
útborgun og
4.190 kr. á mánuði
í 12 mánuði.

Fullt verð: **49.990 kr.**

Nákvæmar upplýsingar og leiðbeiningar um uppsetningu finnur þú á ovimaps.is

power to you

BESTA SKEMMTUNIN

SAMBIÓIN

THE GHOST WRITER
Ewan McGregor, Pierce Brosnan
PRÍÐJUDAGSBIÓ KR. 650*

AULINN ÉG
Pétur Jóhann Sigfússon
PRÍÐJUDAGSBIÓ KR. 650*

STEP UP 3-3D

CATS & DOGS
PRÍÐJUDAGSBIÓ KR. 650*

SAMBIÓIN ALFABAKKA		SAMBIÓIN KRINGLUNNI	
AULINN ÉG-3D M/Íst. Tali	kl. 5:50	THE GHOST WRITER	kl. 8 - 10:40
AULINN ÉG-3D M/Íst. Tali	kl. 5:50	STEP UP 3-3D	kl. 5:40 - 8 - 10:20
DESPICABLE ME M/ensku. Tali	kl. 8	HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/Íst. Tali	kl. 6
THE GHOST WRITER	kl. 5:30 - 8 - 10:20	INCEPTION	kl. 8
THE GHOST WRITER	Sýnd í Lúxus VIP kl. 10:20	THE SORCERER'S APPRENTICE	kl. 10:40
STEP UP 3-3D	kl. 8 - 10:10	LEIKFANGASAGA 3 M/Íst. Tali	kl. 5:50
HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/Íst. Tali	kl. 6	SAMBIÓIN AKUREYRI	
LETTERS TO JULIET	kl. 8 - 10:20	HUNDAR OG KETTIR 2-3D	kl. 6
THE SORCERER'S APPRENTICE	kl. 10:40	STEP UP-3D	kl. 8
INCEPTION	kl. 8 - 10:40	THE GHOST WRITER	kl. 10
INCEPTION	Sýnd í Lúxus VIP kl. 7:20	THE SORCERER'S APPRENTICE	kl. 6
SHREK-3D M/Íst. Tali	Sýnd Fimmtudag kl. 5	LETTERS TO JULIET	kl. 8
SAMBIÓIN SELFOSSI		INCEPTION	kl. 10
AULINN ÉG-3D M/Íst. Tali	kl. 6 - 8	PRÍÐJUDAGSBIÓ Í DAG KR. 650*	
THE LAST AIRBENDER	kl. 10:10	*GILDIR EKKI Í VIP. Á ÍSLENSKAR MYNDIR. Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR	
STEP UP 3	kl. 8 - 10:10		

SPAUGSTOFAN Í MIKLU STUÐI

Stöð 2 kynnti vetrardag-skrá sína í Hafnarhúsinu á föstudag. Og af nógu verður að taka. Nýju stjórnurnar verða Spaugstofan sem eftir 21 ár hjá RÚV er nú komin yfir á Stöð 2. Þá eiga þátta-raðirnar Mér er gamanmál með Frimanni Gunnarssyni, Hlemmavídeó og Pressan II eiga eflaust einnig eftir að vekja mikla lukku sem og Steindinn okkar, en Steindi jr. snýr aftur eftir velheppnaða frumraun á síðasta ári.



Nýju stjórnurnar hjá Stöð 2 eru án nokkurs vafa Spaugstofumenn. Hér ræða þau Ásdís Olsen, Karl Ágúst Úlfsson og Sigurður Sigurjónsson málin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Sveinn Waage, eitt sinn fyndnasti maður Íslands, og Síggi Hlö, sem hefur aldrei borið þann titil, voru mættir í parti Stöðvar 2.



Stjórnupulirnir Guðmundur Benediktsson og Guðjón Guðmundsson voru hressir að vanda enda orðheppnir báðir tveir.



Þeir Sveinir Þór, Auðunn Blöndal og Gillz hafa verið flaggskip Stöðvar 2 undanfarin ár. Nýjasti þáttur þeirra, Ameríski draumurinn, hefur mælst vel fyrir hjá áhorfendum.

NÝTT Í BIÓ!

THE OTHER GUYS
650 kr.
Gildir ekki í Lúxus

AULINN ÉG
(DESPICABLE ME)
650 kr.
Gildir ekki í 3D

FUTURE OF HOPE
650 kr.

SCOTT PILGRIM VS THE WORLD
650 kr.

THE EXPENDABLES
650 kr.

SMÁRA BIÓ		HÁSKÓLA BIÓ	
THE OTHER GUYS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	THE OTHER GUYS	kl. 8 - 10:30
THE OTHER GUYS LÚXUS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	THE FUTURE OF HOPE	kl. 6 - 8 - 10
DESPICABLE ME 3D	kl. 3:30 - 5:40 - 8	AULINN ÉG 3D	kl. 5:45
AULINN ÉG 3D	kl. 3:30 - 5:40	THE HUMAN CENTIPEDE	kl. 10:20
AULINN ÉG 2D	kl. 3:30	THE EXPENDABLES	kl. 8 - 10:20
SCOTT PILGRIM VS THE WORLD	kl. 8 - 10:30	SALT	kl. 8
THE EXPENDABLES	kl. 8 - 10:20	VAMPIRES SUCK	kl. 6
SALT	kl. 10:10	THE LAST AIRBENDER 2D	kl. 5:30
KARATE KID	kl. 5:10	BORGAR BIÓ	
		THE OTHER GUYS	kl. 6 - 8 - 10
		AULINN ÉG 3D	kl. 6
		DESPICABLE ME 3D	kl. 8
		THE EXPENDABLES	kl. 10

ATH: Tilboðin glíða ekki í Borgarbió!

NÝTT Í BIÓ

LAUGARÁS BIÓ - bara lúxus

AULINN ÉG
(DESPICABLE ME)
650 KR. í 2D
950 KR. í 3D
glæraugu seld sér

THE OTHER GUYS
650 KR.

SCOTT PILGRIM VS THE WORLD
650 KR.

THE EXPENDABLES
650 KR.

TILBOÐ í bió. Gildir á allar sýningar dagsins.

SÝNINGARTÍMAR	
AULINN ÉG 3D	4 og 6 - ÍSLENSKT TAL
AULINN ÉG 2D	4 og 6 - ÍSLENSKT TAL
DESPICABLE ME 3D	4, 8 og 10 - ENSKT TAL
THE OTHER GUYS	8 og 10.15
SCOTT PILGRIM	5.50
EXPENDABLES	8 og 10.15

Gerir mynd um Amazon

Næsta verkefni Avatar-leikstjórans James Cameron verður heimildarmynd um íbúa Amazon-frumskógarins. Leikstjóranum hefur verið boðið að hitta íbúa ættbálksins Xikrin-Kayapo í Brasilíu til að ræða áhrif iðnvæðingarinnar á umhverfi þeirra. Verið er að byggja stíflu á svæðinu og fyrir vikið munu allt að sextán þúsund manns missa heimili sín. „Mig langar að mæta með þrívíddarmyndavél og mynda líf þeirra og menningu. Þegar ég var beðinn um að hjálpa brasilísku indíánunum, sem voru í miklum vandræðum, gat ég ekki sagt nei,“ sagði Cameron.



JAMES CAMERON Næsta verkefni leikstjóra Avatar verður heimildarmynd um íbúa Amazon-frumskógarins.

Some Like it Hot í sundi

Hin sígilda gamanmynd Some Like it Hot frá 1959 verður sýnd í Sundhöll Reykjavíkur á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, 24. september. Efnt verður til hitabeltisveislu meðan á sýningu myndarinnar stendur. Sandi og pálmatrjám verður komið fyrir í Sundhöllinni og fóngulegar dansmeyjar verða á staðnum. Marilyn Monroe, Tony Curtis og Jack Lemmon eru í aðalhlutverkum í Some Like it Hot sem Billy Wilder leikstýrði.



Tækniþróunarsjóður

Kynningarfundur 8. september

Tækniþróunarsjóður boðar til opins kynningarfundar á Grand Hótel Reykjavík, miðvikudaginn 8. september kl. 8:30 í tengslum við umsóknarfrest 15. september n.k.

Davíð Lúdvíksson, forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins, stýrir fundinum. Starfsmenn Rannís kynna niðurstöðu umsókna fyrir vorið 2010 og fjalla um umsóknar- og matsferli sjóðsins. Boðið verður upp á morgunkaffi og meðlæti á fundinum

Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðarráðherra og starfar skv. lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, nr 75/2007. Sjóðurinn fjármagnar nýsköpunarverkefni í samræmi við megin stefnu Vísinda- og tækniráðs. Umsækjendur geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar.

Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs. Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins. Í vörslu Rannís eru opinberir samkeppnissjóðir s.s. Rannsóknarsjóður og Tækniþróunarsjóður. Rannís sér um greiningu á rannsóknum og nýsköpun á Íslandi og gerir áhrif rannsókna og nýsköpunar á þjóðarhag og hagvöxt sýnilegan. Rannís er miðstöð upplýsinga og miðlunar alþjóðasamstarfs vísinda- og tæknisamfélagsins.

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is



RAFVÖRU MARKAÐURINN

GARÐVÖRUR

LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK



1346-
1795-
GARÐSETT



743-
990-
HANDÚÐARI



368-
490-
HANDÚÐARI



746-
995-
GREINAKLIPPUR



2621-
3495-
GARÐS...

RÝMINGARSALA Á GARÐVÖRUM

25% afsláttur



2243-
2990-
GARÐÚÐARI



9719-
12.959-
LAUFSUGA - BLÁSARI



12.712-
16.949-
SLÁTTUVÉL



8243-
10.990-
HÁPRÝSTIÐÆLA 60 BAR



5246-
6995-
SLÁTTUORF 500W




2621-
3495-
SLÁTTUORF 200W

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16



Ó ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ hefur aldrei náð að vinna Dani í A-landsleik. Þjóðirnar hafa mást 20 sinnum, Danir hafa unnið 16 leiki og fjórir leikir hafa endað með jafntefli. Danir hafa unnið síðustu fjóra landsleiki eða alla leiki síðan þjóðirnar gerðu markalaust jafntefli á Laugardalsvelli 4. september 1991.



HERMANN GUNNARSSON Skoraði síðasta mark Íslands á Parken í 14-2 tapi fyrir 43 árum.

Leikir Íslands á Parken: Átján dönsk mörk í röð

FÓTBOLTI Það er ekki ástæða til mikillar bjartsýni fyrir leikinn gegn Dönum í kvöld ef rýnt er í söguna og tölfræðina. Danir hafa unnið síðustu fimm leiki sína við Íslendinga á Parken í Kaupmannahöfn og markatalan er 27-2 þeim í hag.

Íslenska landsliðið hefur ekki skorað á Parken í 43 ár eða síðan að Hermann Gunnarsson minnk-aði muninn í 9-2 í 14-2 tapinu frá 23. ágúst 1967.

Síðan Hermann skoraði þetta mark hafa Danir skorað 18 sinnum í röð hjá Íslendingum á Parken án þess að íslenska liðið hafi náð að svara fyrir sig.

Ísland hefur einu sinni náð í jafntefli á Parken en það í undankeppni Ólympíuleikanna 18. ágúst 1959 þegar liðin gerðu 1-1 jafntefli.

Sveinn Teitsson kom þá íslenska liðinu í 1-0 eftir 29 mínútur og íslenska liðið var yfir þar til að Danir jöfnuðu á 82. mín. - 66j

Leikir Íslands á Parken

9. ágúst 1953	Danmörk-Ísland 4-0
18. ágúst 1959	Danmörk-Ísland 1-1
23. ágúst 1967	Danmörk-Ísland 14-2
26. ágúst 1981	Danmörk-Ísland 3-0
28. september 1988	Danmörk-Ísland 1-0
6. október 2001	Danmörk-Ísland 6-0
21. nóvember 2007	Danmörk-Ísland 3-0

Við höfum ekkert að hræðast

Ísland mætir í dag Dönum á Parken-leikvanginum í Kaupmannahöfn en leikurinn er liður í undankeppni EM 2012. Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari býst við erfiðum leik en hefur trú á strákunum sínum.

FÓTBOLTI Íslenska landsliðið freistar þess í kvöld að vinna sinn fyrsta sigur á frændum okkar Dönum í landsleik í knattspyrnu. Liðin mætast í undankeppni EM 2012 en þetta er fyrsti leikur Dana í riðlinum.

Lærisveinar Ólafs Jóhannessonar landsliðsþjálfara æfðu á Parken-leikvanginum í gær þar sem hann sat einnig fyrir svörum blaðamanna. Og hann hafði ekki mikið velt fyrir sér sameiginlegri sögu þessara tveggja liða.

„Ég hef í sjálfu sér ekkert þælt í því,“ sagði Ólafur. „Ég las það í einhverju blaði að okkur hefur aldrei tekist að vinna Dani og fjórum sinnum gert jafntefli. Ég tel að jafntefli á þessum velli hér á morgun væru frábær úrslit fyrir okkur.“

Ísland tapaði fyrir Noregi á föstudagskvöldið í leik þar sem liðið var síst lakari aðilinn lengst af í leiknum. „Nú erum við að spila við mun sterkara lið.“

Danir munu vera meira með boltann en við. Þeir hafa stundum verið kallaðir Brasilíumenn Eyrópu og hafa góðan skilning á því hvað þeir vilja gera. Liðið hefur verið með sama þjálfarann í tíu ár sem hefur fastmótað stíl liðsins.“

Ólafur á von á því að íslenska liðið þurfi að vera í eltingarleik við Danina í kvöld. „Þeir munu pressa mjög stíft á okkur. Við þurfum að finna lausnir á því og koma okkur úr þeirri pressu. En þegar



Einbeittir Strákarnir æfðu á hinum glæsilega Parken-leikvangi í gær og voru afar einbeittir eins og sjá má. Ísland hefur aldrei unnið landsleik á þessum velli.

FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRGVIN

möguleikinn gefst á að taka boltann og spila honum ætluð við að reyna að nýta hann.“

Hann segir lyklatríði að loka ákveðnum svæðum í íslensku vörninni. „Við viljum ekki láta sundurspila okkur á miðjum velli og í kringum

ÆTLUM AÐ BERJAST Landsliðsþjálfarinn segir að strákarnir ætli að selja sig dýrt í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

vítateiginn okkar. Auðvitað kemur það einhvern tímann fyrir að þeir taki þríhyrning á miðjum velli og það mun koma fyrir að þeir komist upp vængina. En þá munum við reyna að vinna þá bolta sem verða sendir fyrir markið.“

Ólafur hefur áður sagt að til þess að íslenska landsliðið nái árangri gegn sterkari þjóðum þurfi allt að ganga upp. Hann ítrekaði það í gær. „Við megum hvergi mistíga okkur, ekki í eina sekúndu. Okkur verður refsað fyrir það. Við förum inn á völlum með eitt stig og við ætlum að berjast með kjafti og klóm í níutíu mínútur til að halda því,“ sagði hann og bætti

við að hann hefði tröllatru á sínum mönnum.

„Menn verða að fara óhræddir inn á völlum. Við höfum ekkert að hræðast – ekki neitt. Við erum í þessu til að hafa gaman af þessu og menn verða líka að þora að brosa. Út á það gengur þetta. Ég veit að leikmenn verða mjög sáttir eftir leikinn. Ég veit að við munum gefa allt sem við mögulega eigum og getum í leikinn – það er pottþétt.“



UNDANKEPPNI EM
EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON
skrifar frá Kaupmannahöfn
eirukur@frettabladid.is

Sölvi Geir Ottesen og Ólafur Ingi Skúlason um leikinn gegn Dönum í kvöld: Þurfum að hafa trú á okkur

FÓTBOLTI Sölvi Geir Ottesen verður fyrirliði íslenska landsliðsins á Parken í Kaupmannahöfn í kvöld. Þar mætir liðið Dönum í undankeppni EM 2012. Sölvi leikur með FCK þar í borg og þekkir því Parken vel. Hann á þó ekki von á því að tilfinningin verði öðruvísi fyrir vikið.

„Í raun og veru ekki. Það er mikið stolt og heiður sem fylgir því að fá að leiða íslenska landsliðið út á völlum og þannig verður það líka í kvöld. Annars er þetta bara sama tilfinning og venjulega sem fylgir því að spila fótboldaleiki.“

Hann segir möguleika Íslands í kvöld ágæta þrátt fyrir tapleik gegn Noregi á föstudagskvöldið. „Ef við náum að spila eins vel og við gerðum í fyrri hálfleik gegn Noregi. En við verðum líka að hafa trú á okkur og að við getum náð stigi hér.“

Hann segir þó ýmislegt sem liðið þurfi að bæta fyrir leikinn í kvöld. „Við þurfum að vera nær hver öðrum inni á velli og vera þéttari fyrir í okkar varnarleik. Það var það sem fór úrskeiðis í seinni hálfleik gegn Norðmönnum.“

Ólafur Ingi Skúlason spilar einnig í Danmörku en með SönderjyskE. Hann segir að allir leikmenn liðsins séu harðákveðnir í því að láta tapleikinn ekki slá sig út af laginu.

„Auðvitað vorum við reiðir og



HRESSIR Það var létt yfir Ólafi Inga og Ólafi landsliðsþjálfara í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRGVIN

þirraðir. En við þekkjum allir þá tilfinningu sem fylgir því að tapa knattspyrnuleikjum og við vorum ákveðnir í því að þessum leik væri einfaldlega lokið. Hann fór inn á reynslubankann og menn eru gír-

aðir upp í að gera það gott hér,“ sagði Ólafur Ingi og bætti við:

„Við teljum að það sé mögulegt. Það verður að sjálfsögðu erfitt, en það er enginn vafi á því að það er mögulegt.“

- esá





Fótboltaæfingar fyrir börn með sérþarfir

Fótboltaæfingar fyrir öll börn sem ekki geta nýtt sér hefðbundið barna- og unglíngastarf sinna félaga

Æfingar verða á laugardögum kl. 14 og hefjast 9. október. Æft verður í glænýju íþróttahúsi Sjálandsskóla í Garðabæ og verða búningar til afnota á staðnum. Þjálfarar og hjálparþjálfarar verða á staðnum þannig að allir fá aðstoð við hæfi.

Námskeiðið er samtals 10 skipti og er kostnaður 5.000 kr. á barn. Ábyrgðarmaður námskeiðsins er Yr Sigurðardóttir barnalæknir. Skráning fer fram í tölvupósti yr@lsh.is. Greiðsla fer fram með millifærslu á reikning Stjórnunnar 1135-26-110534, Kt. 580589-1389 og sendið staðfestingu um greiðslu með nafni/kt. barns á yr@lsh.is.





Á ÆFINGU Ljósmyndarar fylgdust gaumgæfilega með Rooney á æfingu enska landsliðsins í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Einkalíf Rooney í sviðsljósinu: Rooney spilar gegn Sviss

FÓTBOLTI Breskir fjölmiðlar fjölluðu um fátt annað í gær en meint framhjáald Wayne Rooney með vændiskonu. Lengi vel var spurning um hvort málið hefði þau áhrif að Rooney myndi ekki leika með enska landsliðinu gegn Sviss í kvöld.

Rooney flaug til móts við landsliðið í gærmorgun og á blaðamannafundi landsliðsins seinni partinn staðfesti landsliðsþjálfarinn, Fabio Capello, að Rooney myndi spila leikinn í kvöld.

„Ég ræddi málin við hann og hef verið að fylgjast með honum. Hann mun spila leikinn. Ég er bjartsýnn á að hann skili jafn góðum leik og síðasta föstudag gegn Búlgaríu. Ég efaðist aldrei um að nota hann. Hann vill sjálfur spila og það skiptir mig máli að heyra leikmennina segja að þeir vilji spila,“ sagði Capello.

-hbg

Íslenska 21 árs landsliðinu nægir jafntefli í Tékklandi í dag til að tryggja sér sæti í umspili um sæti á EM: Eyjólfur þarf að tefla fram nýrri sóknarlínu

FÓTBOLTI Íslenska 21 árs landsliðið mætir Tékkum í dag í Tékklandi og á góða möguleika á að komast upp úr riðlinum og inn í umspilsleiki um sæti í úrslitakeppni EM á næsta ári. Þetta er fyrsti leikur liðsins eftir að það tók þýska liðið í karphúsið í Kaplakrika.

„Þetta er spennandi. Við verðum að vinna þá 2-0 til að vinna riðilinn en jafntefli dugur okkur til að komast í umspilið,“ sagði Eyjólfur Sverrisson, þjálfari strákanna, en frábær frammistaða liðsins í síðustu sex leikjum þar sem liðið hefur náð í 16 af 18 mögulegum stigum og skorað 28 mörk gegn 6, hjálpar liðinu í dag.

„Við erum með svakalega markatölu þannig að jafntefli dugur okkur því það nær enginn okkur þar,“ segir Eyjólfur en staðan er ekki eins góð í leikmannahópnum þar sem fimm leikmenn sem spiluðu stórt hlutverk í 4-1 sigri á Þjóðverjum á dögnum eru uppteknir með A-landsliðinu á móti Dönnum.

Þetta eru þeir Gylfi Þór Sigurðsson, Eggert Gunnþór Jónsson, Jóhann Berg Guðmundsson, Birkir Bjarnason og Kolbeinn Sigþórsson en auk þess eru Aron Einar Gunnarsson og Rúrik Gíslason einnig löglegir í liðið.

„Við verðum að eiga góðan leik, það er alveg á hreinu. Það er lykilatriði að við séum vel stemmdir. Það er viss stemning í liðinu og við bindum miklar vonir við það. Ég verð samt að viðurkenna að maður fer svolítið blint í sjóinn með nýja sóknarlínu frá því í leiknum á móti Þjóðverjum,“ segir Eyjólfur sem þarf einnig að



EKKI MEÐ Marga sterka leikmenn vantar í U-21 árs landsliðið er það spilar í Tékklandi í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

hafa áhyggjur af þremur leikmönnum sem eru með liðinu úti í Tékklandi. „Við eigum eftir að sjá endanlega hverjir verða klárir. Bjarni Þór [Viðarsson, fyrirlíði] er eitthvað lítilliga meiddur, Hólmar [Örn Eyjólfsson] nefbrotnaði í síðustu viku og Skúli Jón [Friðgeirsson] er með einhvern vírus í auga. Ég reikna með því að þeir verði allir klárir,“ segir Eyjólfur.

Ísland tapaði 0-2 í fyrsta leik

riðilsins á móti Tékklandi en hefur síðan spilað frábærlega og einu stigin sem hafa tapast frá þeim leik voru í 2-2 jafntefli í Þýskalandi.

„Liðið hefur breyst mikið frá því að við mættum þeim í fyrsta leik. Þá var ekki kominn sami taktur í liðið og við vorum ekki búnir að finna það nákvæmlega hvernig við ætluðum að spila þetta,“ segir Eyjólfur sem ætlar ekkert að breyta

leikskipulagi íslenska liðsins þrátt fyrir mikil forföll.

Jafntefli dugur liðinu en það á ekkert að pakka í vörn í kvöld. „Við erum mjög „agressívir“ að sækja fram á við og erum hættulegir í því. Það er ný sóknarlína þannig að við eigum eftir að sjá hvernig hún kemur út,“ segir Eyjólfur.

Leikurinn í dag verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og hefst útsendingin klukkan 14.45. -óóó

LÁN TIL GÓÐRA VERKA



- Engin lántökugjöld
- 4,75% óverðtryggðir vextir
(Vaxtakjör sambærilegra skuldabréfalána eru í dag frá 8,25%)*
- Lánstími allt að fimm ár
- Hámarksfjárhæð láns er 1,5 milljón kr.

Allar nánari upplýsingar fást í útibúum Íslandsbanka eða á www.islandsbanki.is



*Vextir skv. vaxtatöflu Íslandsbanka 1. september 2010. Vextir taka mið af kjörvöxtum óverðtryggðra skuldabréfalána en veittur er 2% vaxtafrádráttur af þeim.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.10

The Shield

Sjöunda spennuþáttaröðin um lögreglulið í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sínu framgengt. Í þessari sjöttu þáttaröð eru spilltu löggurnar enn við sama heygardshornið og það er erfitt að greina á milli löggæslunnar og glæpamannanna.



VIÐ MÆLUM MEÐ

EM U21: Tékkland - Ísland, bein útsending Stöð 2 Sport kl. 14.45

Í dag mætir til leiks ungt en sterkt U21 landslið Íslands á móti liði Tékklands. Leikurinn fer fram á Kaplakrikavellinum og er liður í undankeppni U21 landsliða á EM 2011 í knattspyrnu karla.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst	12.00 Hádegisútvarpið	18.21 Spegillinn
06.50 Bæn	12.20 Hádegisfréttir	18.50 Veðurfregnir
07.03 Vitt og breitt	12.45 Veðurfregnir	18.53 Dánarfregnir
07.30 Fréttayfirlit	12.50 Dánarfregnir	19.00 Endurómur úr Evrópu
08.00 Morgunfréttir	13.00 Sjálfboðaliðar þjóðar	20.00 Leynifélagið
08.05 Morgunstud með KK	14.03 Tónar að nóni	20.30 Í heyranda hljóði
08.30 Fréttayfirlit	15.03 Útvarpsagan: Húsið	21.20 Trío
09.05 Okkar á milli	15.25 Þriðjudagsdjass	22.05 Veðurfregnir
09.45 Morgunleikfimi	16.00 Síðdegisfréttir	22.10 Orð kvöldsins
10.03 Veðurfregnir	16.05 Viðsjá	22.13 Fimm fjórðu
10.13 Fjólradna sveiflusöngur	18.00 Kvöldfréttir	23.10 Sumar raddir
11.03 Samfélagið í nærmynd	18.20 Auglýsingar	00.05 Næzturtónar

FM 88,5 XA-Radíó	FM 95,7 FM957	FM 99,4 Útvarp Saga
FM 90,1 Rás 2	FM 96,3 FM Suðurland	FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 90,9 Gullbylgjan	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 102,9 Lindin
FM 91,9 Kaninn	FM 97,7 X-ið	FM 105,5 Útvarp Boðun
FM 93,5 Rás 1	FM 98,9 Bylgjan	

EXTRA

19.35 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

20.15 Gossip Girl (1:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartí.

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

21.50 Torchwood (10:13) Ævintýrlegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files um sérsveit sem tekur að sér mál sem eru svo undarleg að ómögulegt er fyrir óbreytta laganna verði að upplýsa.

22.45 So You Think You Can Dance (22:23) Nú er úrslitastundin að renna upp en þetta er síðasti séns fyrir keppendurnar til að heilla áhorfendur. Hver mun standa uppi sem sigurvegari?

00.10 So You Think You Can Dance (23:23) Úrslitastundin er runnin upp og nú kemur í ljós hver verður næsta dansstjarna Bandaríkjanna?

01.35 Gossip Girl (1:22)

02.20 The Doctors

03.00 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnumar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndahugamenn.

03.30 Fréttir Stöðvar 2

04.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.05 After You've Gone 12.35 After You've Gone
13.05 The Green, Green Grass 13.35 The Green, Green Grass
14.05 Fawlty Towers 14.35 Fawlty Towers
15.05 Dalziel and Pascoe 15.55 The Weakest Link
16.40 Monarch of the Glen 17.30 My Hero
18.00 QI 18.30 Lead Balloon 19.00 Little Britain
19.30 New Tricks 20.20 Little Britain
20.50 QI 21.20 Come Dine With Me 21.45 The Jonathan Ross Show
22.35 EastEnders 23.05 Torchwood 23.50 My Hero

DR 1

13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix
14.00 Hjerteflimmer Classic 14.30 Juniper Lee
14.50 Alfred 15.00 Vinden i piletræerne
15.20 Chiro 15.30 Lille Nord 16.00 Aftenshowet
16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret
17.30 Ha' det godt 18.00 Hammerslag
18.30 Det Søde Sommerliv 19.00 TV Avisen
19.25 Kontant 19.50 SportNyt 20.00 Medicinmanden
20.45 Wilde roser 21.30 Teenageliv
22.00 Naruto Uncut 22.25 Boogie Mix 23.15 Godnat

NRK 1

12.30 Toppform 13.00 NRK nyheter 13.10 Med hjertet på rette staden
14.00 Derrick 15.00 NRK nyheter
15.10 Bondeknoen 15.40 Oddasat - nyheter på samisk
15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Førkveld
16.40 Distriktsnyheter 17.45 Rock til fjells
18.15 Karanba! 18.45 Extra-trekning 18.55 Distriktsnyheter
19.30 Manson - 40 år senere 21.00 Kveldsnytt
21.15 Hva skjedde med Colin Wilson? 22.00 Smeltedigel: Qatar 23.00 Takk for sist
23.40 Svisj gull

SVT 1

12.20 Att angöra en brygga 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige
14.55 Val 2010: Utfrågningen 15.55 Sportnytt
16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter
16.15 Go'kväll 17.00 Kulturmystererna
17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi
18.00 Val 2010: Utfrågningen 19.00 Biltokig
20.00 Man On Wire 21.30 Kvalster 22.30 Närbkontakt av tredje graden

SÖGULEG STUND Á PARKEN?

DANMÖRK – ÍSLAND

Í DAG KL. 17:45

Íslendingar mæta Dönum í dag í öðrum leik undankeppni EM 2012. Tekst strákunum okkar loksins að leggja Dani á þeirra heimavelli? Fylgstu með mikilvægum baráttuleik! Tryggðu þér áskrift að Stöð 2 Sport og fáðu besta sætið á frábæra íþróttaviðburði í allan vetur.

EM U21 TÉKKLAND – ÍSLAND

Í DAG KL. 14:45

Missu ekki af því þegar hið stórefnilega U21 landslið okkar mætir Tékkum í undankeppni EM.

EDA

3/4 LÍTRA AF BENSÍNI

EDA

NÆSTUM 1 KLST. Í STÖÐUMÆLI

EDA

10 MÍNÚTUR Í BIÓ

EDA

1 DL AF BJÓR Á BARNUM

ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í BEINNI OG MARGT FLEIRA

Stöð 2 Sport kostar aðeins 140 krónur á dag. Tryggðu þér áskrift í dag!

VILDRÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR

SPORT SPORT SPORT SPORT SPORT

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



FRUMSÝNT

10. SEPT.

2010

WWW.LEIKFELAG.IS

THE ROCKY HORROR SHOW

RICHARD O'BRIEN'S

VISA

KORTHAFAR ATHUGIÐ!

10. SEPTEMBER

ER SÍÐASTI DAGUR SÉRTILBOÐS

KORTHAFAR FÁ MIÐANN

Á AÐEINS 2450 KR.

VENJULEGT MIÐAVERÐ ER 4200 KR.



SALA AÐGÖNGUMIÐA
Á WWW.LEIKFELAG.IS



LEIKFÉLAG
AKUREYRAR



VALITOR

MÍÐASALAN ER OPIN FRÁ 13:00-17:00
MÍÐASALA Í SÍMA 4 600 200

MÍÐASALA Á NETINU: LEIKFELAG.IS
NETFANG: MIDASALA@LEIKFELAG.IS

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hrifinn af RAX

Einn þekktasti listgagnrýnandi Bandaríkjanna, David D'Arcy, lagði leið sína til Íslands til að fylgjast með Listahátíð í Reykjavík. Hann birti af því tilefni dóm á vefsíðunni artnow.com. Athygli vekur að D'Arcy lagði leið sína í bókabúð Crymgeu þar sem hann sá sýningu ljósmyndarans **Ragnars Axelsonar**, RAX, og hann



hrósar henni alveg sérstaklega. Ísmyndir RAX séu uppfullar af „helgimyndalegum andlitsformum sem birtast undan bráðnandi yfirborði íssins,“ skrifar D'Arcy í umfjöllun sinni.

Músikantar horfa til ESB

Samtökin Sterkara Ísland, sem berjast fyrir aðild Íslands að Evrópusambandinu, kusu sér níu manna stjórn fyrir helgi og tæplega níutíu manna framkvæmdaráð. Í framkvæmdaráðinu kennir ýmissa grasa. Þar er fólk úr öllum áttum og öllum stjórnsmálaflokkum, þekkt og óþekkt. Athygli vekur hlutur fólks úr tónlistarlífinu, sem er nokkur. Þannig eru í framkvæmdaráðinu útvarpsmaðurinn **Frosti Logason** úr Mínus, Bergur Ebbs, grínisti og fyrrverandi söngvari Sprengjuhallarinnar, Helgi Pétur Ríó Trío, Unnsteinn Manúel Stefánsson, söngvari Retro Stefson, Grímur Atlason tónleikahaldari, Óttarr Proppé, pönkari og borgarfulltrúi og **Högni Egilsson**, söngvari Hjaltalín.



Mest lesið **VÍSIR.IS**

- 1 Herjólfur getur ekki lengur siglt til Landeyjahafnar
- 2 Handjárnud barin og nauðgað í átta ár
- 3 Landeyjahöfn „eitt stórt klúður“
- 4 Nýtt teppi veldur Obama vandræðum
- 5 X Factor lauk með kjaftshöggi – myndband
- 6 Rannsaka hníf sem unglingar fundu í smábátahöfninni

Gæludýradagar
alla vikuna ;)



LÍFLAND
Lynghálsi 3 Reykjavík
Lónsbakka Akureyri



Gerð gæða- og verðsamanburð

SVEFNSÓFAR



Hágæða svefnsófar.
Íslensk framleiðsla.

Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. **264.900**

BOARD WALLHUGGER



2x90x200

Verð frá **499.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

BOAS

Leður hægindastóll
79.900
Nokkrir litir



BOAS

Leður hægindasófi 3 sæta
verð frá **169.900**
Svefnsófi verð frá **169.900**

SAGA OG ÞÓR


Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**

VALHÖLL/FREYJA

Góð rúm á frábæru verði




Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**



Svefnsófi
með tungu hægri/vinstri og geymslu
Svefnflötur 140x200
Tveir litir, verð **199.000**

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



PROFLEX

2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar.
Íslensk framleiðsla.

Gerð gæða- og verðsamanburð



www.svefn.is